

Málsnr.: 217050105  
Skjalasafn Ráðhúss

15. maí 2017

Bréfalykill: 1360

Greining á áhrifum starfsmats á  
kynbundinn launamun  
hjá Reykjavíkurborg  
2014 og 2015

Apríl 2017



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS





---

**Lýsing á rannsókn**

Unnið fyrir	Reykjavíkurborg
Markmið rannsóknar	Að kanna áhrif breytinga á starfsmati frá 2014 til 2015 á kynbundinn launamun hjá Reykjavíkurborg
Dagsetning skýrsluskila	24. apríl 2017

**Ábyrgðaraðilar**

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Úrvinnsla	Ævar Þórólfsson Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Skýrslugerð	Ævar Þórólfsson Guðbjörg Andrea Jónsdóttir



## EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
Töfluyfirlit.....	4
Myndayfirlit.....	6
Helstu niðurstöður.....	7
Inngangur.....	8
Aðferð.....	9
<i>Pátttakendur.....</i>	9
<i>Launaupplýsingar.....</i>	9
<i>Flokkun starfa.....</i>	9
<i>Starfsmatsstig.....</i>	10
<i>Marktektarpróf.....</i>	10
Niðurstöður.....	12
<i>Bakgrunnsupplýsingar.....</i>	12
<i>Vinnutími.....</i>	21
<i>Grunnlaun.....</i>	21
<i>Heildarlaun.....</i>	31
<i>Starfsmat.....</i>	41
<i>Áhrif starfsmats á leiðréttan kynbundinn launamun.....</i>	50
Samantekt.....	57



## TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1.	Kyn starfsfólks.....	12
Tafla 2.	Skipting starfsfólks eftir aldri .....	13
Tafla 3.	Aldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni .....	14
Tafla 4.	Skipting starfsfólks eftir starfssviði.....	15
Tafla 5.	Starfssvið starfsfólks greint eftir bakgrunni.....	16
Tafla 6.	Skipting starfsfólks eftir starfsheiti .....	17
Tafla 7.	Starfsheiti starfsfólks greint eftir bakgrunni .....	18
Tafla 8.	Skipting starfsfólks eftir starfsaldri .....	19
Tafla 9.	Starfsaldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni.....	20
Tafla 10.	Grunnlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi.....	23
Tafla 11.	Uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	24
Tafla 12.	Grunnlaun – Starfsfólk í fullu starfi .....	26
Tafla 13.	Grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi.....	28
Tafla 14.	Uppreiknuð grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	29
Tafla 15.	Grunnlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi.....	30
Tafla 16.	Heildarlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	32
Tafla 17.	Uppreiknuð heildarlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	33
Tafla 18.	Heildarlaun – Starfsfólk í fullu starfi .....	35
Tafla 19.	Heildarlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi.....	37
Tafla 20.	Uppreiknuð heildarlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	38
Tafla 21.	Heildarlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi .....	39
Tafla 22.	Starfsmatsstig starfsfólks Reykjavíkurborgar - Allt starfsfólk í föstu starfi í febrúar 2014 .....	41
Tafla 23.	Starfsmatsstig starfsfólks Reykjavíkurborgar - Allt starfsfólk í föstu starfi í febrúar 2015 .....	42
Tafla 24.	Samanburður á starfsmatsstigum starfsfólks Reykjavíkurborgar - Starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	43
Tafla 25.	Breyting á fjölda starfsmatsstiga starfsfólks Reykjavíkurborgar - Allt starfsfólk sem var í sama starfi í febrúar 2014 og febrúar 2015 – paraður samanburður.....	45
Tafla 26.	Breyting á fjölda starfsmatsstiga starfsfólks Reykjavíkurborgar eftir kyni- Allt starfsfólk sem var í sama starfi í febrúar 2014 og febrúar 2015 – paraður samanburður.....	46
Tafla 27.	Uppreiknuð heildarlaun karla og kvenna greind eftir stigum starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	47



---

Tafla 28. Leiðréttur kynbundinn munur á starfsmatsstigum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira í febrúar 2014.....	49
Tafla 29. Leiðréttur kynbundinn munur á starfsmatsstigum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira í febrúar 2015.....	50
Tafla 30. Áhrif stiga úr starfsmati á uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira í febrúar 2014.....	52
Tafla 31. Áhrif stiga úr starfsmati á uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira í febrúar 2015.....	53
Tafla 32. Áhrif stiga úr starfsmati á uppreiknuð heildarlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira í febrúar 2014.....	54
Tafla 33. Áhrif stiga úr starfsmati á uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira í febrúar 2015.....	55
Tafla 34. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunn- og heildarlaunum með og án starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira og er með starfsmatsstig .....	56
Tafla 35. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunn- og heildarlaunum með og án starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira og er ekki með starfsmatsstig.....	56

---



## MYNDAYFIRLIT

Mynd 1.	Starfshlutfall karla og kvenna – Allt starfsfólk í föstu starfi.....	21
Mynd 2.	Uppreiknuð heildarlaun greind eftir starfaflokk – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.	40
Mynd 3.	Samsetning meðalheildargreiðslna karla og kvenna – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	40
Mynd 4.	Uppreiknuð heildarlaun karla og kvenna eftir stigum starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	47
Mynd 5.	Uppreiknuð grunnlaun karla og kvenna eftir stigum starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	48



## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Starfsmat á meðal annars að draga úr kynbundnum launamun. Á tímabilinu frá febrúar 2014 til febrúar 2015 voru gerðar ákveðnar breytingar á starfsmati hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar, meðal annars í þessum tilgangi. Þegar horft er til starfsfólks sem er í 70% eða hærra starfshlutfalli fjölgaði starfsmatsstigum meira milli ára hjá konum en körlum. Eftir þessar breytingar voru starfsmatsstig karla og kvenna mjög áþekkt, eða að meðaltali 456 hjá körlum og 451 hjá konum, þó einhver munur hafi verið eftir starfshópum. Þann mun sem er konum í óhag er helst að finna meðal starfsfólks í þjónustu-, sölu- og afgangslustörfum auk ósérhæfðum störfum. Eftir að tekið hafði verið tillit til aldurs, starfsaldurs, starfaflokks, sviðs og starfshlutfalls voru konur að jafnaði með 21 færri starfsmatsstig en karlar árið 2014 en sá munur var kominn niður í tæp 14 stig árið 2015 svo breytingarnar hafa sannarlega náð fram meiri jöfnuði í starfsmatskerfinu.

Leiðréttur kynbundinn launamunur heildarlauna var 0,8% bæði árin 2014 og 2015 meðal starfsfólks í starfsmati Reykjavíkurborgar sem var í að minnsta kosti 70% starfi. Með öðrum orðum, laun kvenna voru 0,8% lægri en laun karla í febrúar 2014 og 2015, eftir að tekið hefur verið tillit til aldurs, starfsaldurs, starfaflokks, starfshlutfalls, fastra og breytilegra yfirvinnustunda, vinnustunda utan venjulegs vinnutíma og starfsmatsstiga. Enginn kynbundinn launamunur var á grunnlaunum að teknu tilliti til áðurnefndra þátta. Þegar ekki er stýrt fyrir áhrifum starfsmatsstiga er leiðréttur kynbundinn launamunur grunnlauna 3,5% árið 2014 og minnkar í 2,2% árið 2015. Í tilfalli heildarlauna var munurinn 3,2% árið 2014 og minnkar í 2,4% árið 2015. Því er ljóst að leiðréttur kynbundinn launamunur hafi minnkað milli áráanna 2014 og 2015.

Meðal starfsfólks sem er í 70% starfshlutfalli eða hærra en er ekki með starfsmatsstig jókst leiðréttur kynbundinn launamunur milli ára, úr 4,5% í 5,2% á grunnlaunum og úr 4,9% í 5,4% í heildarlaunum, konum í óhag.

Breytingar á starfsmatsstigum hafa þannig dregið nokkuð úr leiðréttum kynbundnum launamun, en tvennt sýnir það hvað best. Annars vegar dró úr leiðréttum kynbundnum mun á starfsmatsstigum og hins vegar minnkaði leiðréttur kynbundinn launamunur í þeim hópi starfsfólks sem er með starfsmatsstig. Þá vekur athygli að meðal þess starfsfólks sem ekki er í starfsmati er meiri leiðréttur kynbundinn launamunur auk þess sem hann jókst á milli ára. Þetta gefur til kynna að starfsmatið eitt og sér veiti verulegt aðhald og stuðli að minni kynbundnum launamun.



## INNGANGUR

Frá árinu 1995 hefur Reykjavíkurborg fylgst með kynbundnum launamun hjá starfsfólki sínu<sup>1</sup> og ráðist í ýmsar aðgerðir til að draga úr kynbundnum launamun. Mikið hefur gerst síðan rannsóknir á þessu hófust. Bilið á milli launa karla og kvenna hefur minnkað mikið, en enn hefur ekki tekist að loka því.

Reykjavíkurborg fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera greiningu á því hvort breytingar á starfsmati milli árana 2014 og 2015 hafi dregið úr kynbundnum launamun. Hér voru borin saman laun karla og kvenna fyrir febrúar mánuð árin 2014 og 2015.

Við greiningu gagna voru eftirfarandi spurningar hafðar að leiðarljósi:

1. Er kynbundinn launamunur til staðar meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar í fullu starfi að teknu tilliti til starfs, sviðs (málaflokks), aldurs, starfsaldurs, starfshlutfalls, fjölda yfirvinnustunda og fjölda vinnustunda utan hefðbundins daglegs vinnutíma?
  - a. Ef það er munur, hver var hann í febrúar 2014?
  - b. Ef það er munur, hver var hann í febrúar 2015?
  - c. Hvaða breytingar, ef einhverjar, hafa orðið á kynbundnum launamun milli árana 2014 og 2015?
2. Hafa breytingar á starfsmati milli árana 2014 og 2015 haft áhrif á leiðréttan kynbundinn launamun?
  - a. Þegar leiðrétt er fyrir áhrif starfsmatsstiga, hvaða áhrif hefur það á kynbundinn launamun árin 2014 og 2015?
  - b. Er kynbundinn munur í starfsmatskerfinu?
  - c. Ef það er kynbundinn munur í starfsmatskerfinu, hefur hann breyst milli árana 2014 og 2015?

---

<sup>1</sup> Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (2013). Kynbundinn launamunur: Samantekt um kannanir Reykjavíkurborgar 1995-2012.

---





---

## AÐFERÐ

### Þátttakendur

Rannsóknin náði til alls starfsfólks Reykjavíkurborgar sem var í föstu starfi í febrúar 2014 og 2015. Starfsfólki sem var ekki með skráð starfshlutfall, þ.e. ekki með launaliðinn mánaðarlaun var sleppt úr greiningunni. Greiningin náði því til 7.593 starfsmanna sem voru við störf hjá Reykjavíkurborg í febrúar árið 2014 og 7.706 einstaklinga sem voru við störf í febrúar árið 2015. Við útreikning á leiðréttum launamun voru tveir hópar skoðaðir. Annarsvegar þeir sem voru í 70% starfi eða meira og hinsvegar þeir sem gegndu fullu starfi. Árið 2014 voru 5.926 einstaklingar í 70% starfi eða meira, árið 2015 voru þeir 5.990. Einstaklingar í fullu starfi voru 4.349 árið 2014 og 4.389 árið 2015.

### Launaupplýsingar

Launaupplýsingar voru fengnar úr launabókhaldborgarinnar. Notast var við laun fyrir febrúar-mánuð árin 2014 og 2015, en febrúar þykir frekar dæmigerður mánuður hvað laun varðar. Við úrvinnslu voru skoðuð grunnlaun, yfirvinnugreiðslur, akstursgreiðslur og heildarlaun. Heildarlaun samanstanda af grunnlaunum, yfirvinnu, akstursgreiðslum, orlofsgreiðslum, álagsgreiðslum, bónusum og öðrum hlunnindagreiðslum. Við útreikning á leiðréttum launamun voru grunnlaun þeirra sem ekki unnu fullt starf uppreiknuð í 100% svo þau væru samanburðarhæf við laun þeirra sem gegndu fullu starfi. Aðrar greiðslur voru hinsvegar ekki uppreiknaðar. Ekki er hægt að gefa sér það að einstaklingur sem vinnur í 70% starfshlutfalli myndi endilega auka við sig akstur eða yfirvinnu skyldi hann fara í 100% starf.

### Flokkun starfa

Hjá Reykjavíkurborg er notað ÍSTARF 95 starfaflokkunarkerfi Hagstofu Íslands. Kerfið er sniðið eftir Alþjóðlegu starfaflokkuninni, *International Standard Classification of Occupations*, ISCO-88 sem Alþjóðavinnuálagstofnunin gaf út árið 1990. Störf eru flokkuð eftir eðli starfsins og krafna um kunnáttu.

Í þessari greiningu var grófasta flokkun ÍSTARF 95 notuð. Það eru flokkarnir: 1) kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur 2) sérfræðingar, 3) tæknar og sérmenntað starfsfólk, 4) skrifstofufólk, 5) fólk í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum, 6) bændur og fiskimenn, 7) iðnaðarfólk og sérhæft iðnverkafólk, 8) véla- og vélgæslufólk og 9) ósérhæft starfsfólk. Vegna þess hversu fáir sinna störfum í flokkum 6, 7 og 8 voru þeir sameinaðir fyrir úrvinnslu.



---

## Starfsmatsstig

Í þessum gögnum voru 4.820 starfsmenn með starfsmatsstig árið 2014 og árið 2015 voru þeir 4.893, eða nokkuð svipaður fjöldi. Þegar á heildina er litið hækkaði starfsmat um að jafnaði ríflega 37 stig, þó það hafi verið nokkuð ólíkt eftir hópum auk þess sem margir þættir hafa áhrif á heildarmyndina, sem dæmi fjöldi starfsfólks í tilteknum störfum o.fl. Ef eingöngu er horft til þeirra 3.043 starfsmanna sem voru í sama starfi og sömu starfsstöð bæði árin 2014 og 2015 og með starfsmatsstig í báðum tilfellum, þá var meðalaukning starfsmatsstiga rúmlega 36 stig.

## Marktektarpróf

Í þessari rannsókn er athugað hver laun eru hjá fastráðnu starfsfólki Reykjavíkurborgar og því er fastráðið starfsfólk borgarinnar þýði rannsóknarinnar. Rannsóknin er þýðisrannsókn, þ.e. við höfum gögn um allt þýðið og þá þarf strangt til tekið ekki að birta niðurstöður marktektarprófa, vegna þess að tilgangur marktektarprófa er að draga ályktun út frá úrtaksupplýsingum og yfirfæra á þýði. Þetta er best útskýrt með dæmi. Úrtaksrannsókn á hamingju Íslendinga eftir kyni gæti falið í sér að spyrja 1.000 Íslendinga hvort þeir séu hamingjusamir. Ef marktækur munur væri á meðaltölum karla og kvenna gætum við ályktað að munurinn sem við fundum í úrtaki okkar eigi einnig við um allt þýðið okkar, alla Íslendinga sem sagt. Alveg eins þýðisrannsókn myndi fela í sér að spyrja alla Íslendinga hvort þeir væru hamingjusamir. Hér væri marktektarpróf óþarft því munurinn á hamingju karla og kvenna sem fram kæmi væri raunverulegur munur á hamingju karla og kvenna í þýði, það þyrfti ekki að álykta neitt.

Hér er fastráðið starfsfólk Reykjavíkurborgar þýðið þar sem gögnin sem greind eru geyma upplýsingar um allt þýðið. Þrátt fyrir það eru birtar niðurstöður marktektarprófa, sem má hafa til hliðsjónar. Notast var við Kí-kvaðratpróf, dreifigreiningu og aðhvarfsgreiningu, eftir því hvað átti við hverju sinni, til að athuga tölfræðilega marktekt.

Kí-kvaðrat marktektarprófið segir okkur hvort marktækur munur er á hlutföllum mismunandi hópa. Marktækur munur er gefinn til kynna með stjörnum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% ( $p \leq 0,05$ ) líkur séu á því að munur sem sést á milli hópa komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu, þ.e. á meðal alls starfsfólks Reykjavíkurborgar. Tvær stjörnur þýða að innan við 1% líkur ( $p \leq 0,01$ ) séu á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu og þrjár stjörnur þýða að innan við 0,1% ( $p \leq 0,001$ ) líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu.

Dreifigreining (*one-way analysis of variance*) var notuð til að sjá hvort marktækur munur væri á meðaltölum ólíkra hópa. Dreifigreining prófar þá núlltilgátu að úrtök hópa séu dregin úr þýðum sem



hafa sömu meðaltöl. Ef próf er marktækt við 0,05 mörk má segja að innan við 5% líkur séu á að draga úrtök sem gefa þessi ólíku meðaltöl ef enginn munur er á milli hópanna í þýði.

Línuleg aðhvarfsgreining (*Ordinary least squares regression*) var notuð til að athuga hvort kynbundinn launamunur væri til staðar þegar öðrum breytum var haldið föstum. Það er, athugað var hver kynbundinn launamunur var þegar tillit hefur verið tekið til starfs, sviðs (málaflokk), aldurs, starfsaldurs, starfshlutfalls, fjölda yfirvinnustunda og fjölda vinnustunda utan venjulegs vinnutíma. Með þessu móti má greina áhrif mismunandi þátta á laun. Því er hægt að sjá hver kynbundinn launamunur er hjá einstaklingum sem eru jafn gamlir, hafa jafn háan starfsaldur, sinna sambærilegu starfi, vinna á sama sviði, eru í sama starfshlutfalli, með jafnan fjölda breytilegra yfirvinnustunda og jafn marga tíma utan venjulegs vinnutíma. Í aðhvarfsgreiningu voru upplýsingar um laun settar á lógarípmískan kvarða. Ástæðan fyrir þessu er að laun eru ekki normaldreifð heldur jákvætt skekkt, en normaldreifing fylgibreytu er ein forsenda aðhvarfsgreiningar og við það að taka lógarípma af launum nálgast breytan normaldreifingu.


## NIÐURSTÖÐUR

Hér verður greint frá niðurstöðum launagreiningar. Fyrst eru birtar fjöldatölur og hlutföll fyrir bakgrunnspætti. Þá eru birtar upplýsingar um laun eftir bakgrunnspáttum þar sem má sjá upplýsingar um grunnlaun og heildarlaun. Að lokum eru birtar niðurstöður aðhvarfsgreiningar um kynbundinn launamun.

### Bakgrunnsupplýsingar

Eftirfarandi myndir og töflur sýna hlutfall svarenda skipt eftir þeim bakgrunnspáttum sem gögn voru greind eftir. Töflurnar sýna upplýsingar um allt fastráðið starfsfólk Reykjavíkurborgar.


**Tafla 1. Kyn starfsfólks**



Árið 2014 voru konur 75% starfsfólks og 76% árið 2015 (sjá töflu 1). Meðalaldur starfsfólks hjá Reykjavíkurborg var 43,3 ár árið 2014 (staðalfrávik = 13,7) en 43,4 árið 2015 (staðalfrávik = 13,7). Í töflu 3 má sjá aldursdreifingu eftir öðrum bakgrunnspáttum. Þar má helst nefna að nokkuð hærra hlutfall karla en kvenna er yngra en 30 ára en á móti er hlutfall kvenna á aldrinum 40-49 ára hærra en karla. Þá er yngra starfsfólk í meira mæli á sviðunum ÍTR, SFS og VEL miðað við önnur svið. Þá eru stjórnendur og sérfræðingar að jafnaði eldri en þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, yngra starfsfólkið er í mun meira mæli í lægra starfshlutfalli en 70% auk þess sem aldur tengist starfsaldri nokkuð sterkt eins og búast má við. Þessi aldursdreifing er mjög áþekk á árunum 2014 og 2015.



Tafla 2. Skipting starfsfólks eftir aldri




Tafla 3. Aldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni

	Yngri en 30 ára	30 til 39 ára	40 til 49 ára	50 til 59 ára	60 ára og eldri	Fjöldi
<b>2014</b>						
<b>Heild</b>	22%	21%	21%	23%	14%	7593
<b>Kyn ***</b>						
Karlar	31%	20%	16%	19%	14%	1867
Konur	19%	21%	23%	24%	14%	5726
<b>Svið ***</b>						
Skrifstofur Ráðhúss	8%	24%	26%	24%	19%	301
ÍTR - Íþróttá- og íómslundasvið	26%	15%	19%	21%	19%	212
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	6%	22%	18%	26%	28%	176
SFS - Skóla- og fristundasvið	24%	21%	22%	21%	11%	4748
USK - Umhverfis og skipulagssvið	11%	13%	25%	32%	20%	392
VEL - Velferðarsvið	21%	21%	18%	24%	16%	1764
<b>Starfsheiti ***</b>						
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	2%	12%	28%	39%	19%	458
Sérfræðingar	8%	27%	27%	25%	13%	2927
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	19%	15%	19%	25%	21%	853
Skrifstofufólk	5%	18%	20%	33%	23%	130
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	42%	18%	14%	15%	11%	2837
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	5%	2%	16%	49%	28%	43
Ósérhæft starfsfólk	19%	14%	24%	26%	16%	326
<b>Starfsaldur ***</b>						
Styttri en 2 ár	58%	21%	8%	10%	3%	532
2 til 4,9 ár	39%	26%	17%	13%	6%	1397
5 til 9,9 ár	13%	35%	24%	19%	9%	1505
10 til 14,9 ár	1%	23%	36%	27%	14%	1088
15 ár eða lengri	0%	4%	24%	43%	28%	1861
<b>Starfshlutfall ***</b>						
Fullt starf	15%	21%	24%	26%	14%	4349
Hlutastarfi 70-99%	19%	22%	21%	23%	15%	1577
Hlutastarfi 1-69%	42%	19%	13%	13%	12%	1667
<b>2015</b>						
<b>Heild</b>	22%	21%	21%	22%	14%	7706
<b>Kyn ***</b>						
Karlar	30%	21%	15%	18%	15%	1856
Konur	19%	21%	22%	23%	14%	5850
<b>Svið ***</b>						
Skrifstofur Ráðhúss	7%	25%	24%	23%	21%	294
ÍTR - Íþróttá- og íómslundasvið	30%	16%	16%	20%	18%	220
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	8%	19%	22%	23%	28%	177
SFS - Skóla- og fristundasvið	24%	21%	22%	21%	12%	4818
USK - Umhverfis og skipulagssvið	11%	14%	21%	31%	23%	401
VEL - Velferðarsvið	20%	23%	17%	23%	17%	1796
<b>Starfsheiti ***</b>						
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	2%	13%	27%	38%	21%	488
Sérfræðingar	9%	27%	26%	24%	14%	3018
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	18%	15%	19%	25%	23%	826
Skrifstofufólk	11%	17%	19%	31%	22%	151
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	42%	20%	14%	14%	10%	2839
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	5%	5%	17%	36%	38%	42
Ósérhæft starfsfólk	16%	15%	23%	29%	17%	324
<b>Starfsaldur ***</b>						
Styttri en 2 ár	63%	22%	7%	6%	2%	518
2 til 4,9 ár	45%	27%	14%	10%	5%	1792
5 til 9,9 ár	14%	34%	23%	18%	11%	1688
10 til 14,9 ár	1%	25%	35%	24%	14%	1131
15 ár eða lengri	0%	3%	23%	42%	32%	2071
<b>Starfshlutfall ***</b>						
Fullt starf	14%	21%	24%	26%	15%	4389
Hlutastarfi 70-99%	20%	24%	19%	22%	15%	1601
Hlutastarfi 1-69%	42%	18%	13%	13%	14%	1716

Mærktækur munur er á hópum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt.

Stærsta starfssvið borgarinnar er skóla- og frístundasvið. Rúm 60% starfsfólks Reykjavíkurborgar unnu hjá skóla- og frístundasviði árin 2014 og 2015 (sjá töflu 4). Megnið af þeim voru grunn- eða leikskólakennarar eða leiðbeinendur í leik- og grunnskólum.

Tafla 4. Skipting starfsfólks eftir starfssviði



Í töflu 5 má sjá starfssvið greint eftir bakgrunni. Í öllum flokkum var marktækur munur. Þannig má sjá að hlutfallslega fleiri karlar en konur unnu hjá skrifstofum Ráðhúss, ÍTR og USK. Einnig má sjá að 67% kvenna störfuðu hjá skóla- og frístundasviði en einungis 49% karla árin 2014 og 2015.

Tafla 5. Starfssvið starfsfólks greint eftir bakgrunni

	Skrifstofur Ráðhúss	ITR - Iþrótt- og tömsundasvið	MOF - Menningar- og ferðamálasvið	SFS - Skóla- og frístundasvið	USK - Umhverfis- og skipulagsvið	VEL - Velferðarsvið	Fjöldi
<b>2014</b>							
<b>Heild</b>	4%	3%	2%	63%	5%	23%	7593
<b>Kyn ***</b>							
Karlar	7%	6%	3%	49%	16%	19%	1867
Konur	3%	2%	2%	67%	2%	25%	5726
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	1%	3%	1%	69%	3%	23%	1663
30 til 39 ára	5%	2%	2%	64%	3%	24%	1567
40 til 49 ára	5%	3%	2%	65%	6%	19%	1599
50 til 59 ára	4%	3%	3%	59%	7%	24%	1716
60 til 75 ára	5%	4%	5%	51%	7%	27%	1048
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	6%	4%	3%	50%	6%	32%	458
Sérfræðingar	5%	0%	3%	77%	2%	13%	2927
Tæknar og sémenntað starfsfólk	7%	3%	4%	49%	8%	29%	853
Skrifstofufólk	38%	1%	7%	22%	6%	26%	130
Þjónustur-, sölu- og afgreiðslufólk	1%	5%	0%	62%	0%	32%	2837
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	5%	12%	7%	2%	72%	2%	43
Ósérhæft starfsfólk	5%	2%	2%	13%	58%	21%	326
<b>Starfsaldur ***</b>							
Styttri en 2 ár	4%	3%	2%	66%	4%	21%	532
2 til 4,9 ár	4%	2%	1%	51%	4%	38%	1397
5 til 9,9 ár	5%	3%	2%	59%	4%	27%	1505
10 til 14,9 ár	4%	3%	3%	67%	6%	18%	1088
15 ár eða lengri	3%	3%	3%	69%	8%	14%	1861
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	6%	2%	2%	65%	8%	16%	4349
Hlutastarf 70-99%	1%	5%	2%	54%	2%	37%	1577
Hlutastarf 1-69%	1%	2%	2%	64%	1%	29%	1667
<b>2015</b>							
<b>Heild</b>	4%	3%	2%	63%	5%	23%	7706
<b>Kyn ***</b>							
Karlar	7%	7%	2%	49%	16%	20%	1856
Konur	3%	2%	2%	67%	2%	25%	5850
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	1%	4%	1%	70%	3%	21%	1674
30 til 39 ára	4%	2%	2%	63%	3%	25%	1630
40 til 49 ára	4%	2%	2%	66%	5%	20%	1590
50 til 59 ára	4%	3%	2%	60%	7%	24%	1695
60 til 75 ára	6%	3%	4%	50%	8%	28%	1117
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	5%	4%	3%	48%	6%	33%	488
Sérfræðingar	4%	1%	3%	77%	2%	13%	3018
Tæknar og sémenntað starfsfólk	8%	2%	5%	47%	9%	28%	826
Skrifstofufólk	33%	0%	7%	21%	1%	37%	151
Þjónustur-, sölu- og afgreiðslufólk	0%	5%	0%	63%	0%	31%	2839
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	2%	14%	2%	0%	81%	0%	42
Ósérhæft starfsfólk	3%	1%	2%	14%	60%	21%	324
<b>Starfsaldur ***</b>							
Styttri en 2 ár	3%	2%	2%	75%	2%	16%	518
2 til 4,9 ár	4%	3%	2%	59%	5%	28%	1792
5 til 9,9 ár	5%	2%	2%	53%	3%	35%	1688
10 til 14,9 ár	4%	3%	3%	67%	5%	18%	1131
15 ár eða lengri	3%	3%	3%	68%	8%	15%	2071
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	6%	2%	2%	66%	8%	16%	4389
Hlutastarf 70-99%	1%	5%	2%	54%	2%	36%	1601
Hlutastarf 1-69%	1%	3%	3%	62%	1%	30%	1716

Marktækur munur er á höpum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt.



Umtalsverður munur var á hlutfalli starfsfólks í ólíkum störfum (sjá töflu 6). Um tveir af hverjum fimm unnu sérfræðistörf og nærri jafn stór hluti þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörf.

**Tafla 6. Skipting starfsfólks eftir starfsheiti**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
<b>2014</b>			
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	458	6%	■ 6%
Sérfræðingar	2927	39%	■ 39%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	853	11%	■ 11%
Skrifstofufólk	130	2%	2%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	2837	37%	■ 37%
Lönaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	43	1%	1%
Ósérhæft starfsfólk	326	4%	■ 4%
<b>Alls</b>	<b>7574</b>	<b>100%</b>	
<b>2015</b>			
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	488	6%	■ 6%
Sérfræðingar	3018	39%	■ 39%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	826	11%	■ 11%
Skrifstofufólk	151	2%	2%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	2839	37%	■ 37%
Lönaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	42	1%	1%
Ósérhæft starfsfólk	324	4%	■ 4%
<b>Alls</b>	<b>7688</b>	<b>100%</b>	

0% 25% 50% 75% 100%

Hlutfall karla og kvenna var nokkuð svipað eftir starfaflokkum, að undanskildum sérfræðingum og ósérhæfðu starfsfólki. Hlutfallslega fleiri konur en karlar voru sérfræðingar bæði árin, eða 43% samanborið við 26-27% karla (sjá töflu 7). Hærra hlutfall karla gegndi ósérhæfðum störfum. Því eldra sem starfsfólk var, því líklegra var að það ynni sem stjórnendur eða tæknar, en hlutfall sérfræðinga var mjög svipað í öllum aldurshópum yfir þrítugu. Yngra fólkið vann frekar þjónustustörf.

Dreifing starfa hjá mismunandi sviðum borgarinnar var mjög ólík. Til dæmis vann um helmingur starfsfólks Ráðhúss Reykjavíkur, MOF og SFS við sérfræðistörf árin 2014 og 2015 en rúmur helmingur starfsfólks hjá VEL og tveir þriðju starfsfólks ÍTR í þjónustustörfum.

Svipað samband var á milli starfsaldurs og starfa eins og milli aldurs og starfa. Eftir því sem fólk hafði unnið lengur, því líklegra var það til að sinna sérhæfðari störfum. Fólk sem hafði unnið styttra var frekar í þjónustustörfum. Tengsl starfa og starfshlutfalls var eins og við mátti búast. Hlutfallslega

flestir sem unnu fullt starf voru sérfræðingar, eða 47-49% árin 2014 og 2015. Um þrír af hverjum fimm sem voru í undir 70% starfshlutfalli unnu þjónustu- sölu- eða afgreiðslustörf.


**Tafla 7. Starfsheiti starfsfólks greint eftir bakgrunni**

	Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og sjómændur	Sérfræðingar	Tæknar og sérmenntað starfsfólk	Skrifstofufólk	Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	Lönaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	Ósérhæft starfsfólk	Fjöldi
<b>2014</b>								
<i>Heild</i>	6%	39%	11%	2%	37%	1%	4%	7574
<i>Kyn ***</i>								
Karlar	6%	26%	12%	1%	42%	2%	10%	1859
Konur	6%	43%	11%	2%	36%	0%	2%	5715
<i>Aldur ***</i>								
18 til 29 ára	0%	15%	10%	0%	71%	0%	4%	1661
30 til 39 ára	4%	50%	8%	2%	33%	0%	3%	1564
40 til 49 ára	8%	49%	10%	2%	25%	0%	5%	1596
50 til 59 ára	11%	43%	13%	3%	25%	1%	5%	1710
60 til 75 ára	8%	36%	17%	3%	29%	1%	5%	1043
<i>Svið ***</i>								
Skrifstofur Ráðhúss	9%	44%	19%	16%	5%	1%	5%	299
ÍTR - Íþrótt- og tömstundasvið	8%	7%	10%	0%	69%	2%	3%	212
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	8%	53%	21%	5%	8%	2%	3%	176
SFS - Skóla- og frístundasvið	5%	48%	9%	1%	37%	0%	1%	4734
USK - Umhverfis og skipulagssvið	7%	16%	17%	2%	1%	8%	49%	390
VEL - Velferðarsvið	8%	21%	14%	2%	51%	0%	4%	1763
<i>Starfsaldur ***</i>								
Styttri en 2 ár	1%	22%	7%	2%	63%	0%	6%	532
2 til 4,9 ár	4%	28%	10%	1%	52%	1%	5%	1394
5 til 9,9 ár	5%	40%	13%	2%	37%	0%	3%	1500
10 til 14,9 ár	5%	52%	14%	2%	23%	1%	4%	1087
15 ár eða lengri	13%	52%	12%	2%	16%	1%	4%	1857
<i>Starfshlutfall ***</i>								
Fullt starf	9%	47%	8%	2%	28%	1%	5%	4330
Hlutasarf 70-99%	2%	32%	18%	2%	42%	0%	4%	1577
Hlutasarf 1-69%	1%	24%	12%	1%	59%	0%	2%	1667
<b>2015</b>								
<i>Heild</i>	6%	39%	11%	2%	37%	1%	4%	7688
<i>Kyn ***</i>								
Karlar	7%	27%	11%	1%	42%	2%	10%	1850
Konur	6%	43%	11%	2%	35%	0%	2%	5838
<i>Aldur ***</i>								
18 til 29 ára	0%	15%	9%	1%	71%	0%	3%	1673
30 til 39 ára	4%	50%	7%	2%	34%	0%	3%	1624
40 til 49 ára	8%	50%	10%	2%	25%	0%	5%	1587
50 til 59 ára	11%	43%	12%	3%	24%	1%	6%	1690
60 til 75 ára	9%	38%	17%	3%	27%	1%	5%	1114
<i>Svið ***</i>								
Skrifstofur Ráðhúss	9%	45%	22%	17%	3%	0%	4%	293
ÍTR - Íþrótt- og tömstundasvið	8%	8%	9%	0%	71%	3%	1%	220
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	10%	51%	23%	6%	6%	1%	3%	177
SFS - Skóla- og frístundasvið	5%	48%	8%	1%	37%	0%	1%	4802
USK - Umhverfis og skipulagssvið	7%	15%	19%	0%	1%	8%	48%	401
VEL - Velferðarsvið	9%	22%	13%	3%	49%	0%	4%	1795
<i>Starfsaldur ***</i>								
Styttri en 2 ár	0%	21%	10%	2%	63%	0%	3%	517
2 til 4,9 ár	2%	29%	8%	2%	53%	1%	5%	1789
5 til 9,9 ár	6%	37%	11%	2%	40%	0%	3%	1683
10 til 14,9 ár	5%	54%	12%	2%	23%	0%	4%	1128
15 ár eða lengri	13%	51%	12%	2%	16%	1%	4%	2068
<i>Starfshlutfall ***</i>								
Fullt starf	10%	49%	8%	2%	26%	1%	5%	4371
Hlutasarf 70-99%	2%	32%	17%	2%	42%	0%	4%	1601
Hlutasarf 1-69%	1%	21%	12%	2%	60%	0%	3%	1716

Marktækur munur er á höpnum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt.

Í töflu 8 má sjá að um þrjár af hverjum 10 starfsmönnum Reykjavíkurborgar hafa unnið í 15 ár eða lengur en fæstir hafa einungis unnið hjá borginni í stuttan tíma, skemur en 2 ár, eða 7-8% starfsfólks. Þess skal getið að ekki voru tiltækar upplýsingar um starfsaldur allra starfsmanna og á það sérstaklega við um árið 2014.

**Tafla 8. Skipting starfsfólks eftir starfsaldri**



Í töflu 9 má sjá starfsaldur flokkaðan eftir bakgrunnspáttum. Karlar virðast staldra styttra við hjá borginni heldur en konur. Um helmingur kvenna hefur verið 10 ár eða lengur í starfi, en það sama á við um þriðjung karla. Aldur helst í hendur við starfsaldur eins og sést í töflunni. Ungu fólkið hefur að jafnaði stystan starfsaldur og þeir elstu lengstan. Þess skal getið að upplýsingar um starfsaldur vantaði á nokkurn hluta starfsmanna fyrir árið 2014 og hefur það því áhrif á hlutfallstölur í töflu 9.

Dreifing starfsaldurs er almennt mikil á öllum starfssviðum borgarinnar. Það veur þó athygli að um tveir af hverjum fimm starfsmönnum USK hafa starfað hjá Reykjavíkurborg í að minnsta kosti 15 ár og svipað á við um dreifingu starfsaldurs hjá MOF. Einungis 17-18% starfsfólks VEL hefur svo langan starfsaldur. Framgangur í starfi virðist skipta nokkru um hve lengi fólk starfar hjá borginni. Til dæmis hafa rúmir tveir þriðju stjórnenda unnið lengur en 10 ár hjá Reykjavíkurborg, en hlutfallið er nokkuð lægra meðal fólks sem tilheyrir öðrum starfaflokkum.


Tafla 9. Starfsaldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni

	Styttri en 2 ár	2 til 4,9 ár	5 til 9,9 ár	10 til 14,9 ár	15 ár eða lengri	Fjöldi
<b>2014</b>						
<b>Heild</b>	8%	22%	24%	17%	29%	6383
<b>Kyn ***</b>						
Karlar	11%	30%	24%	12%	22%	1467
Konur	7%	19%	23%	18%	31%	4916
<b>Aldur ***</b>						
18 til 29 ára	29%	52%	18%	1%	0%	1053
30 til 39 ára	9%	27%	40%	19%	6%	1324
40 til 49 ára	3%	16%	24%	26%	31%	1477
50 til 59 ára	3%	11%	17%	18%	50%	1609
60 til 75 ára	2%	9%	15%	17%	57%	920
<b>Svið ***</b>						
Skrifstofur Ráðhúss	8%	22%	31%	16%	23%	248
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	8%	16%	24%	20%	32%	172
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	8%	13%	17%	20%	42%	152
SFS - Skóla- og fristundasvið	9%	18%	23%	18%	32%	3965
USK - Umhverfis og skipulagssvið	6%	17%	16%	18%	43%	341
VEL - Velferðarsvið	8%	35%	27%	13%	17%	1505
<b>Starfsheiti ***</b>						
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og sjómendur	1%	14%	16%	12%	57%	426
Sérfræðingar	4%	15%	23%	21%	37%	2645
Tæknar og sémenntað starfsfólk	5%	18%	27%	21%	29%	730
Skrifstofufólk	9%	14%	23%	19%	34%	118
Þjónust-, sölu- og afgreiðslufólk	16%	33%	26%	12%	14%	2160
lónaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	3%	18%	13%	18%	47%	38
Ósérhæft starfsfólk	13%	25%	18%	17%	28%	253
<b>Starfshlutfall ***</b>						
Fullt starf	6%	19%	23%	18%	34%	3778
Hlutastarfi 70-99%	6%	23%	26%	19%	26%	1355
Hlutastarfi 1-69%	17%	30%	23%	12%	18%	1250
<b>2015</b>						
<b>Heild</b>	7%	25%	23%	16%	29%	7200
<b>Kyn ***</b>						
Karlar	8%	34%	24%	12%	21%	1702
Konur	7%	22%	23%	17%	31%	5498
<b>Aldur ***</b>						
18 til 29 ára	24%	58%	17%	1%	0%	1382
30 til 39 ára	7%	32%	38%	19%	5%	1528
40 til 49 ára	2%	16%	25%	26%	31%	1536
50 til 59 ára	2%	11%	19%	17%	52%	1656
60 til 75 ára	1%	8%	17%	15%	60%	1098
<b>Svið ***</b>						
Skrifstofur Ráðhúss	5%	26%	29%	16%	24%	279
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	5%	27%	18%	20%	31%	192
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	6%	17%	17%	20%	40%	172
SFS - Skóla- og fristundasvið	9%	23%	20%	17%	31%	4501
USK - Umhverfis og skipulagssvið	2%	24%	15%	14%	44%	376
VEL - Velferðarsvið	5%	29%	35%	12%	18%	1680
<b>Starfsheiti ***</b>						
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og sjómendur	0%	8%	22%	12%	57%	479
Sérfræðingar	4%	18%	22%	21%	36%	2920
Tæknar og sémenntað starfsfólk	7%	19%	24%	18%	32%	772
Skrifstofufólk	8%	20%	27%	12%	33%	144
Þjónust-, sölu- og afgreiðslufólk	13%	37%	26%	10%	13%	2538
lónaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	0%	23%	15%	13%	50%	40
Ósérhæft starfsfólk	5%	34%	18%	14%	29%	292
<b>Starfshlutfall ***</b>						
Fullt starf	5%	21%	23%	17%	33%	4199
Hlutastarfi 70-99%	5%	26%	28%	16%	26%	1504
Hlutastarfi 1-69%	16%	35%	20%	11%	18%	1497

Marktækur munur er á hópum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt.

## Vinnutími

Karlar voru að jafnaði í örlítið lægra starfshlutfalli en konur. Meðalstarfshlutfall karla árið 2014 var 84% en 85% hjá konum, árið 2015 var það 82% og 85%. Þó var algengara að karlar ynnu fullt starf, eins og sjá má á mynd 1. Árið 2014 var 62% karla í fullu starfi og 56% kvenna og árið 2015 var 59% karla í fullu starfi og 56% kvenna. Mun algengara var að konur væru í 70-99% starfshlutfalli en karlar.



Mynd 1. Starfshlutfall karla og kvenna – Allt starfsfólk í föstu starfi

## Grunnlaun

Meðalgrunnlaun árið 2014 voru rúmar 272 þúsund krónur og röskar 302 þúsund krónur árið 2015. Marktækur munur var á grunnlaunum allra bakgrunnshópa. Það munaði 9.193 krónum á grunnlaunum kynjanna árið 2014, konum í hag. Heldur meiri munur var árið 2015, en þá voru meðalgrunnlaun karla rúmar 289 þúsund krónur en kvenna rúmar 306 þúsund krónur (sjá töflu 10).

Grunnlaun hækka að jafnaði með auknum aldri, að undanskildum elsta aldurshópnum sem er að jafnaði með lægri laun en bæði hópurinn 50-59 ára og 40-49 ára. Þetta má meðal annars rekja til þess að þeir eldri unnu önnur störf. Eins og sjá má í töflu 7 þá voru þeir sem voru yfir sextugu sjaldnar í tekjuhærri störfum. Til að mynda var ríflega þriðjungur þeirra í sérfræðistörfum á meðan nær helmingur hinna aldurshópanna gegndi sérfræðistörfum (að undanskildum yngsta aldurshópnum).

Laun skýrast að miklu leyti af þeim störfum sem fólk gegnir. Betur er greitt fyrir störf stjórnenda en önnur störf hjá borginni. Neðri fjórðungamörk grunnlauna stjórnenda árið 2014 voru um 14 þús.kr.



hærrí en efri fjórðungamörk sérfræðinga. Sömu sögu var að segja árið 2015 en þá munaði um 12 þús. kr. (sjá töflu 10).

Meðalgrunnlaun á mismunandi sviðum borgarinnar voru á bilinu 249 – 353 þúsund krónur árið 2014 og 269 – 385 þúsund krónur árið 2015. Lægst voru meðallaun að jafnaði hjá ÍTR og VEL. Það skýrist væntanlega að hluta til af því að miklu færra starfsfólk sviðsins gegndi störfum sem krefjast sérhæfingar og margir unnu þar þjónustustörf, en bæði árin 2014 og 2015 voru um og yfir tveir þriðju hlutar starfsfólks í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum (sjá töflu 7). Auk þess var helmingur starfsfólks ÍTR í hlutastarfi.

Áhrif starfsaldurs á uppreiknuð meðalgrunnlaun voru stigvaxandi. Samband starfsaldurs og launa var þó mjög svipað og samband aldurs og launa, þ.e. sveiglinulaga. Laun hækka tiltölulega hratt fyrstu árin en með lengri starfsaldri minnkar ávinningurinn.

Uppreiknuð grunnlaun voru að meðaltali 313.154 krónur árið 2014 hjá öllum þeim sem voru í föstu starfi og voru í a.m.k. 70% starfi (sjá töflu 11). Árið 2015 voru uppreiknuð meðalgrunnlaun hjá þessum hópi 348.752 krónur. Konur og karlar voru með mjög áþekkt grunnlaun bæði árin, einungis munaði um 1-2 þúsund krónum. Hæst voru uppreiknuð grunnlaun á skrifstofum Ráðhúss, en þau námu rúmum 366 þúsund krónum árið 2014 og 401 þúsund árið 2015. Lægst voru grunnlaunin hjá ÍTR.

Tafla 10. Grunnlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Meðaltal	Neðri fjórðungs-			Efri fjórðungs-		Meðaltal í þús. króna
		Staðafrávik	mörk	Miðgildi	mörk	Fjöldi svara	
<b>2014</b>							
<b>Héild</b>	272.425 kr.	120.538 kr.	195.674 kr.	253.691 kr.	352.716 kr.	7593	272
<b>Kyn **</b>							
Karlar	265.492 kr.	132.627 kr.	175.082 kr.	244.515 kr.	343.035 kr.	1867	265
Konur	274.685 kr.	116.248 kr.	200.015 kr.	258.260 kr.	357.665 kr.	5726	275
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	185.524 kr.	77.024 kr.	115.819 kr.	197.251 kr.	224.978 kr.	1663	186
30 til 39 ára	266.603 kr.	97.543 kr.	206.361 kr.	270.802 kr.	336.862 kr.	1567	267
40 til 49 ára	309.193 kr.	120.414 kr.	232.173 kr.	311.033 kr.	372.963 kr.	1599	309
50 til 59 ára	316.090 kr.	125.877 kr.	233.334 kr.	310.435 kr.	380.721 kr.	1716	316
60 til 75 ára	291.430 kr.	126.592 kr.	204.209 kr.	267.606 kr.	361.120 kr.	1048	291
<b>Starfsheldi ***</b>							
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	508.425 kr.	156.146 kr.	394.723 kr.	489.366 kr.	585.169 kr.	458	508
Sérfræðingar	329.962 kr.	85.515 kr.	298.637 kr.	351.745 kr.	380.721 kr.	2927	330
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	245.437 kr.	88.320 kr.	181.328 kr.	246.914 kr.	304.730 kr.	853	245
Skrifstofufólk	238.731 kr.	68.344 kr.	199.933 kr.	258.260 kr.	280.411 kr.	130	239
Þjónustur-, sölu- og afgreiðslufólk	189.615 kr.	65.677 kr.	126.039 kr.	214.303 kr.	234.446 kr.	2837	190
Iðnaðarmenn, vélgaðslufólk, bændur og fiskimenn	301.183 kr.	57.671 kr.	289.843 kr.	312.634 kr.	333.740 kr.	43	301
Ósérhætt starfsfólk	218.882 kr.	52.844 kr.	185.747 kr.	226.146 kr.	244.597 kr.	326	219
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	352.890 kr.	141.563 kr.	279.554 kr.	327.372 kr.	406.690 kr.	301	353
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	254.045 kr.	109.418 kr.	209.218 kr.	230.195 kr.	290.072 kr.	212	254
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	277.673 kr.	140.451 kr.	195.950 kr.	265.531 kr.	338.302 kr.	176	278
SFS - Skóla- og frístundasvið	272.751 kr.	115.635 kr.	198.237 kr.	265.231 kr.	359.056 kr.	4748	273
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	321.097 kr.	120.168 kr.	233.334 kr.	293.376 kr.	388.230 kr.	392	321
VEL - Vælförðarsvið	248.695 kr.	119.671 kr.	166.173 kr.	230.737 kr.	320.776 kr.	1764	249
<b>Starfsaldur ***</b>							
Slyttri en 2 ár	196.382 kr.	92.468 kr.	114.506 kr.	212.189 kr.	231.661 kr.	532	196
2 til 4,9 ár	239.076 kr.	101.931 kr.	163.807 kr.	228.509 kr.	306.419 kr.	1397	239
5 til 9,9 ár	273.208 kr.	106.642 kr.	210.033 kr.	263.394 kr.	339.953 kr.	1505	273
10 til 14,9 ár	304.788 kr.	115.222 kr.	234.446 kr.	307.536 kr.	370.776 kr.	1088	305
15 ár eða lengri	336.199 kr.	126.986 kr.	249.125 kr.	351.745 kr.	389.224 kr.	1861	336
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	339.206 kr.	102.963 kr.	253.441 kr.	333.806 kr.	380.721 kr.	4349	339
Hlutastarfar 70-99%	241.310 kr.	56.338 kr.	197.400 kr.	224.457 kr.	282.741 kr.	1577	241
Hlutastarfar 1-69%	127.636 kr.	44.784 kr.	96.597 kr.	119.637 kr.	152.947 kr.	1657	128
<b>2015</b>							
<b>Héild</b>	302.098 kr.	136.253 kr.	213.078 kr.	280.946 kr.	402.472 kr.	7706	302
<b>Kyn ***</b>							
Karlar	289.291 kr.	149.267 kr.	181.831 kr.	261.627 kr.	384.970 kr.	1856	289
Konur	306.161 kr.	131.609 kr.	220.785 kr.	290.609 kr.	405.800 kr.	5850	306
<b>Aldur ***</b>							
Yngri en 30 ára	199.682 kr.	87.998 kr.	123.138 kr.	209.360 kr.	241.994 kr.	1674	200
30 til 39 ára	298.675 kr.	113.824 kr.	225.056 kr.	297.959 kr.	388.886 kr.	1630	299
40 til 49 ára	344.165 kr.	133.403 kr.	250.269 kr.	347.774 kr.	427.897 kr.	1590	344
50 til 59 ára	351.744 kr.	138.365 kr.	262.754 kr.	343.065 kr.	439.447 kr.	1695	352
60 ára og eldri	325.361 kr.	143.878 kr.	227.264 kr.	302.003 kr.	417.048 kr.	1117	325
<b>Starfsheldi ***</b>							
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	551.451 kr.	158.555 kr.	447.794 kr.	530.432 kr.	639.239 kr.	488	551
Sérfræðingar	375.483 kr.	93.112 kr.	329.210 kr.	395.232 kr.	439.447 kr.	3018	375
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	267.102 kr.	97.681 kr.	203.652 kr.	261.839 kr.	329.758 kr.	826	267
Skrifstofufólk	250.124 kr.	80.057 kr.	208.285 kr.	274.531 kr.	301.591 kr.	151	250
Þjónustur-, sölu- og afgreiðslufólk	201.298 kr.	72.322 kr.	133.097 kr.	225.314 kr.	251.369 kr.	2639	201
Iðnaðarmenn, vélgaðslufólk, bændur og fiskimenn	324.869 kr.	63.387 kr.	313.262 kr.	325.543 kr.	352.640 kr.	42	325
Ósérhætt starfsfólk	230.220 kr.	63.028 kr.	185.624 kr.	241.698 kr.	263.261 kr.	324	230
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	384.736 kr.	149.110 kr.	301.591 kr.	352.640 kr.	447.473 kr.	294	385
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	269.455 kr.	121.161 kr.	218.818 kr.	243.335 kr.	324.385 kr.	220	269
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	308.058 kr.	155.326 kr.	207.628 kr.	294.380 kr.	394.288 kr.	177	308
SFS - Skóla- og frístundasvið	305.852 kr.	132.027 kr.	220.785 kr.	301.591 kr.	405.800 kr.	4818	306
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	343.212 kr.	129.949 kr.	247.382 kr.	313.262 kr.	417.048 kr.	401	343
VEL - Vælförðarsvið	272.731 kr.	137.229 kr.	175.991 kr.	249.661 kr.	355.122 kr.	1796	273
<b>Starfsaldur ***</b>							
Slyttri en 2 ár	206.832 kr.	105.071 kr.	116.931 kr.	211.045 kr.	248.985 kr.	518	207
2 til 4,9 ár	250.629 kr.	111.545 kr.	164.201 kr.	239.927 kr.	313.321 kr.	1792	251
5 til 9,9 ár	300.861 kr.	120.242 kr.	228.531 kr.	284.225 kr.	386.780 kr.	1688	301
10 til 14,9 ár	341.717 kr.	126.895 kr.	265.300 kr.	351.568 kr.	416.694 kr.	1131	342
15 ár eða lengri	373.347 kr.	141.410 kr.	265.534 kr.	394.288 kr.	451.340 kr.	2071	373
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	379.734 kr.	113.860 kr.	280.993 kr.	384.970 kr.	439.447 kr.	4389	380
Hlutastarfar 70-99%	263.900 kr.	65.570 kr.	213.169 kr.	240.208 kr.	312.508 kr.	1601	264
Hlutastarfar 1-69%	139.167 kr.	53.629 kr.	103.406 kr.	130.803 kr.	164.516 kr.	1716	139

Marktekkur munur er á höpum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt.

0 250 500 750

Tafla 11. Uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórðungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
<b>2014</b>							
<b>Héild</b>	313.154 kr.	102.450 kr.	233.334 kr.	302.557 kr.	370.776 kr.	5826	313
<b>Kyn e.m.</b>							
Karlar	314.877 kr.	114.069 kr.	232.173 kr.	293.376 kr.	362.688 kr.	1407	315
Konur	312.618 kr.	98.560 kr.	233.334 kr.	304.730 kr.	370.776 kr.	4519	313
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	239.588 kr.	51.006 kr.	216.342 kr.	222.881 kr.	261.978 kr.	968	240
30 til 39 ára	302.735 kr.	71.519 kr.	237.632 kr.	312.634 kr.	345.792 kr.	1245	303
40 til 49 ára	335.378 kr.	106.393 kr.	249.125 kr.	342.643 kr.	380.721 kr.	1380	335
50 til 59 ára	342.071 kr.	112.387 kr.	253.605 kr.	342.577 kr.	388.961 kr.	1493	342
60 til 75 ára	325.467 kr.	116.685 kr.	237.632 kr.	304.730 kr.	372.963 kr.	840	325
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjömnir fulltrúar, æðstu embættismenn og sjómendur	520.151 kr.	145.701 kr.	400.304 kr.	494.490 kr.	595.653 kr.	442	520
Sérfræðingar	356.336 kr.	53.466 kr.	322.690 kr.	361.120 kr.	382.893 kr.	2530	356
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	279.454 kr.	70.683 kr.	218.357 kr.	280.679 kr.	316.676 kr.	647	279
Skrifstofufólk	264.080 kr.	40.597 kr.	243.222 kr.	264.038 kr.	286.362 kr.	107	264
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	231.161 kr.	33.453 kr.	216.245 kr.	229.619 kr.	244.515 kr.	1855	231
Iðnaðarmenn, vélgaeslufólk, bændur og fiskimenn	309.195 kr.	45.156 kr.	293.376 kr.	312.634 kr.	333.740 kr.	41	309
Ósérhætt starfsfólk	233.494 kr.	37.488 kr.	218.503 kr.	229.619 kr.	251.694 kr.	285	233
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	368.444 kr.	135.548 kr.	289.849 kr.	332.179 kr.	411.434 kr.	282	368
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	277.257 kr.	102.519 kr.	218.503 kr.	235.143 kr.	312.694 kr.	179	277
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	325.183 kr.	123.393 kr.	253.605 kr.	304.730 kr.	362.688 kr.	135	325
SFS - Skóla- og frístundasvið	315.143 kr.	93.615 kr.	234.645 kr.	313.437 kr.	370.776 kr.	3673	315
USK - Umhverfis og skipulagssvið	326.356 kr.	116.988 kr.	236.449 kr.	297.059 kr.	392.970 kr.	382	326
VEL - Velferðarsvið	295.449 kr.	105.527 kr.	218.409 kr.	256.621 kr.	362.688 kr.	1275	295
<b>Starfsaldur ***</b>							
Slytri en 2 ár	255.613 kr.	69.306 kr.	218.503 kr.	228.476 kr.	289.843 kr.	319	256
2 til 4,9 ár	281.882 kr.	83.423 kr.	223.791 kr.	258.260 kr.	329.430 kr.	1021	282
5 til 9,9 ár	305.306 kr.	89.425 kr.	234.446 kr.	298.637 kr.	352.353 kr.	1223	305
10 til 14,9 ár	330.266 kr.	102.249 kr.	253.605 kr.	329.540 kr.	378.468 kr.	934	330
15 ár eða lengri	360.977 kr.	113.420 kr.	281.768 kr.	361.120 kr.	394.723 kr.	1636	361
<b>Starfsliutafall ***</b>							
Fullt starf	339.206 kr.	102.963 kr.	253.441 kr.	333.806 kr.	380.721 kr.	4349	339
Hlutastarfi 70-99%	241.310 kr.	56.338 kr.	197.400 kr.	224.457 kr.	282.741 kr.	1577	241
<b>2015</b>							
<b>Héild</b>	348.752 kr.	115.221 kr.	251.267 kr.	333.361 kr.	422.952 kr.	5991	349
<b>Kyn e.m.</b>							
Karlar	347.848 kr.	128.362 kr.	247.382 kr.	319.402 kr.	416.684 kr.	1368	348
Konur	349.019 kr.	111.048 kr.	252.515 kr.	338.522 kr.	424.473 kr.	4623	349
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	261.985 kr.	60.741 kr.	229.761 kr.	238.386 kr.	294.632 kr.	955	262
30 til 39 ára	336.551 kr.	89.149 kr.	252.515 kr.	338.522 kr.	402.798 kr.	1319	337
40 til 49 ára	374.607 kr.	116.232 kr.	277.714 kr.	378.086 kr.	439.447 kr.	1365	375
50 til 59 ára	380.608 kr.	122.305 kr.	274.531 kr.	384.970 kr.	451.340 kr.	1475	381
60 til 75 ára	367.766 kr.	130.589 kr.	262.897 kr.	341.846 kr.	439.447 kr.	877	368
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjömnir fulltrúar, æðstu embættismenn og sjómendur	567.791 kr.	142.371 kr.	460.624 kr.	538.038 kr.	639.239 kr.	465	568
Sérfræðingar	401.176 kr.	62.654 kr.	365.337 kr.	405.800 kr.	439.447 kr.	2651	401
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	305.458 kr.	77.364 kr.	238.405 kr.	297.959 kr.	347.774 kr.	620	305
Skrifstofufólk	285.879 kr.	41.757 kr.	264.392 kr.	287.554 kr.	309.291 kr.	118	286
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	248.735 kr.	37.596 kr.	229.770 kr.	244.254 kr.	261.648 kr.	1807	249
Iðnaðarmenn, vélgaeslufólk, bændur og fiskimenn	335.306 kr.	41.623 kr.	319.342 kr.	327.651 kr.	362.742 kr.	40	335
Ósérhætt starfsfólk	251.126 kr.	42.189 kr.	235.931 kr.	245.603 kr.	271.394 kr.	272	251
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	400.687 kr.	140.745 kr.	313.321 kr.	382.592 kr.	453.834 kr.	274	401
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	306.304 kr.	110.514 kr.	234.132 kr.	258.000 kr.	365.136 kr.	172	306
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	371.309 kr.	128.887 kr.	284.225 kr.	364.505 kr.	411.315 kr.	130	371
SFS - Skóla- og frístundasvið	353.098 kr.	107.457 kr.	252.515 kr.	353.013 kr.	427.897 kr.	3748	353
USK - Umhverfis og skipulagssvið	352.097 kr.	124.593 kr.	248.946 kr.	321.388 kr.	427.010 kr.	385	352
VEL - Velferðarsvið	327.467 kr.	121.442 kr.	233.725 kr.	280.946 kr.	412.966 kr.	1282	327
<b>Starfsaldur ***</b>							
Slytri en 2 ár	283.244 kr.	79.594 kr.	233.640 kr.	244.269 kr.	321.509 kr.	282	283
2 til 4,9 ár	300.634 kr.	91.607 kr.	237.045 kr.	264.992 kr.	365.337 kr.	1268	301
5 til 9,9 ár	335.636 kr.	101.179 kr.	252.515 kr.	321.368 kr.	399.852 kr.	1388	336
10 til 14,9 ár	371.538 kr.	108.933 kr.	284.225 kr.	382.080 kr.	427.897 kr.	971	372
15 ár eða lengri	403.356 kr.	125.168 kr.	309.291 kr.	416.684 kr.	451.340 kr.	1795	403
<b>Starfsliutafall ***</b>							
Fullt starf	379.734 kr.	113.860 kr.	280.993 kr.	384.970 kr.	439.447 kr.	4389	380
Hlutastarfi 70-99%	263.872 kr.	65.560 kr.	213.169 kr.	240.187 kr.	312.508 kr.	1602	264

Marktekkur munur er á höfum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt.

0 250 500 750





Til að meta áhrif starfshlutfalls á grunnlaun voru þau greind hjá öllum þeim sem voru í föstu starfi, óháð starfshlutfalli (tafla 10), öllum þeim sem voru a.m.k. í 70% starfi (tafla 11) og hjá þeim sem voru í fullu starfi (tafla 12).

Tafla 9.	Starfsaldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni .....	18
Tafla 10.	Starfsmatsstig starfsfólks eftir bakgrunni .....	20
Tafla 11.	Grunnlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	21
Tafla 12.	Uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	22
Tafla 13.	Grunnlaun – Starfsfólk í fullu starfi .....	23
Tafla 14.	Grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	24
Tafla 15.	Uppreiknuð grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	25
Tafla 16.	Grunnlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi .....	26
Tafla 17.	Heildarlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	27
Tafla 18.	Uppreiknuð heildarlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	28
Tafla 19.	Heildarlaun – Starfsfólk í fullu starfi .....	29
Tafla 20.	Heildarlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	30
Tafla 21.	Uppreiknuð heildarlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	31
Tafla 22.	Heildarlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi .....	32
Tafla 23.	Hlutfall karla og kvenna með breytilega yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	35
Tafla 24.	Meðalgreiðslur fyrir breytilega yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi sem er með breytilega yfirvinnu .....	36
Tafla 25.	Hlutfall karla og kvenna með fasta yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	37
Tafla 26.	Meðalgreiðslur fyrir fasta yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi sem er með fasta yfirvinnu .....	38
Tafla 27.	Hlutfall starfsfólks með akstursgreiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	39
Tafla 28.	Akstursgreiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi sem fékk akstursgreiðslur .....	40
Tafla 29.	Hlutfall starfsfólks með aðrar greiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	41
Tafla 30.	Aðrar greiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi sem var með aðrar greiðslur .....	42



---

Tafla 31. Uppreiknuð laun karla og kvenna greind eftir starfsmati – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	43
Tafla 32. Leiðréttur kynbundinn munur á starfsmatsstigum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	45
Tafla 33. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	46
Tafla 34. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	48
Tafla 35. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Allt starfsfólk í fullu starfi .....	49
Tafla 36. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	51
Tafla 37. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Greint eftir starfaflokkum.....	52
Tafla 38. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum eftir starfsmati – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	53
Tafla 39. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum eftir sviði – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	54
Tafla 40. Uppreiknuð heildarlaun eftir stéttarfélögum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	55
Tafla 41. Uppreiknuð heildarlaun karla og kvenna eftir stéttarfélögum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	55
Tafla 42. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum skipt eftir stéttarfélögum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira .....	56

---



## MYNDAYFIRLIT

Mynd 1.	Starfshlutfall karla og kvenna – Allt starfsfólk í föstu starfi .....	19
Mynd 2.	Uppreiknuð heildarlaun greind eftir starf flokk – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.	33
Mynd 3.	Samsetning uppreiknaðra meðalheildargreiðslna karla og kvenna – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	33
Mynd 4.	Uppreiknuð laun karla og kvenna eftir stigum starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	44
Mynd 5.	Þróun leiðréttis kynbundins munar heildarlauna hjá Reykjavíkurborg frá 1995 .....	57





## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Kynbundinn launamunur hjá starfsfólki sem er í a.m.k. 70% starfi í október 2015 var 3,5%, þ.e. heildarlaun kvenna voru 3,5% lægri en laun karla eftir að tekið hefur verið tillit til aldurs, starfsaldurs, starfaflokks, starfshlutfalls, fastra og breytilegra yfirvinnustunda og vinnustunda utan venjulegs vinnutíma. Þetta er sami munur og árið 2014. Séu einnig tekin út áhrif þess á hvaða sviði starfsmenn eru ráðnir lækkar kynbundinn launamunur úr 3,5% í 3,0%. Þetta skýrist af því að töluvert lægri laun eru greidd á þeim sviðum þar sem konur eru fjölmennari heldur en á þeim sviðum sem karlar eru líklegri til að starfa á. Sambærileg tala fyrir árið 2014 var 2,3% og því eykst munurinn lítillega. Leiðréttur kynbundinn launamunur á grunnlaunum var 3,1%, að teknu tilliti til starfs, aldurs, starfsaldurs og starfshlutfalls.

Þegar litið er á heildarhópin voru konur með örlítið hærri meðalgrunnlaun en karlar og nokkur jöfnuður var á grunnlaunum eftir starfaflokkum. Nokkuð ólíka mynd mátti sjá við skoðun heildarlauna, en þar voru karlar að jafnaði með hærri greiðslur en konur og átti það við um nær alla starfaflokka. Við nánari greiningu á aukagreiðslum var greinilegt að karlar fá mun hærri slíkar greiðslur en konur. Í framhaldinu er mikilvægt að greina það vinnuframlag sem er á bak við ólíkar fastar yfirvinnugreiðslur karla og kvenna því þær greiðslur auka nokkuð á kynbundinn launamun. Í greiningunni sem hér er lýst er gengið út frá þeirri forsendu að allir greiddir yfirvinnutíma séu unnir yfirvinnutímar. Sé hins vegar gengið út frá því að helmingur fastra yfirvinnutíma sé unninn og að helmingur þeirra sé launauppbót, þá eykst leiðréttur kynbundinn launamunur heildarlauna í 5,4%. Æskilegt væri því að bæta upplýsingum um raunvinnutíma inn í greiningu á kynbundnum launamun, t.d. með því að skoða skráningu á tímum í Vinnustund.

Starfsmatskerfið dregur nokkuð úr kynbundnum launamun. Kynbundinn launamunur er nokkuð minni í hópnum sem er með starfsmatsstig heldur en þeim sem er ekki með starfsmatsstig, að teknu tillit til sömu áhrifaþátta. Þá minnkar kynbundinn launamunur talsvert þegar tekið er tillit til starfsmatsstiga.

Algengt er að kynbundinn launamunur aukist í launaskriði og því er jákvætt að sjá að leiðréttur kynbundinn launamunur breytist lítið milli ára. Markviss vinna hefur náð að minnka kynbundinn launamun í sumum hópum eins og meðal sérfræðinga og mikilvægt er að halda slíkri vinnu áfram til að draga enn frekar úr kynbundnum launamun.



## INNGANGUR

Frá árinu 1995 hefur Reykjavíkurborg gert þó nokkrar kannanir á kynbundnum launamun starfsfólks síns<sup>1</sup> og hefur ennfremur ráðist í ýmsar aðgerðir til að draga úr kynbundnum launamun. Mikið hefur gerst síðan rannsóknir á þessu hófust. Bilið hefur minnkað mikið, en erfitt hefur reynt að loka því.

Reykjavíkurborg fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera greiningu á launapróun starfsfólks borgarinnar undanfarin tvö ár. Borin voru saman laun karla og kvenna fyrir október mánuð árið 2015.

Við greiningu gagna voru eftirfarandi spurningar hafðar að leiðarljósi:

1. Hver voru laun karla og kvenna sem störfuðu hjá Reykjavíkurborg í október árið 2015?
  - a. Hver eru dagvinnulaun, yfirvinnulaun og heildarlaun greind eftir kyni. Hvernig dreifast akstursgreiðslur og aðrar greiðslur?
  - b. Hvaða áhrif hefur starf (ÍSTARF95), starfssvið eða málaflokkur, aldur, starfsaldur og starfshlutfall?
2. Er kynbundinn launamunur til staðar meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar í fullu starfi að teknu tilliti til starfs, aldurs, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda utan hefðbundins daglegs vinnutíma og starfsmatsstiga?
  - a. Eru áhrif starfs á laun ólík eftir því hvort karlar eða konur eiga í hlut þegar tillit hefur verið tekið til aldurs og vinnutíma?
  - b. Hefur kynbundinn launamunur meðal fólks í fullu starfi hjá Reykjavíkurborg breyst frá fyrri greiningum á því? Ef breytingar hafa orðið á kynbundnum launamun, í hverju felast þær í meginatriðum?
  - c. Hversu mikið dregur starfsmatskerfið úr kynbundnum launamun?

---

<sup>1</sup> Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (2013). Kynbundinn launamunur: Samantekt um kannanir Reykjavíkurborgar 1995-2012.

---



## AÐFERÐ

### Þátttakendur

Rannsóknin náði til allra starfsmanna Reykjavíkurborgar sem voru í föstu starfi í október 2015. Starfsmönnum sem voru ekki með skráð starfshlutfall, þ.e. ekki með launaliðinn mánaðarlaun var sleppt úr greiningunni. Greiningin náði því til 7.715 einstaklinga sem voru við störf hjá Reykjavíkurborg í október árið 2015. Við útreikning á leiðréttum launamun voru tveir hópar skoðaðir. Annars vegar þeir sem voru í 70% starfi eða meira og hins vegar þeir sem gegndu fullu starfi. Alls voru 5.906 einstaklingar í 70% starfshlutfalli eða hærra og þar af voru 4.331 í fullu starfi.

### Launaupplýsingar

Launaupplýsingar voru fengnar úr launabókhaldi borgarinnar. Notast var við laun fyrir október mánuð árið 2015, en október þykir frekar dæmigerður mánuður hvað laun varðar. Við úrvinnslu voru skoðuð grunnlaun, yfirvinnugreiðslur, akstursgreiðslur og heildarlaun. Heildarlaun samanstanda af grunnlaunum, yfirvinnu, akstursgreiðslum, orlofsgreiðslum, álagsgreiðslum, bónusum og öðrum hlunnindagreiðslum. Við útreikning á leiðréttum launamun voru grunnlaun einstaklinga sem ekki unnu fullt starf uppreiknuð í 100% svo þau væru samanburðarhæf við laun þeirra sem gegna fullu starfi. Aðrar greiðslur voru hinsvegar ekki uppreiknaðar. Ekki er hægt að gefa sér það að einstaklingur í 70% starfshlutfalli myndi endilega auka við sig akstur eða yfirvinnu skyldi hann fara í 100% starf.

### Flokkun starfa

Hjá Reykjavíkurborg er notað ÍSTARF 95 starfaflokkunarkerfi Hagstofu Íslands. Kerfið er sniðið eftir Alþjóðlegu starfaflokkuninni, *International Standard Classification of Occupations*, ISCO-88 sem Alþjóðavinnuálagstofnunin gaf út árið 1990. Störf eru flokkuð eftir eðli starfsins og krafna um kunnáttu.

Í þessari greiningu var grófasta flokkun ÍSTARF 95 notuð. Það eru flokkarnir: 1) kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur 2) sérfræðingar, 3) tæknar og sérmenntað starfsfólk, 4) skrifstofufólk, 5) fólk í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum, 6) bændur og fiskimenn, 7) iðnaðarfólk og sérhæft iðnverkafólk, 8) véla- og vélgæslufólk og 9) ósérhæft starfsfólk. Vegna fárra einstaklinga í flokkum 6 til 8 voru þeir sameinaðir fyrir úrvinnslu.



## Marktektarpróf

Í þessari rannsókn er verið að athuga hver laun eru hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar, því er starfsfólk borgarinnar þýði rannsóknarinnar. Hér er um þýðisrannsókn að ræða en ekki úrtaksrannsókn. Í þýðisrannsókn eru notuð gögn um allt þýðið og þá þarf strangt til tekið ekki marktektarpróf, vegna þess að tilgangur marktektarprófa er að draga ályktun út frá úrtaki og yfirfæra á þýði. Þetta er best útskýrt með dæmi. Úrtaksrannsókn á hamingju Íslendinga eftir ky ni gæti falið í sér að spyrja 1.000 Íslendinga hvort þeir séu hamingjusamir. Ef marktækur munur væri á meðaltölum karla og kvenna gætum við ályktað að munurinn sem við fundum í úrtaki okkar eigi einnig við um allt þýðið okkar, alla Íslendinga sem sagt. A lveg eins þýðisrannsókn myndi fela í sér að spyrja alla Íslendinga hvort þeir væru hamingjusamir. Hér væri marktektarpróf óþarft því munurinn á hamingju karla og kvenna sem fram kæmi væri raunverulegur munur á hamingju karla og kvenna í þýði, það þyrfti ekki að álykta neitt.

Hér er starfsfólk Reykjavíkurborgar þýðið og höfum við gögn um laun þeirra allra. Því eru marktektarpróf í raun óþörf. Þrátt fyrir þetta eru birtar niðurstöður marktektarprófa, sem má hafa til hliðsjónar. Kí-kvaðrat, dreifigreining og aðhvarfsgreining voru notuð eftir því hvað átti við hverju sinni til að greina tölfræðilega marktekt.

Kí-kvaðrat marktektarprófið segir okkur hvort marktækur munur er á hlutföllum mismunandi hópa. Marktækur munur er gefinn til kynna með stjörnum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% ( $p < 0,05$ ) líkur séu á því að munur sem sést á milli hópa komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu, þ.e. á meðal alls starfsfólks Reykjavíkurborgar. Tvær stjörnur þýða að innan við 1% líkur ( $p < 0,01$ ) séu á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu og þrjár stjörnur þýða að innan við 0,1% ( $p < 0,001$ ) líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu.

Dreifigreining (*one-way analysis of variance*) var notuð til að sjá hvort marktækur munur væri á meðaltölum ólíkra hópa. Dreifigreining prófar þá núlltilgátu að úrtök hópa séu dregin úr þýðum sem hafa sömu meðaltöl. Ef próf er marktækt við 0,05 mörk má segja að innan við 5% líkur séu á að draga úrtök sem gefa þessi ólíku meðaltöl ef enginn munur er á milli hópanna í þýði.

Línuleg aðhvarfsgreining (*Ordinary least squares regression*) var notuð til að athuga hvort kynbundinn launamunur væri til staðar þegar öðrum breytum var haldið föstum. Það er, athugað var hver kynbundinn launamunur var eftir að búið var að stýra fyrir starf, málaflokk, aldur, starfsaldur, starfshlutfall, fjölda breytilegra og fastra yfirvinnustunda og fjölda vinnustunda utan venjulegs vinnutíma. Með þessu móti er hægt að sjá samspil mismunandi þátta á laun. Því er hægt að sjá hver kynbundinn launamunur er hjá einstaklingum sem eru jafn gamlir, hafa jafn háan starfsaldur, sama starf, vinna innan sama málaflökks, eru í sama starfshlutfalli, með jafnan fjölda



yfirvinnustunda og jafn marga tíma utan venjulegs vinnutíma. Í aðhvarfsgreiningu var launum umbreytt á lógaríðmískan kvarða. Ástæðan fyrir þessu er að laun eru ekki normaldreifð heldur jákvætt skekkt en normaldreifing fylgibreytu er ein forsenda aðhvarfsgreiningar.


## NIÐURSTÖÐUR

Hér verður greint frá niðurstöðum launagreiningar. Fyrst eru birtar fjöldatölur og hlutföll fyrir bakgrunnsbreytur. Síðan eru birtar upplýsingar um laun eftir bakgrunnsbreytum. Upplýsingar um grunnlaun, heildarlaun, yfirvinnu og akstursgreiðslur eru sýndar. Að lokum eru birtar niðurstöður aðhvarfsgreiningar.

### Bakgrunnsupplýsingar






Eftirfarandi myndir og töflur sýna dreifingu svarenda á þeim bakgrunnsbreytum sem voru notaðar í greiningum. Töflurnar sýna alla einstaklinga sem störfuðu hjá Reykjavíkurborg og voru í föstu starfi.

Tafla 1. Kyn starfsfólks



Í október 2015 voru konur 76% starfsmanna, eða alls 5.863 (sjá töflu 1). Aldursdreifing er nokkuð jöfn eins og sjá má í töflu 2 og er meðalaldur 43,5 ár (staðalfrávik = 13,6). Eins og sjá má í töflu 3 eru karlar að jafnaði aðeins yngri en konur auk þess sem nokkur munur er eftir öðrum bakgrunnspáttum. Til að mynda er nokkuð hátt hlutfall starfsfólks ÍTR undir 30 ára en hlutfall yngsta aldurshópsins er töluvert lægra á Skrifstofum Ráðhúss og MOF. Að auki eru hátt í þrjú af hverjum fjórum iðnaðarmönnum og vélgæslufólki 50 ára og eldri, en hlutfall þess aldurshóps er töluvert lægra í öðrum störfum.

Tafla 2. Aldur starfsfólks

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
<b>Október 2015</b>			
Yngri en 30 ára	1640	21%	 21%
30 til 39 ára	1660	22%	 22%
40 til 49 ára	1582	21%	 21%
50 til 59 ára	1721	22%	 22%
60 ára og eldri	1112	14%	 14%
<b>Alls</b>	<b>7715</b>	<b>100%</b>	

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 3. Aldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni


	Yngri en 30 ára	30 til 39 ára	40 til 49 ára	50 til 59 ára	60 ára og eldri	Fjöldi
<b>Október 2015</b>						
<b>Heild</b>	21%	22%	21%	22%	14%	7715
<b>Kyn ***</b>						
Karlar	30%	21%	15%	18%	15%	1852
Konur	18%	22%	22%	24%	14%	5863
<b>Svið ***</b>						
Skrifstofur Ráðhúss	7%	25%	22%	25%	21%	298
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	34%	13%	15%	21%	17%	213
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	7%	20%	22%	22%	29%	175
SFS - Skóla- og fristundasvið	23%	22%	21%	22%	11%	4801
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	12%	14%	21%	29%	24%	402
VEL - Velferðarsvið	20%	22%	19%	22%	17%	1826
<b>Starfsheiti ***</b>						
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	2%	10%	29%	38%	20%	507
Sérfræðingar	7%	26%	27%	26%	14%	2900
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	19%	16%	18%	24%	22%	810
Skrifstofufólk	9%	17%	24%	29%	21%	169
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	40%	21%	14%	15%	10%	2942
Lónaðamenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	7%	2%	16%	37%	37%	43
Ósérhætt starfsfólk	17%	18%	21%	26%	18%	325
<b>Starfsaldur ***</b>						
Styttri en 2 ár	67%	13%	8%	8%	4%	52
2 til 4,9 ár	44%	28%	13%	10%	5%	1560
5 til 9,9 ár	13%	34%	23%	19%	11%	1535
10 til 14,9 ár	1%	26%	33%	26%	15%	1098
15 ár eða lengri	0%	3%	24%	41%	32%	2080
<b>Starfshlutfall ***</b>						
Fullt starf	13%	21%	24%	27%	14%	4331
Hlutastarf 70-99%	21%	25%	20%	20%	14%	1575
Hlutastarf 1-69%	40%	20%	12%	13%	15%	1809

Marktækur munur er á höpum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt.

Stærsta starfssvið borgarinnar er skóla- og fristundasvið, en ríflega 60% starfsfólks Reykjavíkur borgar unnu fyrir skóla- og fristundasvið í október 2015 (sjá töflu 4). Flestir þeirra unnu sem grunn- eða leikskólakennarar eða barnagæslufólk.



Tafla 4. Starfssvið



Í töflu 5 má sjá starfssvið greint eftir bakgrunni. Marktækur munur var á öllum bakgrunnspáttum. Karlar og konur dreifðust nokkuð svipað á sviðin sex. Þó má sjá að hlutfallslega fleiri karlar en konur unnu hjá skrifstofum Ráðhúss, ÍTR og USK og að 67% kvenna störfuðu hjá skóla- og frístundasviði en einungis 48% karla.




Tafla 5. Starfssvið starfsfólks greint eftir bakgrunni

	Skrifstofur Ráðhúss	ÍTR - Íþrótt- og Ístmundasvið	MOF - Menningar- og ferðamálasvið	SFS - Skóla- og frístundasvið	USK - Umhverfis- og skipulagssvið	VEL - Velferðarsvið	Fjöldi
<b>Október 2015</b>							
<b>Heild</b>	4%	3%	2%	62%	5%	24%	7715
<b>Kyn ***</b>							
Karlar	7%	6%	2%	48%	16%	21%	1852
Konur	3%	2%	2%	67%	2%	25%	5863
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	1%	4%	1%	68%	3%	22%	1640
30 til 39 ára	5%	2%	2%	64%	3%	24%	1660
40 til 49 ára	4%	2%	2%	64%	5%	22%	1582
50 til 59 ára	4%	3%	2%	61%	7%	23%	1721
60 til 75 ára	6%	3%	5%	49%	9%	29%	1112
<b>Starfshéiti ***</b>							
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	5%	3%	4%	46%	6%	36%	507
Sérfræðingar	5%	1%	3%	77%	2%	13%	2900
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	8%	2%	5%	44%	9%	32%	810
Skrifstofufólk	30%	0%	7%	31%	1%	33%	169
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	0%	5%	0%	64%	0%	30%	2942
Lönaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	5%	9%	2%	0%	84%	0%	43
Ósérhæft starfsfólk	3%	1%	2%	13%	59%	22%	325
<b>Starfsaldur ***</b>							
Styttri en 2 ár	0%	10%	8%	62%	0%	21%	52
2 til 4,9 ár	4%	3%	1%	59%	6%	26%	1560
5 til 9,9 ár	5%	2%	2%	52%	3%	36%	1535
10 til 14,9 ár	4%	3%	3%	66%	5%	19%	1098
15 ár eða lengri	4%	3%	4%	67%	8%	15%	2080
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	6%	2%	2%	65%	8%	16%	4331
Hlutastarf 70-99%	1%	5%	2%	52%	2%	38%	1575
Hlutastarf 1-69%	1%	3%	3%	64%	1%	29%	1809

Marktækur munur er á hópum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt.

Hjá Reykjavíkurborg var umtalsverður munur á hlutfalli starfsfólks í ólíkum starfaflokkum (sjá töflu 6). Hátt í 40% starfsfólks vann sérfræðistörf og álika stór hópur vann við þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörf.

Tafla 6. Starfsheiti



Dreifing karla og kvenna var nokkuð svipuð innan starfaflokka, að undanskildum sérfræðingum og ósérhæfðu starfsfólki. Töluvert hærra hlutfall kvenna en karla var í sérfræðistörfum en karlar voru fimmfalt fleiri í ósérhæfðum störfum (sjá töflu 7). Því eldra sem starfsfólk var, því líklegra var að það ynni sem stjórnendur, sérfræðingar eða tæknar. Yngra fólkið vann frekar við þjónustustörf.

Dreifing starfsheita innan sviða borgarinnar var mjög ólík. Til dæmis vann hátt í helmingur starfsfólks Ráðhúss Reykjavíkur, menningar- og ferðamálasviðs og skóla- og frístundasviðs við sérfræðistörf. Hins vegar var um helmingur starfsfólks hjá velferðarsviði og yfir 70% starfsfólks á íþrótt- og tómstundasviði í þjónustustörfum. Svipað samband var á milli starfsaldurs og starfa eins og milli aldurs og starfa. Eftir því sem starfsaldur var hærri var starfsfólk líklegra til að vinna sérhæfðari störf. Fólk með minni starfsaldur var frekar í þjónustustörfum. Samband starfsheita og starfshlutfalls var eins og við mátti búast. Sérfræðingar og stjórnendur unnu frekar fullt starf en hlutastarf.


Tafla 7. Starfsheiti starfsfólks greint eftir bakgrunni

	Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	Sérfræðingar	Tæknar og sémenntað starfsfólk	Skrifstofufólk	Þjónustur-, sölu- og afgreiðslufólk	Íbúðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	Ósérhaft starfsfólk	Fjöldi
<b>Október 2015</b>								
<b>Heild</b>	7%	38%	11%	2%	38%	1%	4%	7696
<b>Kyn ***</b>								
Karlar	7%	26%	12%	1%	42%	2%	10%	1849
Konur	6%	41%	10%	3%	37%	0%	2%	5847
<b>Aldur ***</b>								
18 til 29 ára	1%	13%	10%	1%	72%	0%	3%	1637
30 til 39 ára	3%	46%	8%	2%	38%	0%	4%	1657
40 til 49 ára	9%	49%	9%	3%	25%	0%	4%	1577
50 til 59 ára	11%	43%	12%	3%	25%	1%	5%	1715
60 til 75 ára	9%	37%	16%	3%	27%	1%	5%	1110
<b>Svið ***</b>								
Skrifstofur Ráðhúss	9%	46%	21%	17%	3%	1%	3%	297
ÍTR - Íþróttá- og tómstundasvið	8%	11%	8%	0%	71%	2%	1%	213
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	13%	49%	22%	6%	6%	1%	3%	175
SFS - Skóla- og frístundasvið	5%	46%	8%	1%	39%	0%	1%	4783
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	7%	16%	18%	0%	1%	9%	48%	402
VEL - Velferðarsvið	10%	20%	14%	3%	49%	0%	4%	1826
<b>Starfsaldur ***</b>								
Styttri en 2 ár	0%	15%	8%	6%	67%	0%	4%	52
2 til 4,9 ár	3%	25%	10%	2%	53%	1%	6%	1558
5 til 9,9 ár	7%	36%	11%	2%	40%	0%	3%	1533
10 til 14,9 ár	5%	52%	11%	2%	26%	1%	4%	1095
15 ár eða lengri	13%	51%	11%	3%	17%	1%	4%	2074
<b>Starfshlutfall ***</b>								
Fullt starf	11%	47%	7%	2%	27%	1%	5%	4312
Hlutastarf 70-99%	2%	29%	19%	2%	45%	0%	4%	1575
Hlutastarf 1-69%	2%	22%	12%	2%	59%	0%	3%	1809

Marktaukur munur er á höpum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt

Í töflu 8 má sjá að um þriðjungur starfsfólks Reykjavíkurborgar hefur unnið í 15 ár eða lengur og ríflega fjórðungur hefur verið styttra en 5 ár í starfi. Meðalstarfsaldur var tæp 12 ár.

Tafla 8. Starfsaldur



Í töflu 9 má sjá starfsaldur flokkaðan eftir bakgrunnsbreytum. Karlar virðast staldra styttra við hjá borginni heldur en konur. Ríflega helmingur kvenna hefur verið 10 ár eða lengur í starfi, það sama á við um 38% karla. Aldur og starfsaldur haldast í hendur eins og sést í töflunni. Þá er starfsaldur

að jafnaði hærri hjá menningar- og ferðamálasviði og umhverfis- og skipulagssviði en öðrum sviðum.


Tafla 9. Starfsaldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni

	Sýtrí en 2 ár	2 til 4,9 ár	5 til 9,9 ár	10 til 14,9 ár	15 ár eða lengri	Fjöldi
<b>Október 2015</b>						
<b>Heild</b>	1%	25%	24%	17%	33%	6325
<b>Kyn ***</b>						
Karlar	2%	34%	26%	14%	24%	1469
Konur	1%	22%	24%	18%	35%	4856
<b>Aldur ***</b>						
18 til 29 ára	4%	73%	22%	1%	0%	927
30 til 39 ára	1%	33%	40%	21%	5%	1310
40 til 49 ára	0%	15%	25%	25%	35%	1420
50 til 59 ára	0%	10%	18%	18%	53%	1591
60 til 75 ára	0%	8%	15%	15%	62%	1077
<b>Svið ***</b>						
Skrifstofur Ráðhúss	0%	27%	29%	16%	29%	256
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	3%	25%	17%	21%	34%	173
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	3%	12%	19%	19%	47%	155
SFS - Skóla- og frístundasvið	1%	24%	20%	19%	36%	3881
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	0%	25%	14%	14%	46%	357
VEL - Væðingarsvið	1%	27%	37%	14%	21%	1503
<b>Starfshelti ***</b>						
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og sjómendur	0%	8%	22%	12%	58%	479
Sérfræðingar	0%	15%	21%	22%	41%	2578
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	1%	23%	25%	17%	33%	681
Skrifstofufólk	2%	20%	24%	16%	38%	148
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	2%	39%	29%	13%	16%	2117
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	0%	19%	14%	14%	52%	42
Ósérhætt starfsfólk	1%	36%	19%	15%	30%	267
<b>Starfshlutfall ***</b>						
Fullt starf	0%	20%	23%	19%	37%	3753
Hlutastarf 70-99%	1%	24%	29%	17%	29%	1301
Hlutastarf 1-69%	3%	39%	22%	12%	24%	1271

Marktækur munur er á hópum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt.

## Vinnutími

Starfshlutfall kynjanna var áþekkt í október 2015. Konur voru að meðaltali í aðeins hærra starfshlutfalli en karlar, eða 84% á móti 82%, en hins vegar var hærra hlutfall karla en kvenna í fullu starfi, eða um 58% á móti 56% (sjá mynd 1). Þá var mun algengara að konur væru í starfshlutfalli á bilinu 70-99%.



**Mynd 1. Starfshlutfall karla og kvenna – Allt starfsfólk í föstu starfi**

## Starfsmatsstig

Fleiri en sex af hverjum tíu starfsmönnum Reykjavíkurborgar voru með starfsmatsstig í október 2015, eða alls 4.816 manns með tæplega 444 stig að meðaltali. Í töflu 10 má sjá að nokkuð hærra hlutfall karla en kvenna er með starfsmatsstig en hins vegar eru kynin með nokkuð jöfn stig að meðaltali. Að jafnaði fjólgar starfsmatsstigum með aldri og starfsaldri, eins og búast má við, auk þess sem starfsfólk í fullu starfi er að jafnaði með fleiri stig en þeir sem eru ekki í fullu starfi. Það er í samræmi við það að starfsfólk í sérfræði- og stjórnendastörfum er líklegra til að vera í fullu starfi, en starfsfólk í slíkum störfum er eðli þeirra vegna með fleiri starfsmatsstig en annað starfsfólk. Þá er starfsfólk á skrifstofum Ráðhúss og menningar- og ferðamálasviði að jafnaði með fleiri starfsmatsstig en starfsfólk annarra sviða, sem einnig má rekja til hærra hlutfalls sérfræði- og stjórnunarstarfa.

Tafla 10. Starfsmatsstig starfsfólks eftir bakgrunni

	Ekki með starfsmatsstig	Með starfsmatsstig	Fjöldi	Meðaltal starfsmatsstiga <sup>1)</sup>
<b>Október 2015</b>				
<b>Heild</b>	38%	62%	7715	443,6
<b>Kyn ***</b>				
Karlar	27%	73%	1852	445,4
Konur	41%	59%	5863	442,9
<b>Aldur ***</b>				
18 til 29 ára	11%	89%	1640	401,8
30 til 39 ára	40%	60%	1660	459,2
40 til 49 ára	46%	54%	1582	477,8
50 til 59 ára	51%	49%	1721	454,4
60 til 75 ára	41%	59%	1112	454,3
<b>Svið ***</b>				
Skrifstofur Ráðhúss	42%	58%	298	508,8
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	5%	95%	213	431,9
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	17%	83%	175	519,7
SFS - Skóla- og frístundasvið	48%	52%	4801	421,8
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	26%	74%	402	445,5
VEL - Velferðarsvið	18%	82%	1826	466,1
<b>Starfsheiti ***</b>				
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	57%	43%	507	682,3
Sérfræðingar	74%	26%	2900	603,6
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	31%	69%	810	470,9
Skrifstofufólk	9%	91%	169	442,7
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	5%	95%	2942	386,1
Iónaðamenn, vélgaeslufólk, bændur og fiskimenn	0%	100%	43	481,8
Ósérhæft starfsfólk	8%	92%	325	349,6
<b>Starfsaldur ***</b>				
Styttri en 2 ár	17%	83%	52	422,4
2 til 4,9 ár	23%	77%	1560	423,3
5 til 9,9 ár	32%	68%	1535	459,5
10 til 14,9 ár	49%	51%	1098	470,5
15 ár eða lengri	55%	45%	2080	475,3
<b>Starfshlutfall ***</b>				
Fullt starf	46%	54%	4331	469,5
Hlutastar 70-99%	29%	71%	1575	419,9
Hlutastar 1-69%	24%	76%	1809	418,9

Marktækur munur er á hópum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt

<sup>1)</sup> Meðaltalið er reiknað á grundvelli þeirra starfsmanna sem eru með starfsmatsstig.

0 200 400 600 800

## Grunnlaun

Meðalgrunnlaun í október 2015 voru röskar 308 þúsund krónur, en hafa ber í huga að hér er um allt starfsfólk að ræða. Ef eingöngu er litið til starfsfólks í fullu starfi voru meðalgrunnlaun ríflega 393 þúsund krónur. Marktækur munur var á grunnlaunum allra bakgrunnshópa. Konur voru með rúmum 16 þúsund krónum hærra grunnlaun en karlar, grunnlaun hækkuðu jafnt og þétt með starfsaldri og sama átti við um aldur að undanskildum elsta aldurshópnum. Þá voru meðalgrunnlaun hæst meðal starfsfólks á skrifstofum Ráðhúss en lægst á íþrótt- og

tómstundasviði. Þegar horft er til starfa eru stjórnendur með hæst meðalgrunnlaun en þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk með lægst.

Uppreiknuð grunnlaun voru að meðaltali rúmlega 374 þúsund krónur í október 2015 hjá öllum þeim sem voru í föstu starfi og voru í a.m.k. 70% starfi (sjá töflu 12). Konur voru með tæpum 10 þúsund krónum hærri meðalgrunnlaun en karlar og starfsfólk í fullu starfi var að jafnaði með meira en 70 þúsund krónum hærri meðalgrunnlaun en uppreiknuð meðalgrunnlaun starfsfólks í 70-99% starfshlutfalli. Grunnlaun starfsfólks í 70-99% starfi raðast með mjög áþekktum hætti og grunnlaun allra starfsmanna.

Tafla 11. Grunnlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Meðaltal	Staðalrævik	Neðri fjórungs- mörk	Miðgildi	Efti fjórungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
<b>Október 2015</b>							
<b>Heild</b>	308.138 kr.	143.835 kr.	211.114 kr.	281.042 kr.	422.952 kr.	7715	308
<b>Kyn ***</b>							
Karlar	296.771 kr.	154.512 kr.	183.124 kr.	263.261 kr.	407.253 kr.	1852	296
Konur	312.045 kr.	140.081 kr.	217.152 kr.	290.932 kr.	429.248 kr.	5863	312
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	197.827 kr.	90.604 kr.	121.634 kr.	204.306 kr.	241.994 kr.	1640	198
30 til 39 ára	299.459 kr.	121.242 kr.	215.444 kr.	295.351 kr.	410.635 kr.	1660	299
40 til 49 ára	357.139 kr.	139.633 kr.	251.369 kr.	365.337 kr.	456.269 kr.	1582	357
50 til 59 ára	365.353 kr.	145.551 kr.	255.300 kr.	347.774 kr.	468.547 kr.	1721	365
60 til 75 ára	325.524 kr.	148.913 kr.	225.863 kr.	291.168 kr.	440.326 kr.	1112	326
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	550.578 kr.	158.780 kr.	441.520 kr.	530.432 kr.	639.239 kr.	507	551
Sérfræðingar	385.294 kr.	102.806 kr.	342.318 kr.	421.542 kr.	468.547 kr.	2900	395
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	262.188 kr.	98.906 kr.	196.301 kr.	258.652 kr.	329.758 kr.	810	262
Skrifstofufólk	258.156 kr.	76.979 kr.	222.171 kr.	280.946 kr.	313.262 kr.	169	258
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	203.740 kr.	75.195 kr.	132.321 kr.	226.269 kr.	255.300 kr.	2942	204
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	323.878 kr.	62.712 kr.	305.377 kr.	325.543 kr.	372.843 kr.	43	324
Óserhaft starfsfólk	228.372 kr.	65.658 kr.	189.450 kr.	243.084 kr.	261.605 kr.	325	228
<b>Swið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	386.833 kr.	151.491 kr.	301.645 kr.	362.592 kr.	453.834 kr.	298	387
ÍTR - Iþróttla- og tómstundasvið	268.735 kr.	124.675 kr.	213.329 kr.	242.560 kr.	321.388 kr.	213	269
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	316.779 kr.	155.558 kr.	213.169 kr.	295.716 kr.	399.852 kr.	175	317
SFS - Skóla- og frístundasvið	314.392 kr.	143.215 kr.	216.390 kr.	301.697 kr.	432.779 kr.	4801	314
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	342.078 kr.	129.350 kr.	247.382 kr.	313.262 kr.	420.368 kr.	402	342
VEL - Væðingarsvið	275.151 kr.	139.045 kr.	180.353 kr.	249.943 kr.	357.577 kr.	1826	275
<b>Starfsaldur ***</b>							
Styrti en 2 ár	153.513 kr.	68.857 kr.	101.239 kr.	127.786 kr.	221.226 kr.	52	154
2 til 4,9 ár	250.559 kr.	120.175 kr.	151.110 kr.	240.090 kr.	313.381 kr.	1560	251
5 til 9,9 ár	307.348 kr.	126.548 kr.	228.136 kr.	287.554 kr.	408.535 kr.	1535	307
10 til 14,9 ár	354.784 kr.	132.142 kr.	256.306 kr.	365.337 kr.	456.269 kr.	1098	355
15 ár eða lengri	381.744 kr.	148.118 kr.	262.486 kr.	394.288 kr.	481.194 kr.	2080	382
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	393.136 kr.	119.596 kr.	287.554 kr.	405.500 kr.	468.547 kr.	4331	393
Hlutastarfi 70-99%	266.008 kr.	68.021 kr.	213.169 kr.	240.788 kr.	315.430 kr.	1575	266
Hlutastarfi 1-69%	141.323 kr.	57.372 kr.	105.093 kr.	130.803 kr.	171.120 kr.	1809	141

Marktækur munur er á höfum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt.

0 250 500 750

Tafla 12. Uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Meðaltal	Staðalfrávik	Netri fjórungs- mörk	Mögildi	Efri fjórungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
<b>Október 2015</b>							
<b>Heild</b>	374.069 kr.	114.468 kr.	268.304 kr.	362.739 kr.	455.965 kr.	5906	374
<b>Kyn **</b>							
Karlar	366.674 kr.	125.787 kr.	261.605 kr.	329.758 kr.	444.351 kr.	1361	367
Konur	376.283 kr.	110.773 kr.	271.394 kr.	372.996 kr.	456.269 kr.	4545	376
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	280.069 kr.	58.225 kr.	238.293 kr.	252.598 kr.	303.535 kr.	912	280
30 til 39 ára	360.003 kr.	84.787 kr.	271.440 kr.	369.072 kr.	432.779 kr.	1305	360
40 til 49 ára	403.149 kr.	113.905 kr.	301.591 kr.	417.048 kr.	473.496 kr.	1362	403
50 til 59 ára	408.647 kr.	122.319 kr.	297.959 kr.	421.868 kr.	481.194 kr.	1486	409
60 til 75 ára	389.636 kr.	127.170 kr.	284.225 kr.	366.316 kr.	473.401 kr.	841	390
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjörmir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	572.317 kr.	138.754 kr.	460.624 kr.	538.038 kr.	641.632 kr.	479	572
Sérfræðingar	440.550 kr.	53.537 kr.	410.635 kr.	444.351 kr.	480.248 kr.	2497	441
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	335.109 kr.	60.750 kr.	290.932 kr.	323.782 kr.	362.592 kr.	591	335
Skrifstofufólk	302.549 kr.	28.474 kr.	280.946 kr.	301.591 kr.	317.295 kr.	134	303
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	268.842 kr.	31.873 kr.	247.420 kr.	259.694 kr.	284.225 kr.	1875	269
Iðnaðarmenn, vélgaasufólk, bændur og fiskimenn	332.818 kr.	48.240 kr.	313.262 kr.	325.543 kr.	372.843 kr.	41	333
Ósérhæft starfsfólk	261.113 kr.	30.820 kr.	240.487 kr.	247.382 kr.	274.531 kr.	270	261
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	409.845 kr.	137.385 kr.	325.543 kr.	378.086 kr.	460.290 kr.	275	410
ÍTR - Íþróttá- og tómstundasvið	319.048 kr.	109.435 kr.	251.449 kr.	263.019 kr.	367.680 kr.	163	319
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	395.138 kr.	123.329 kr.	294.380 kr.	385.896 kr.	427.010 kr.	129	395
SFS - Skóla- og frístundasvið	381.971 kr.	110.155 kr.	274.531 kr.	395.232 kr.	456.269 kr.	3660	382
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	354.468 kr.	121.209 kr.	251.369 kr.	321.388 kr.	432.792 kr.	387	354
VEL - Velferðarsvið	354.986 kr.	112.999 kr.	261.605 kr.	306.855 kr.	436.762 kr.	1302	355
<b>Starfsaldur ***</b>							
Styttri en 2 ár	259.207 kr.	29.042 kr.	238.284 kr.	249.131 kr.	259.758 kr.	16	259
2 til 4,9 ár	323.271 kr.	90.712 kr.	248.907 kr.	294.433 kr.	394.451 kr.	1069	323
5 til 9,9 ár	369.947 kr.	99.547 kr.	268.304 kr.	342.696 kr.	432.779 kr.	1253	360
10 til 14,9 ár	399.909 kr.	106.317 kr.	305.377 kr.	417.048 kr.	468.547 kr.	942	400
15 ár eða lengri	429.183 kr.	121.727 kr.	323.782 kr.	439.447 kr.	494.217 kr.	1774	429
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	393.136 kr.	119.596 kr.	287.554 kr.	405.500 kr.	468.547 kr.	4331	393
Hlutastarfi 70-99%	321.637 kr.	77.833 kr.	259.694 kr.	290.932 kr.	383.406 kr.	1575	322

Marktaukur munur er á höpnum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt.



























0 250 500 750

Meðalgrunnlaun þeirra sem unnu fullt starf í október 2015 voru um 393 þúsund krónur (sjá töflu 13). Konur í fullu starfi voru með um 8 þúsund krónum hærri meðalgrunnlaun en karlar og minnkar því munur á grunnlaunum karla og kvenna því hærra sem starfshlutfallið er. Hér má aftur sjá mjög svipaða launapróun og í launatöflum 11 og 12, þ.e. laun hækka með aldri og starfsaldri, stjórnendur eru með hæstu launin og ósérhæft starfsfólk og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk með þau lægstu auk þess sem starfsmenn skrifstofa Ráðhúss eru með hæstu launin þegar litið er til skiptingu eftir sviðum. Munur á meðalgrunnlaunum sviða minnkar töluvert þegar eingöngu er horft til starfsfólks í fullu starfi sem speglar vel þann veruleika að mikið af starfsfólki á íþróttá- og tómstundasviði annars vegar og velferðarsviði hins vegar er í hlutastarfi.

Óleiðréttur kynbundinn launamunur grunnlauna var konum ávallt í hag, þ.e. þær voru með 5,5% hærri grunnlaun en karlar þegar litið er til alls starfsfólks, 2,6% hærri grunnlaun þegar litið er til uppreiknaðra grunnlauna starfsfólks í 70% starfshlutfalli eða hærri, og 2,0% hærri grunnlaun en karlar meðal starfsfólks í fullu starfi (sjá töflur 14-16).



Tafla 13. Grunnlaun – Starfsfólk í fullu starfi

	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
<b>Október 2015</b>							
<b>Heild</b>	393.136 kr.	119.596 kr.	287.554 kr.	406.500 kr.	468.547 kr.	4331	 393
<b>Kyn e.m.</b>							
Karlar	387.360 kr.	130.106 kr.	280.946 kr.	378.086 kr.	457.702 kr.	1077	 387
Konur	396.051 kr.	115.866 kr.	290.932 kr.	411.414 kr.	468.547 kr.	3254	 396
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	286.354 kr.	66.120 kr.	236.999 kr.	250.349 kr.	313.381 kr.	578	 286
30 til 39 ára	375.122 kr.	85.058 kr.	301.591 kr.	395.232 kr.	439.447 kr.	917	 375
40 til 49 ára	417.893 kr.	117.019 kr.	321.388 kr.	432.779 kr.	481.194 kr.	1053	 418
50 til 59 ára	427.277 kr.	125.107 kr.	319.742 kr.	444.351 kr.	494.217 kr.	1165	 427
60 til 75 ára	413.190 kr.	133.641 kr.	301.591 kr.	417.048 kr.	492.079 kr.	618	 413
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	579.072 kr.	138.671 kr.	473.496 kr.	543.809 kr.	653.653 kr.	455	 579
Sérfræðingar	446.603 kr.	52.998 kr.	416.684 kr.	447.473 kr.	481.194 kr.	2039	 446
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	357.911 kr.	65.309 kr.	309.349 kr.	343.085 kr.	394.288 kr.	299	 358
Skrifstofufólk	304.361 kr.	29.860 kr.	280.946 kr.	303.511 kr.	321.388 kr.	104	 304
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	270.145 kr.	33.864 kr.	246.199 kr.	257.209 kr.	294.632 kr.	1164	 270
Lónaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	332.818 kr.	48.240 kr.	313.262 kr.	325.543 kr.	372.843 kr.	41	 333
Ósérhæft starfsfólk	264.781 kr.	32.223 kr.	241.923 kr.	248.907 kr.	280.946 kr.	210	 265
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	415.213 kr.	139.346 kr.	325.605 kr.	386.980 kr.	463.335 kr.	258	 415
ÍTR - Íþróttir- og tónstundasvið	369.821 kr.	128.796 kr.	257.125 kr.	347.774 kr.	417.048 kr.	85	 370
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	407.116 kr.	135.189 kr.	297.959 kr.	394.288 kr.	428.946 kr.	99	 407
SFS - Skóla- og frístundasvið	394.636 kr.	114.238 kr.	294.632 kr.	417.048 kr.	468.547 kr.	2826	 395
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	368.856 kr.	123.113 kr.	256.254 kr.	321.388 kr.	438.951 kr.	356	 359
VEL - Væðingarsvið	397.188 kr.	124.157 kr.	274.531 kr.	394.369 kr.	480.248 kr.	707	 397
<b>Starfsaldur ***</b>							
Styttri en 2 ár	267.618 kr.	37.257 kr.	236.999 kr.	255.424 kr.	309.349 kr.	7	 268
2 til 4,9 ár	337.608 kr.	97.269 kr.	248.907 kr.	311.143 kr.	421.542 kr.	756	 338
5 til 9,9 ár	379.040 kr.	105.110 kr.	284.225 kr.	383.486 kr.	444.351 kr.	871	 379
10 til 14,9 ár	413.156 kr.	107.912 kr.	329.758 kr.	432.779 kr.	468.547 kr.	727	 413
15 ár eða lengri	449.625 kr.	122.362 kr.	367.910 kr.	460.290 kr.	494.217 kr.	1392	 450

Marktakur munur er á hópum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt.

0 250 500 750

Tafla 14 sýnir grunnlaun greind eftir kyni og öðrum bakgrunnsbreytum. Konur voru að jafnaði með um 16 þúsund krónum hærri laun en karlar þegar á heildina á litið, en launamunur kynjanna var nokkuð misjafn eftir hópum. Yngstu konurnar voru með hærri laun en jafnaldrar þeirra en á móti voru elstu karlarnir (60 til 75 ára) með hærri laun en jafnöldrur þeirra. Á aldrinum 30-59 ára var töluvert jafnræði með launum karla og kvenna. Þá voru karlar í stjórnendastörfum með 9% hærri laun en konur í sambærilegum störfum auk þess að vera með 3-5% hærri laun en konurnar í sérfræði- og tæknistörfum. Meðal skrifstofufólks og þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólks voru konur að jafnaði með nokkuð hærri laun en karlar (7-32%) en svo voru karlar með 18% hærri laun en konur í ósérhæfðum störfum.

Það var breytilegt milli sviða hvort kynið var með hærri laun (sjá töflu 14). Á skrifstofum Ráðhúss og ÍTR voru karlar með 8-13% hærri laun en konur, en konur voru með 9-12% hærri laun en karlar á öðrum sviðum. Þá eru konur með styttri starfsaldur en 10 ár með hærri grunnlaun en karlar á meðan því er öfugt farið þegar starfsaldurinn fer yfir 10 ár.

Þegar uppreiknuð grunnlaun eru skoðuð í hópi þeirra sem voru í að minnsta kosti 70% starfshlutfalli má sjá að konur voru með 3% hærri laun en karlar (sjá töflu 15). Í þessum hópi er mun minni

launamunur kynja en þegar laun alls starfsfólks eru skoðuð. Mestu munar á þróttá- og tólmstundasviði annars vegar, þar sem karlar voru með 12% hærri laun en konur, og umhverfis- og skipulagssviði hins vegar, þar sem konur voru með 12% hærri grunnlaun en karlar.


























Sömu sögu má segja þegar litið er til starfsfólks í fullu starfi (sjá töflu 16). Í þeim hópi eru konur að jafnaði með 2% hærri laun en karlar (8 þús. kr.) og mestu munar innan ÍTR (karlar með 13% hærri grunnlaun) og USK (konur með 12% hærri grunnlaun).

Tafla 14. Grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Karlar		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	295.771 kr.	1852	312.045 kr.	5863	106%
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	183.037 kr.	559	205.475 kr.	1081	112%
30 til 39 ára	298.566 kr.	398	299.741 kr.	1262	100%
40 til 49 ára	360.522 kr.	274	356.431 kr.	1308	99%
50 til 59 ára	369.813 kr.	338	364.263 kr.	1383	98%
60 til 75 ára	363.396 kr.	283	312.595 kr.	829	86%
<b>Starfsheiti</b>					
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og sjómendur	589.158 kr.	130	537.274 kr.	377	91%
Sérfræðingar	406.451 kr.	489	393.031 kr.	2411	97%
Tæknar og sérmennlað starfsfólk	272.536 kr.	218	258.377 kr.	592	95%
Skrifstofufólk	200.583 kr.	17	264.595 kr.	152	132%
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	193.417 kr.	773	207.419 kr.	2169	107%
Lónaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	317.421 kr.	39	<5	<5	
Ósérhæft starfsfólk	247.733 kr.	183	203.422 kr.	142	82%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	405.200 kr.	128	373.004 kr.	170	92%
ÍTR - Þróttá- og tólmstundasvið	287.243 kr.	110	248.969 kr.	103	87%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	295.755 kr.	41	323.211 kr.	134	109%
SFS - Skóla- og frístundasvið	286.704 kr.	891	320.701 kr.	3910	112%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	334.176 kr.	296	364.145 kr.	106	109%
VEL - Velferðarsvið	253.395 kr.	386	280.982 kr.	1440	111%
<b>Starfsaldur</b>					
Styttri en 2 ár	146.804 kr.	24	159.265 kr.	28	108%
2 til 4,9 ár	242.371 kr.	499	254.410 kr.	1061	105%
5 til 9,9 ár	302.675 kr.	383	308.902 kr.	1152	102%
10 til 14,9 ár	361.897 kr.	204	353.161 kr.	894	98%
15 ár eða lengri	413.733 kr.	359	375.071 kr.	1721	91%
<b>Starfshlutfall</b>					
Fullt starf	387.350 kr.	1077	395.051 kr.	3254	102%
Hlutastarf 70-99%	241.235 kr.	284	271.458 kr.	1291	113%
Hlutastarf 1-69%	126.438 kr.	491	146.869 kr.	1318	116%























0% 50% 100% 150%

Tafla 15. Uppreiknuð grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Karlar		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	366.674 kr.	1361	376.283 kr.	4545	 103%
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	277.612 kr.	262	281.059 kr.	650	 101%
30 til 39 ára	359.605 kr.	307	360.125 kr.	998	 100%
40 til 49 ára	404.934 kr.	236	402.775 kr.	1126	 99%
50 til 59 ára	396.819 kr.	308	411.740 kr.	1178	 104%
60 til 75 ára	395.669 kr.	248	387.112 kr.	593	 98%
<b>Starfsheiti</b>					
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	597.194 kr.	127	563.341 kr.	352	 94%
Sérfræðingar	434.594 kr.	443	441.834 kr.	2054	 102%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	351.190 kr.	151	329.591 kr.	440	 94%
Skrifstofufólk	291.346 kr.	10	303.453 kr.	124	 104%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	275.306 kr.	421	266.970 kr.	1454	 97%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	326.978 kr.	37	<5	<5	
Ósérhæft starfsfólk	262.455 kr.	169	258.867 kr.	101	 99%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	416.705 kr.	123	404.295 kr.	152	 97%
ÍTR - Íþróttia- og íþróttastundasvið	337.731 kr.	85	298.689 kr.	78	 88%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	372.632 kr.	29	401.664 kr.	100	 108%
SFS - Skóla- og frístundasvið	386.024 kr.	569	381.222 kr.	3081	 99%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	343.764 kr.	286	384.780 kr.	101	 112%
VEL - Velferðarsvið	335.729 kr.	269	360.001 kr.	1033	 107%
<b>Starfsaldur</b>					
Styttri en 2 ár	261.206 kr.	6	258.007 kr.	10	 99%
2 til 4,9 ár	317.688 kr.	331	325.775 kr.	738	 103%
5 til 9,9 ár	361.462 kr.	305	359.460 kr.	948	 99%
10 til 14,9 ár	398.769 kr.	178	400.175 kr.	764	 100%
15 ár eða lengri	435.345 kr.	332	427.764 kr.	1442	 98%
<b>Starfshlutfall</b>					
Fullt starf	387.350 kr.	1077	395.051 kr.	3254	 102%
Hlutfestarf 70-99%	288.265 kr.	284	328.978 kr.	1291	 114%

0% 50% 100% 150%

Tafla 16. Grunnlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi

	Karlar		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	387.350 kr.	1077	395.051 kr.	3254	 102%
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	290.714 kr.	153	284.785 kr.	425	 98%
30 til 39 ára	376.251 kr.	242	374.718 kr.	675	 100%
40 til 49 ára	421.581 kr.	198	417.040 kr.	855	 99%
50 til 59 ára	410.182 kr.	269	432.409 kr.	896	 105%
60 til 75 ára	408.524 kr.	215	415.679 kr.	403	 102%
<b>Starfsheiti</b>					
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	597.194 kr.	127	572.055 kr.	328	 96%
Sérfræðingar	436.316 kr.	412	447.955 kr.	1627	 103%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	379.654 kr.	93	348.096 kr.	206	 92%
Skrifstofufólk	284.174 kr.	7	305.818 kr.	97	 108%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	282.738 kr.	253	266.648 kr.	911	 94%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	326.978 kr.	37	<5	<5	
Ósérhætt starfsfólk	263.915 kr.	145	266.713 kr.	65	 101%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	419.051 kr.	119	411.926 kr.	139	 98%
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	392.207 kr.	47	342.132 kr.	38	 87%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	377.218 kr.	26	417.764 kr.	73	 111%
SFS - Skóla- og fristundasvið	400.223 kr.	482	393.488 kr.	2344	 98%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	348.238 kr.	267	390.709 kr.	89	 112%
VEL - Velferðarsvið	391.038 kr.	136	398.652 kr.	571	 102%
<b>Starfsaldur</b>					
Styttri en 2 ár		<5	257.592 kr.	5	
2 til 4,9 ár	333.679 kr.	238	339.413 kr.	518	 102%
5 til 9,9 ár	384.616 kr.	231	377.027 kr.	640	 98%
10 til 14,9 ár	405.748 kr.	160	415.246 kr.	567	 102%
15 ár eða lengri	447.444 kr.	298	450.219 kr.	1094	 101%

## Heildarlaun

Meðalheildarlaun allra starfsmanna sem voru föstu starfi í október 2015 námu um 364 þúsund krónum og voru karlar að jafnaði með um 15 þúsund krónum hærri heildarlaun en konur (sjá töflu 17). Marktækur munur var á meðaltölum allra bakgrunnshópa. Þegar heildarlaun eru greind eftir bakgrunnshópum sést mjög svipað mynstur og í grunnlaunum. Heildarlaun hækka með hækkandi starfsaldri og aldri með þeirri undantekningu að þau lækka aftur í elsta aldursþópnum. Þá eru stjórnendur með hæstu heildarlaunin en hér er starfsfólk í iðnaðar- og vélgæslustörfum komið með álika há laun og sérfræðingar. Þá er starfsfólk í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum að jafnaði með lægstu heildarlaunin. Hæstu heildarlaunin eru á skrifstofum Ráðhúss en þau næst hæstu á umhverfis- og skipulagssviði. Lægstu heildarlaunin eru að meðaltali á skóla- og fristundasviði.

Uppreiknuð heildarlaun einstaklinga í 70-100% starfi í október 2015 námu tæpum 437 þúsund krónum og voru karlar með um 34 þúsundum hærri heildarlaun en konur (sjá töflu 18). Hér má sjá mjög svipað mynstur og þegar heildarlaun allra eru skoðuð.

Meðalheildarlaun starfsfólk í fullu starfi í október 2015 eru rösklega 457 þúsund krónur (sjá töflu 19). Meðallaun karla eru tæplega 488 þúsund krónur en kvenna rösklega 447 þúsund krónur og eru karlar því með meira en 40 þúsund krónum hærri laun en konur á mánuði. Hér má sjá mjög svipað launamynstur og í töflum 17 og 18, að því undanskildu að sérfræðingar eru með nokkuð hærri laun en starfsfólk í iðnaðar- og vélgæslustörfum auk þess sem mun minni munur er á heildarlaunum starfsfólks eftir sviði.

Tafla 1017. Heildarlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórðungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
<b>Október 2015</b>							
<b>Helld</b>	363.666 kr.	168.305 kr.	246.237 kr.	347.732 kr.	478.656 kr.	7715	364
<b>Kyn ***</b>							
Karlar	375.388 kr.	194.202 kr.	219.484 kr.	364.829 kr.	494.217 kr.	1852	375
Konur	359.963 kr.	159.091 kr.	249.089 kr.	343.085 kr.	474.984 kr.	5863	360
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	241.290 kr.	114.688 kr.	145.510 kr.	240.748 kr.	301.541 kr.	1640	241
30 til 39 ára	350.804 kr.	147.091 kr.	247.431 kr.	344.575 kr.	457.527 kr.	1660	351
40 til 49 ára	417.262 kr.	166.707 kr.	297.596 kr.	418.350 kr.	510.099 kr.	1582	417
50 til 59 ára	426.325 kr.	165.196 kr.	301.448 kr.	432.031 kr.	523.662 kr.	1721	426
60 til 75 ára	390.124 kr.	173.046 kr.	260.064 kr.	374.238 kr.	494.217 kr.	1112	390
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjörmír fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	632.206 kr.	179.837 kr.	515.950 kr.	621.160 kr.	746.525 kr.	507	632
Sérfræðingar	448.011 kr.	130.237 kr.	378.125 kr.	465.126 kr.	521.453 kr.	2900	448
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	323.326 kr.	152.239 kr.	207.857 kr.	302.838 kr.	417.520 kr.	810	323
Skrifstofufólk	311.429 kr.	112.148 kr.	252.509 kr.	324.998 kr.	379.456 kr.	169	311
Þjónusta-, söku- og afgreiðslufólk	254.020 kr.	103.024 kr.	170.221 kr.	260.372 kr.	316.325 kr.	2942	254
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	455.128 kr.	111.245 kr.	404.448 kr.	441.973 kr.	552.704 kr.	43	455
Ósérhætt starfsfólk	296.180 kr.	102.619 kr.	240.487 kr.	299.607 kr.	373.722 kr.	325	296
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	501.774 kr.	202.426 kr.	355.679 kr.	486.061 kr.	625.705 kr.	298	502
ÍTR - Íþrótt- og íþróttundasvið	377.586 kr.	189.444 kr.	265.597 kr.	355.750 kr.	438.517 kr.	213	378
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	364.844 kr.	178.049 kr.	246.418 kr.	346.028 kr.	459.506 kr.	175	365
SFS - Skóla- og frístundasvið	346.642 kr.	157.665 kr.	235.253 kr.	333.347 kr.	468.841 kr.	4801	347
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	459.315 kr.	170.699 kr.	345.746 kr.	418.544 kr.	573.917 kr.	402	459
VEL - Velferðarsvið	363.092 kr.	167.852 kr.	244.664 kr.	330.158 kr.	470.444 kr.	1826	363
<b>Starfsaldur ***</b>							
Styttri en 2 ár	191.873 kr.	85.720 kr.	123.702 kr.	174.194 kr.	262.433 kr.	52	192
2 til 4,9 ár	303.263 kr.	148.616 kr.	194.791 kr.	275.478 kr.	394.200 kr.	1560	303
5 til 9,9 ár	374.838 kr.	153.419 kr.	266.830 kr.	365.015 kr.	474.673 kr.	1535	375
10 til 14,9 ár	416.024 kr.	159.291 kr.	297.517 kr.	417.048 kr.	508.986 kr.	1098	416
15 ár eða lengri	437.389 kr.	168.501 kr.	316.547 kr.	444.351 kr.	529.960 kr.	2080	437
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	457.171 kr.	143.521 kr.	344.806 kr.	454.986 kr.	533.270 kr.	4331	457
Hlutastarfi 70-99%	325.631 kr.	90.764 kr.	252.987 kr.	318.153 kr.	380.374 kr.	1575	326
Hlutastarfi 1-69%	172.916 kr.	75.800 kr.	124.432 kr.	159.783 kr.	210.725 kr.	1809	173

Marktekkur munur er á höpum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt

0 250 500 750



























Tafla 18. Uppreiknuð heildarlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Meðaltal	Staðalfrávik	Nedri fjórðungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórðungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
<b>Október 2015</b>							
<b>Héild</b>	436.927 kr.	136.523 kr.	325.573 kr.	428.605 kr.	510.072 kr.	5906	437
<b>Kyn ***</b>							
Karlar	463.160 kr.	156.780 kr.	347.337 kr.	435.148 kr.	543.669 kr.	1361	463
Konur	429.072 kr.	128.828 kr.	319.669 kr.	426.775 kr.	503.790 kr.	4545	429
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	334.171 kr.	87.740 kr.	265.032 kr.	305.108 kr.	381.336 kr.	912	334
30 til 39 ára	417.860 kr.	110.827 kr.	329.708 kr.	410.635 kr.	487.994 kr.	1305	418
40 til 49 ára	467.784 kr.	139.791 kr.	374.851 kr.	461.682 kr.	534.507 kr.	1362	468
50 til 59 ára	474.017 kr.	139.064 kr.	375.009 kr.	468.824 kr.	542.488 kr.	1486	474
60 til 75 ára	462.437 kr.	145.281 kr.	350.149 kr.	442.808 kr.	534.638 kr.	841	462
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	656.810 kr.	156.670 kr.	533.431 kr.	631.948 kr.	751.136 kr.	479	657
Sérfræðingar	496.685 kr.	86.651 kr.	439.559 kr.	486.574 kr.	538.447 kr.	2497	497
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	408.164 kr.	121.698 kr.	301.591 kr.	382.205 kr.	483.627 kr.	591	408
Skrifstofufólk	364.064 kr.	74.140 kr.	321.388 kr.	353.058 kr.	386.799 kr.	134	364
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	328.756 kr.	72.462 kr.	270.368 kr.	311.520 kr.	367.688 kr.	1875	329
Iónaðermenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	470.470 kr.	88.124 kr.	414.855 kr.	453.437 kr.	552.704 kr.	41	470
Ósérhæft starfsfólk	337.776 kr.	69.544 kr.	282.010 kr.	320.324 kr.	390.105 kr.	270	338
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	532.436 kr.	182.484 kr.	383.232 kr.	502.050 kr.	630.463 kr.	275	532
ÍTR - Iþróttar- og íþróttasvið	454.236 kr.	160.999 kr.	356.270 kr.	398.764 kr.	497.481 kr.	163	454
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	451.719 kr.	140.792 kr.	353.079 kr.	430.857 kr.	486.861 kr.	129	452
SFS - Skóla- og frístundasvið	418.339 kr.	122.826 kr.	301.698 kr.	426.054 kr.	494.217 kr.	3650	418
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	475.196 kr.	158.694 kr.	360.528 kr.	427.679 kr.	580.193 kr.	387	475
VEL - Væðingarsvið	453.855 kr.	137.627 kr.	341.059 kr.	431.107 kr.	538.434 kr.	1302	454
<b>Starfsaldur ***</b>							
Styðni en 2 ár	308.809 kr.	53.420 kr.	261.489 kr.	305.508 kr.	341.226 kr.	16	309
2 til 4,9 ár	385.478 kr.	121.032 kr.	277.809 kr.	358.500 kr.	460.126 kr.	1069	385
5 til 9,9 ár	433.203 kr.	125.709 kr.	341.017 kr.	421.083 kr.	503.186 kr.	1253	433
10 til 14,9 ár	466.088 kr.	131.610 kr.	377.907 kr.	461.070 kr.	527.183 kr.	942	466
15 ár eða lengri	489.311 kr.	138.448 kr.	407.805 kr.	481.194 kr.	551.214 kr.	1774	489
<b>Starfshlutfall ***</b>							
Fullt starf	457.171 kr.	143.521 kr.	344.806 kr.	454.986 kr.	533.270 kr.	4331	457
Hlutastarfi 70-99%	381.259 kr.	95.032 kr.	301.591 kr.	370.268 kr.	440.335 kr.	1575	381

Marktektur munur er á háþrum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt

0 250 500 750

Tafla 19. Heildarlaun – Starfsfólk í fullu starfi

	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórðungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
<b>Október 2015</b>							
<b>Heild</b>	457.171 kr.	143.521 kr.	344.806 kr.	454.986 kr.	533.270 kr.	4331	 457
<b>Kyn ***</b>							
Karlar	487.602 kr.	161.632 kr.	378.086 kr.	460.449 kr.	572.109 kr.	1077	 488
Konur	447.099 kr.	135.530 kr.	337.134 kr.	453.101 kr.	522.254 kr.	3254	 447
<b>Aldur ***</b>							
18 til 29 ára	332.666 kr.	92.607 kr.	263.001 kr.	298.182 kr.	383.563 kr.	578	 333
30 til 39 ára	435.922 kr.	115.999 kr.	345.203 kr.	433.855 kr.	508.312 kr.	917	 436
40 til 49 ára	485.953 kr.	145.677 kr.	394.315 kr.	479.301 kr.	552.093 kr.	1053	 486
50 til 59 ára	492.703 kr.	141.747 kr.	399.852 kr.	492.967 kr.	561.990 kr.	1165	 493
60 til 75 ára	489.128 kr.	149.854 kr.	386.561 kr.	478.415 kr.	565.445 kr.	618	 489
<b>Starfsheiti ***</b>							
Kjörmír fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	663.833 kr.	156.950 kr.	543.809 kr.	640.341 kr.	759.066 kr.	455	 664
Sérfræðingar	505.926 kr.	86.571 kr.	450.741 kr.	494.217 kr.	547.849 kr.	2039	 506
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	452.441 kr.	121.216 kr.	359.027 kr.	427.679 kr.	538.901 kr.	299	 452
Skrifstofufólk	367.088 kr.	65.384 kr.	323.668 kr.	360.464 kr.	406.073 kr.	104	 367
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	320.256 kr.	73.503 kr.	265.149 kr.	300.229 kr.	352.459 kr.	1164	 320
Iðnaðarmenn, völgæslufólk, bændur og ískimenn	470.470 kr.	88.124 kr.	414.855 kr.	453.437 kr.	552.704 kr.	41	 470
Ósérhæft starfsfólk	345.791 kr.	71.089 kr.	285.888 kr.	331.705 kr.	399.558 kr.	210	 346
<b>Svið ***</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	540.886 kr.	181.897 kr.	402.798 kr.	511.405 kr.	631.950 kr.	258	 541
ÍTR - Íþrótt- og tómsundasvið	517.539 kr.	197.312 kr.	366.869 kr.	476.658 kr.	620.301 kr.	85	 518
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	469.751 kr.	153.137 kr.	363.496 kr.	443.063 kr.	528.425 kr.	99	 470
SFS - Skóla- og frístundasvið	435.435 kr.	126.603 kr.	325.543 kr.	446.649 kr.	508.587 kr.	2826	 435
USK - Umhverfis- og skipulagsvið	483.211 kr.	159.998 kr.	363.327 kr.	434.619 kr.	584.830 kr.	356	 483
VEL - Velferðasvið	491.373 kr.	151.541 kr.	359.790 kr.	490.468 kr.	581.070 kr.	707	 491
<b>Starfsaldur ***</b>							
Slytri en 2 ár	322.212 kr.	70.632 kr.	261.575 kr.	304.509 kr.	381.286 kr.	7	 322
2 til 4,9 ár	397.964 kr.	130.414 kr.	277.128 kr.	373.964 kr.	479.146 kr.	756	 398
5 til 9,9 ár	452.248 kr.	133.464 kr.	352.408 kr.	444.378 kr.	525.658 kr.	871	 452
10 til 14,9 ár	484.124 kr.	135.856 kr.	395.629 kr.	477.693 kr.	551.260 kr.	727	 484
15 ár eða lengri	512.646 kr.	138.357 kr.	434.362 kr.	494.217 kr.	573.095 kr.	1392	 513

Marktektur munur er á höfum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktekt.

0 250 500 750

Í töflum 20-22 má sjá heildarlaun karla og kvenna greind eftir bakgrunnshópum. Kynbundinn launamunur var 4,1% meðal alls starfsfólks, 7,6% meðal starfsfólks í 70-100% starfi (uppreiknuð heildarlaun) og 8,3% meðal starfsfólks í fullu starfi, ávallt körlum í hag.

Meðal alls starfsfólks í föstu starfi voru konur með lægri heildarlaun en karlar í flestum bakgrunnshópum (sjá töflu 20). Konur eru með hærri heildarlaun en karlar í yngsta aldurshópnum en frá 30 ára aldri eru karlar með hærri heildarlaun en konur og eykst sá munur með aldri, en hann er 22% meðal starfsfólks 60 ára og eldri. Þá eru karlar með 3-28% hærri heildarlaun en konur þegar horft er til starfaskiptingar, en konur eru með 35% hærri heildarlaun en karlar meðal skrifstofufólks, en þar eru karlar mjög fámennir. Þegar horft er til sviða Reykjavíkurborgar eru karlar með 13% hærri laun en konur á skrifstofum Ráðhúss og íþrótt- og tómsundasviði, en konur með 1-8% hærri laun á öðrum sviðum.

Í töflu 21 má sjá samanburð á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna sem gegndu 70-100% starfi. Eins og sjá má hefur rauðu súlunum fækkað um nærri helming, samanborið við töflu 20, þó mynstrið eftir bakgrunnshópum sé nokkuð áþekkt. Hér má helst benda á að meðal stjórnenda eru karlar með 13% hærri heildarlaun en konur, eða sem nemur um 95 þúsund krónum.



Ef skoðað er starfsfólk í fullu starfi (tafla 22) má sjá að rauðu súlunum fækkar enn frekar og hafa konur einungis hærra laun en karlar í þremur hópum: Skrifstofufólk, starfsfólk menningar- og ferðamálasviðs og starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs. Í öðrum hópum eru karlar með hærra laun en konur og munar mestu á íþrótt- og tómstundasviði (18%) en minnstu á velferðarsviði (3%).

Tafla 20. Heildarlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Karlar		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	375.388 kr.	1852	359.963 kr.	5863	96%
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	227.204 kr.	559	248.574 kr.	1081	109%
30 til 39 ára	371.129 kr.	398	344.394 kr.	1262	93%
40 til 49 ára	464.504 kr.	274	407.366 kr.	1308	88%
50 til 59 ára	475.791 kr.	338	414.235 kr.	1383	87%
60 til 75 ára	467.881 kr.	283	363.579 kr.	829	78%
<b>Starfsheiti</b>					
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	715.785 kr.	130	603.386 kr.	377	84%
Sérfræðingar	492.722 kr.	489	438.943 kr.	2411	89%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	341.423 kr.	218	316.662 kr.	592	93%
Skrifstofufólk	237.549 kr.	17	319.692 kr.	152	135%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	260.281 kr.	773	251.789 kr.	2169	97%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	447.601 kr.	39	<5		
Ósérhæft starfsfólk	337.316 kr.	183	243.167 kr.	142	72%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	543.212 kr.	128	470.574 kr.	170	87%
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	403.311 kr.	110	350.113 kr.	103	87%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	344.436 kr.	41	371.089 kr.	134	108%
SFS - Skóla- og frístundasvið	331.014 kr.	891	350.204 kr.	3910	106%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	457.763 kr.	296	463.647 kr.	106	101%
VEL - Velferðarsvið	354.326 kr.	366	365.442 kr.	1440	103%
<b>Starfsaldur</b>					
Styrti en 2 ár	184.666 kr.	24	198.049 kr.	28	107%
2 til 4,9 ár	307.301 kr.	499	301.364 kr.	1061	98%
5 til 9,9 ár	390.034 kr.	383	369.785 kr.	1152	95%
10 til 14,9 ár	464.846 kr.	204	404.883 kr.	894	87%
15 ár eða lengri	524.113 kr.	359	419.274 kr.	1721	80%
<b>Starfshlutfall</b>					
Fullt starf	487.602 kr.	1077	447.099 kr.	3254	92%
Hlutastar 70-99%	323.440 kr.	284	326.112 kr.	1291	101%
Hlutastar 1-69%	159.296 kr.	491	177.991 kr.	1318	112%

0% 50% 100% 150%



Tafla 21. Uppreiknuð heildarlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira


	Karlur		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	463.160 kr.	1361	429.072 kr.	4545	93%
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	339.979 kr.	262	331.830 kr.	650	98%
30 til 39 ára	443.451 kr.	307	409.988 kr.	998	92%
40 til 49 ára	518.771 kr.	236	457.097 kr.	1126	88%
50 til 59 ára	509.387 kr.	308	464.769 kr.	1178	91%
60 til 75 ára	507.361 kr.	248	443.649 kr.	593	87%
<b>Starfsheiti</b>					
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	726.812 kr.	127	631.553 kr.	352	87%
Sérfræðingar	524.332 kr.	443	490.966 kr.	2054	94%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	444.507 kr.	151	395.692 kr.	440	89%
Skrifstofufólk	343.902 kr.	10	365.690 kr.	124	106%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	369.240 kr.	421	317.034 kr.	1454	86%
Lönaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	464.195 kr.	37	<5	<5	
Ósérhæft starfsfólk	356.315 kr.	169	306.761 kr.	101	86%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	558.717 kr.	123	511.169 kr.	152	91%
ÍTR - Íþrótt- og törmundasvið	484.272 kr.	85	421.504 kr.	78	87%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	433.995 kr.	29	456.859 kr.	100	105%
SFS - Skóla- og frístundasvið	442.779 kr.	569	413.826 kr.	3081	93%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	470.802 kr.	286	487.647 kr.	101	104%
VEL - Velferðarsvið	450.926 kr.	269	454.618 kr.	1033	101%
<b>Starfsaldur</b>					
Styttri en 2 ár	326.913 kr.	6	297.946 kr.	10	91%
2 til 4,9 ár	400.309 kr.	331	378.826 kr.	738	95%
5 til 9,9 ár	459.959 kr.	305	424.595 kr.	948	92%
10 til 14,9 ár	512.589 kr.	178	455.254 kr.	764	89%
15 ár eða lengri	550.877 kr.	332	475.136 kr.	1442	86%
<b>Starfshlutfall</b>					
Fullt starf	487.602 kr.	1077	447.099 kr.	3254	92%
Hlutastarf 70-99%	370.469 kr.	284	383.632 kr.	1291	104%

0% 50% 100% 150%

Tafla 22. Heildarlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi


	Karlar		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	487.602 kr.	1077	447.099 kr.	3254	92%
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	346.567 kr.	153	327.661 kr.	425	95%
30 til 39 ára	460.490 kr.	242	427.114 kr.	675	93%
40 til 49 ára	539.118 kr.	198	473.640 kr.	855	88%
50 til 59 ára	525.383 kr.	269	482.891 kr.	896	92%
60 til 75 ára	523.771 kr.	215	470.645 kr.	403	90%
<b>Starfsheiti</b>					
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og síjómendur	726.812 kr.	127	639.448 kr.	328	88%
Sérfræðingar	527.964 kr.	412	500.346 kr.	1627	95%
Tæknar og sémenntað starfsfólk	510.272 kr.	93	426.333 kr.	206	84%
Skrifstofufólk	336.736 kr.	7	369.279 kr.	97	110%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	389.543 kr.	253	306.568 kr.	911	83%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	464.195 kr.	37	<5	<5	
Ósérhæft starfsfólk	361.824 kr.	145	310.024 kr.	65	86%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	563.616 kr.	119	521.427 kr.	139	93%
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	562.912 kr.	47	461.420 kr.	38	82%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	442.464 kr.	26	479.470 kr.	73	108%
SFS - Skóla- og fristundasvið	464.044 kr.	482	429.552 kr.	2344	93%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	478.678 kr.	267	496.813 kr.	89	104%
VEL - Velferðarsvið	504.707 kr.	136	488.197 kr.	571	97%
<b>Starfsaldur</b>					
Stytri en 2 ár		<5	311.670 kr.	5	
2 til 4,9 ár	416.088 kr.	238	389.636 kr.	518	94%
5 til 9,9 ár	486.229 kr.	231	439.983 kr.	640	90%
10 til 14,9 ár	521.340 kr.	160	473.623 kr.	567	91%
15 ár eða lengri	565.419 kr.	298	498.270 kr.	1094	88%

Á mynd 2 má sjá óleiðréttan launamun kynjanna eftir starfaflokkum. Eins og tafla 21 sýnir var kynbundinn launamunur mestur hjá stjórnendum og ósérhæfðum starfsmönnum, körlum í vil. Konur í skrifstofustörfum voru með hærri meðallaun en karlar, en mjög fáir karlar gegndu slíkum störfum. Launamunurinn er óverulegur í grunnlaunum en eykst töluvert í heildarlaunum.



**Mynd 2. Uppreiknuð heildarlaun greind eftir starfaflokki – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira**

Á mynd 3 má sjá samsetningu meðalheildargreiðslna karla og kvenna. Nokkur munur var á launasamsetningu kynjanna. Grunnlaun voru um 88% af heildargreiðslum kvenna en sambærileg tala fyrir karla var 79%. Yfirvinna á stærri þátt í launamyndun karla en kvenna, en um 14% af heildarlaunum karla voru yfirvinnugreiðslur á móti 8% hjá konum. Mjög lítið var um akstursgreiðslur og því falla þær undir flokkinn „Annað“.



**Mynd 3. Samsetning uppreiknaðra meðalheildargreiðslna karla og kvenna – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira**



## Yfirvinnugreiðslur

Yfirvinnu má skipta í breytilega og fasta yfirvinnu. Breytileg yfirvinna er yfirvinna sem er greidd samkvæmt vinnuskýrslu eða stimpilklukku. Föst yfirvinna er hinsvegar fyrirfram ákveðin og er oft áætluð.

### ***Breytileg yfirvinna***

Í október 2015 fékk aðeins hærra hlutfall karla en kvenna greidd laun fyrir breytilega yfirvinnu, eða nærri 50% karla á móti rúmlega 43% kvenna (sjá töflu 23). Nokkuð ólíkt er eftir bakgrunnshópum hvort hærra hlutfall karla eða kvenna fékk breytilegar yfirvinnugreiðslur. Til að mynda fékk hærra hlutfall kvenna en karla í stjórnunar-, sérfræðings- og tæknistörfum greidda breytilega yfirvinnu á meðan því var öfugt farið í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum auk ósérhæfðra starfa. Þá fengu konur á ÍTR og MOF í meira mæli en karlar greiddar breytilegar yfirvinnugreiðslur á meðan karlar á öðrum sviðum fengu frekar yfirvinnugreiðslur.

Tafla 23. Hlutfall karla og kvenna með breytilega yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Allir		Karlar	Konur	Mismunur á hlutfalli karla og kvenna sem vinnur breytilega yfirvinnu
	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	44,8%	7715	49,8%	43,3%	6,6%
<b>Kyn</b>					
Karlar	49,8%	1852	-	-	
Konur	43,3%	5863	-	-	
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	56,2%	1640	58,5%	55,0%	3,5%
30 til 39 ára	44,8%	1660	53,0%	42,2%	10,9%
40 til 49 ára	41,3%	1582	46,7%	40,1%	6,6%
50 til 59 ára	42,0%	1721	43,5%	41,6%	1,8%
60 til 75 ára	37,6%	1112	38,9%	37,2%	1,7%
<b>Starfsheiti</b>					
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	18,9%	507	11,5%	21,5%	-9,9%
Sérfræðingar	43,2%	2900	40,7%	43,7%	-3,0%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	29,9%	810	15,6%	35,1%	19,5%
Skrifstofufólk	11,8%	169	5,9%	12,5%	-6,6%
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	53,5%	2942	64,6%	49,6%	14,9%
Lönaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	48,8%	43	51,3%	<5	
Ósérhæft starfsfólk	77,5%	325	84,7%	68,3%	16,4%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	4,4%	298	8,6%	1,2%	7,4%
ÍTR - Íþróttá- og tómstundasvið	66,7%	213	60,0%	73,8%	-13,8%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	19,4%	175	12,2%	21,6%	-9,4%
SFS - Skóla- og frístundasvið	42,1%	4801	43,9%	41,7%	2,2%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	51,5%	402	59,5%	29,2%	30,2%
VEL - Velferðarsvið	57,1%	1826	71,0%	53,3%	17,7%
<b>Starfsaldur</b>					
Styttri en 2 ár	57,7%	52	50,0%	64,3%	-14,3%
2 til 4,9 ár	50,6%	1560	55,9%	48,1%	7,8%
5 til 9,9 ár	49,1%	1535	52,7%	47,9%	4,8%
10 til 14,9 ár	42,5%	1098	43,1%	42,4%	0,7%
15 ár eða lengri	37,5%	2080	37,0%	37,5%	-0,5%
<b>Starfshlutfall</b>					
Fullt starf	40,1%	4331	42,8%	39,2%	3,7%
Hlutastarfi 70-99%	53,1%	1575	65,8%	50,3%	15,6%
Hlutastarfi 1-69%	49,1%	1809	56,0%	46,5%	9,5%

-100% 0% 100%

Í töflu 24 má sjá meðalgreiðslur og -vinnutíma karla og kvenna fyrir breytilega yfirvinnu, meðal þeirra sem fengu einhverjar greiðslur fyrir breytilega yfirvinnu. Konur eru með um 67% af greiðslum karla, en svipaður munur er einnig á fjölda yfirvinnustunda. Í öllum bakgrunnshópum nema þremur eru karlar með töluvert hærri greiðslur en konur. Á velferðarsviði og meðal starfsfólks í lægra starfshlutfalli en 70% eru konur með aðeins hærri greiðslur en karlar, en samt sem áður með fæmi yfirvinnutíma. Á menningar- og ferðamálasviði eru konur með umtalsvert hærri greiðslur og fleiri yfirvinnutíma en karlar, en þar eru einungis fimm karlar með yfirvinnugreiðslur.

Tafla 24. Meðalgreiðslur fyrir breytilega yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi sem er með breytilega yfirvinnu

	Allir			Karlar			Konur			Hlutfallsmunur á greiðslum til karla og kvenna
	Meðaltal	Kl. st.	Fjöldi	Meðaltal	Kl. st.	Fjöldi	Meðaltal	Kl. st.	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>										
<b>Héld</b>	36.630 kr.	11,0	3459	48.374 kr.	15,5	923	32.355 kr.	9,3	2536	67%
<b>Kyn</b>										
Karlar	48.374 kr.	15,5	923	-	-	-	-	-	-	
Konur	32.355 kr.	9,3	2536	-	-	-	-	-	-	
<b>Aldur</b>										
18 til 29 ára	31.157 kr.	10,9	922	34.441 kr.	12,6	327	29.352 kr.	10,0	595	85%
30 til 39 ára	33.599 kr.	9,8	743	42.563 kr.	13,4	211	30.043 kr.	8,4	532	71%
40 til 49 ára	39.330 kr.	10,9	653	62.339 kr.	18,5	128	33.574 kr.	9,0	525	53%
50 til 59 ára	38.857 kr.	10,9	723	62.785 kr.	18,9	147	32.750 kr.	8,9	576	52%
60 til 75 ára	46.016 kr.	13,2	418	64.733 kr.	19,8	110	39.332 kr.	10,9	308	61%
<b>Starfsheiti</b>										
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	59.466 kr.	13,4	96	116.131 kr.	25,3	15	48.972 kr.	11,2	81	42%
Sérfræðingar	36.098 kr.	8,1	1253	51.712 kr.	11,6	199	33.150 kr.	7,4	1054	64%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	47.887 kr.	13,9	242	80.068 kr.	22,6	34	42.627 kr.	12,5	208	53%
Skrifstofufólk	52.493 kr.	16,3	20	-	-	<5	54.205 kr.	16,8	19	
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	29.810 kr.	10,7	1575	35.008 kr.	12,6	499	27.399 kr.	9,9	1076	78%
Iðnaðarmenn, vélgaðslufólk, bændur og fiskimenn	79.341 kr.	24,6	21	82.366 kr.	25,5	20	-	-	<5	
Ósérhæft starfsfólk	57.567 kr.	21,4	252	69.406 kr.	25,7	155	38.650 kr.	14,5	97	56%
<b>Svið</b>										
Skrifstofur Ráðhúss	69.467 kr.	21,7	13	47.519 kr.	15,0	11	-	-	<5	
ÍTR - Þróttá- og lómstundasvið	65.869 kr.	22,2	142	81.333 kr.	25,8	66	52.441 kr.	19,1	76	64%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	30.844 kr.	9,6	34	9.900 kr.	3,3	5	34.455 kr.	10,7	29	348%
SFS - Skóla- og frístundasvið	27.113 kr.	7,1	2021	33.817 kr.	9,3	391	25.505 kr.	6,5	1630	75%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	77.034 kr.	26,0	207	81.372 kr.	27,5	176	52.405 kr.	17,6	31	64%
VEL - Velferðarsvið	42.855 kr.	13,9	1042	40.749 kr.	14,3	274	43.606 kr.	13,8	768	107%
<b>Starfsaldur</b>										
Sýðri en 2 ár	22.284 kr.	7,9	30	27.153 kr.	8,7	12	19.008 kr.	7,4	18	70%
2 til 4,9 ár	35.644 kr.	11,9	789	42.595 kr.	14,9	279	31.841 kr.	10,3	510	75%
5 til 9,9 ár	37.502 kr.	11,3	754	44.084 kr.	14,1	202	35.093 kr.	10,3	552	80%
10 til 14,9 ár	42.073 kr.	11,4	467	69.421 kr.	19,3	88	35.723 kr.	9,6	379	51%
15 ár eða lengri	38.501 kr.	10,1	779	70.937 kr.	20,9	133	31.822 kr.	7,9	646	45%
<b>Starfsliutafall</b>										
Fullt starf	39.907 kr.	11,0	1735	62.885 kr.	19,0	461	31.582 kr.	8,1	1274	50%
Hlutaslaf 70-99%	39.351 kr.	12,9	836	44.323 kr.	16,0	187	37.919 kr.	12,0	649	86%
Hlutaslaf 1-69%	27.664 kr.	9,0	888	26.803 kr.	9,2	275	28.050 kr.	8,9	613	105%

Meðaltal yfirvinnugreiðslna er reiknað meðal þeirra sem fá á annað borð greiddar breytilegar yfirvinnugreiðslur.

0% 200% 400%

### Föst yfirvinna

Hærra hlutfall kvenna en karla fékk greidda fasta yfirvinnu, eða hátt í 42% á móti um 35% karla (sjá töflu 25). Í flestum bakgrunnshópum var hærra hlutfall kvenna en karla með fastar yfirvinnugreiðslur, en nokkuð hærra hlutfall karla en kvenna í stjórnunar- og sérfræðingsstörfum var með fastar yfirvinnugreiðslur.

Þrátt fyrir að hærra hlutfall kvenna hafi fengið greidda fasta yfirvinnu að jafnaði, voru karlar með fleiri fasta yfirvinnutíma og eru þar af leiðandi með hærri greiðslur fyrir fasta yfirvinnu (sjá töflu 26). Að jafnaði voru fastar yfirvinnugreiðslur til kvenna rúmlega helmingur af greiðslum karla, eða ríflega 44 þúsund krónur á móti 84 þúsundum hjá körlum, og sama á við um fasta yfirvinnutíma. Innan nær allra flokka voru karlar með hærri greiðslur og fleiri fasta yfirvinnutíma. Einungis á menningar- og ferðamálasviði var jöfnuður í greiðslum karla og kvenna.

Tafla 25. Hlutfall karla og kvenna með fasta yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Allir		Karlar	Konur	Mismunur á hlutfalli karla og kvenna sem fær greidda fasta yfirvinnu
	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	39,9%	7715	34,5%	41,6%	-7,1% ■
<b>Kyn</b>					
Karlar	34,5%	1852	-	-	
Konur	41,6%	5863	-	-	
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	30,5%	1640	14,3%	38,9%	-24,5% ■
30 til 39 ára	47,0%	1660	37,7%	50,0%	-12,3% ■
40 til 49 ára	42,9%	1582	42,3%	43,0%	-0,7%
50 til 59 ára	39,8%	1721	46,7%	38,1%	8,6% ■
60 til 75 ára	38,8%	1112	47,7%	35,7%	12,0% ■
<b>Starfsheiti</b>					
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	37,3%	507	47,7%	33,7%	14,0% ■
Sérfræðingar	45,2%	2900	56,9%	42,8%	14,0% ■
Tæknar og sémenntað starfsfólk	29,3%	810	33,9%	27,5%	6,4% ■
Skrifstofufólk	63,9%	169	35,3%	67,1%	-31,8% ■
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	39,8%	2942	22,4%	46,0%	-23,6% ■
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	51,2%	43	48,7%	<5	
Ósérhæft starfsfólk	11,7%	325	14,8%	7,7%	7,0% ■
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	76,2%	298	75,0%	77,1%	-2,1%
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	11,7%	213	11,8%	11,7%	0,2%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	37,7%	175	36,6%	38,1%	-1,5%
SFS - Skóla- og frístundasvið	40,2%	4801	35,4%	41,3%	-6,0% ■
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	45,0%	402	40,2%	58,5%	-18,3% ■
VEL - Velferðarsvið	35,4%	1826	21,0%	39,2%	-18,3% ■
<b>Starfsaldur</b>					
Styttri en 2 ár	17,3%	52	4,2%	28,6%	-24,4% ■
2 til 4,9 ár	35,5%	1560	26,1%	40,0%	-13,9% ■
5 til 9,9 ár	42,6%	1535	36,8%	44,5%	-7,7% ■
10 til 14,9 ár	46,8%	1098	50,0%	46,1%	3,9% ■
15 ár eða lengri	41,8%	2080	52,1%	39,6%	12,5% ■
<b>Starfshlutfall</b>					
Fullt starf	52,7%	4331	51,9%	52,9%	-1,0%
Hlutastarfi 70-99%	29,4%	1575	12,7%	33,1%	-20,4% ■
Hlutastarfi 1-69%	18,4%	1809	9,0%	21,9%	-12,9% ■

-100% 0% 100%

Tafla 26. Meðalgreiðslur fyrir fasta yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi sem er með fasta yfirvinnu

	Allir			Karlar			Konur			Hlutfallsmunur á greiðslum til karla og kvenna
	Meðaltal	Klist	Fjöldi	Meðaltal	Klist	Fjöldi	Meðaltal	Klist	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>										
<b>Heild</b>	52.549 kr.	13,3	3076	83.655 kr.	20,0	639	44.393 kr.	11,5	2437	53%
<b>Kyn</b>										
Karlar	83.655 kr.	20,0	639	-	-	-	-	-	-	
Konur	44.393 kr.	11,5	2437	-	-	-	-	-	-	
<b>Aldur</b>										
18 til 29 ára	27.259 kr.	9,4	500	33.690 kr.	10,6	80	26.034 kr.	9,1	420	77%
30 til 39 ára	43.972 kr.	11,3	781	66.655 kr.	15,6	150	38.579 kr.	10,2	631	58%
40 til 49 ára	62.112 kr.	14,5	679	96.463 kr.	21,5	116	55.034 kr.	13,0	563	57%
50 til 59 ára	63.789 kr.	15,5	685	101.360 kr.	24,2	158	52.525 kr.	12,9	527	52%
60 til 75 ára	64.501 kr.	16,1	431	100.427 kr.	24,2	135	48.116 kr.	12,3	236	48%
<b>Starfsheldi</b>										
Kjómir fulltíðar, æðstu embættismenn og stjórnendur	111.502 kr.	20,4	189	141.643 kr.	26,5	62	96.787 kr.	17,5	127	68%
Sérfræðingar	57.474 kr.	12,5	1311	86.137 kr.	18,6	278	49.760 kr.	10,8	1033	58%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	73.106 kr.	18,7	237	99.532 kr.	23,9	74	61.109 kr.	16,3	163	61%
Skrifstofufólk	58.819 kr.	18,1	108	67.863 kr.	20,6	6	58.288 kr.	18,0	102	86%
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	32.310 kr.	11,3	1171	57.434 kr.	18,5	173	27.955 kr.	10,0	998	49%
Löndarmenn, vélgaesluflókk, bændur og fiskimenn	119.212 kr.	32,4	22	115.087 kr.	32,0	19	-	-	<5	
Ósérhætt starfsfólk	28.485 kr.	9,6	38	30.828 kr.	9,9	27	22.734 kr.	8,7	11	74%
<b>Svið</b>										
Skrifstofur Ráðhúss	114.896 kr.	27,1	227	132.608 kr.	30,9	96	101.916 kr.	24,4	131	77%
ÍTR - Íþróta- og tómstundasvið	155.695 kr.	32,0	25	159.363 kr.	30,8	13	151.721 kr.	33,3	12	96%
MOF - Menningar- og ferðamála svið	52.717 kr.	12,5	66	52.423 kr.	13,4	15	52.803 kr.	12,2	51	101%
SFS - Síkóla- og frístundasvið	37.696 kr.	10,4	1931	58.722 kr.	15,3	315	33.562 kr.	9,4	1616	57%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	113.625 kr.	26,4	181	114.924 kr.	26,2	119	111.132 kr.	26,9	62	97%
VEL - Velferðarsvið	54.006 kr.	12,8	646	70.294 kr.	15,7	81	51.670 kr.	12,3	565	74%
<b>Starfsaldur</b>										
Styttri en 2 ár	29.729 kr.	9,4	9	-	-	<5	27.937 kr.	9,5	8	
2 til 4,9 ár	47.576 kr.	12,9	554	73.903 kr.	19,2	130	39.505 kr.	11,0	424	53%
5 til 9,9 ár	53.703 kr.	13,6	654	79.728 kr.	19,6	141	46.550 kr.	11,9	513	58%
10 til 14,9 ár	56.794 kr.	13,7	514	93.488 kr.	21,8	102	47.709 kr.	11,7	412	51%
15 ár eða lengri	62.695 kr.	14,8	869	102.774 kr.	22,9	187	51.705 kr.	12,6	682	50%
<b>Starfshlutfall</b>										
Fullt starf	60.963 kr.	15,0	2281	90.507 kr.	21,5	559	51.372 kr.	12,9	1722	57%
Hlutastarfi 70-99%	32.510 kr.	9,8	463	43.225 kr.	11,5	36	31.607 kr.	9,7	427	73%
Hlutastarfi 1-69%	22.687 kr.	6,3	332	29.678 kr.	7,5	44	21.619 kr.	6,1	288	73%

Meðaltal yfirvinnugreiðslna er reiknað meðal þeirra sem fá á annað borð greiddar fastar yfirvinnugreiðslur.

0% 50% 100% 150%

## Akstursgreiðslur

Í gegnum tíðina hafa bæði fastar akstursgreiðslur og greiðslur samkvæmt akstursdagbók verið greiddar til starfsfólks Reykjavíkurborgar. Í október 2015 fékk rösklega 4% starfsfólks akstursgreiðslur samkvæmt dagbók en einungis 43 starfsmenn voru skráðir með einhverjar fastar akstursgreiðslur og eru þær því ekki greindar sérstaklega, heldur er hér fjallað um allar akstursgreiðslur sem heild.

Alls fengu tæp 5% starfsfólks akstursgreiðslur í október 2015 (sjá töflu 27). Aðeins hærra hlutfall karla en kvenna var með akstursgreiðslur og var misjafnt eftir bakgrunnshópum hvort kynið var frekar með akstursgreiðslur. Þegar horft er til starfsheita var mest um akstursgreiðslur hjá stjórnendum og þar var líka hvað mestur munur á hlutfalli karla og kvenna þar sem um 7 prósentustigum fleiri karlar en konur fengu akstursgreiðslur. Starfsfólk á umhverfis- og skipulagssviði fékk einna helst akstursgreiðslur (rúmlega 12%) en mestur kynjamunur var annars



vegar á velferðarsviði (tæplega 14% kvenna á móti 6% karla) og skrifstofum Ráðhúss (tæplega 9% karla á móti tæpum 2% kvenna).

Tafla 27. Hlutfall starfsfólks með akstursgreiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Allir		Karlar	Konur	Munur á hlutfalli karla og kvenna
	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	4,8%	7715	5,3%	4,6%	0,8%
<b>Kyn</b>					
Karlar	5,3%	1852	-	-	
Konur	4,6%	5863	-	-	
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	2,0%	1640	0,9%	2,6%	-1,7%
30 til 39 ára	5,0%	1660	4,8%	5,1%	-0,3%
40 til 49 ára	5,4%	1582	9,1%	4,7%	4,5%
50 til 59 ára	5,5%	1721	7,4%	5,0%	2,4%
60 til 75 ára	6,4%	1112	8,8%	5,5%	3,3%
<b>Starfshætti</b>					
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	12,4%	507	17,7%	10,6%	7,1%
Sérfræðingar	4,2%	2900	7,0%	3,6%	3,3%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	9,8%	810	10,6%	9,5%	1,1%
Skrifstofufólk	1,2%	169	0,0%	1,3%	-1,3%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	3,2%	2942	1,6%	3,8%	-2,2%
Lónaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	11,6%	43	12,8%	<5	
Ósérhæft starfsfólk	0,6%	325	1,1%	0,0%	1,1%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	4,7%	298	8,6%	1,8%	6,8%
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	5,6%	213	5,5%	5,8%	-0,4%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	5,1%	175	7,3%	4,5%	2,8%
SFS - Skóla- og frístundasvið	1,4%	4801	2,0%	1,2%	0,8%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	12,4%	402	13,2%	10,4%	2,8%
VEL - Velferðarsvið	11,9%	1826	5,7%	13,5%	-7,8%
<b>Starfsaldur</b>					
Styttri en 2 ár	0,0%	52	0,0%	0,0%	
2 til 4,9 ár	3,9%	1560	3,2%	4,2%	-1,0%
5 til 9,9 ár	6,9%	1535	5,7%	7,3%	-1,5%
10 til 14,9 ár	5,1%	1098	6,9%	4,7%	2,2%
15 ár eða lengri	5,0%	2080	10,9%	3,8%	7,1%
<b>Starfshlutfall</b>					
Fullt starf	6,1%	4331	8,4%	5,3%	3,0%
Hlutastarf 70-99%	4,3%	1575	2,1%	4,7%	-2,6%
Hlutastarf 1-69%	2,0%	1809	0,6%	2,5%	-1,9%

Meðal þeirra sem fengu akstursgreiðslur voru þær að meðaltali rúmlega 30 þúsund krónur (sjá töflu 28). Greiðslur til karla voru aðeins hærri en til kvenna, en konur voru með um 6% lægri akstursgreiðslur. Að jafnaði hækka akstursgreiðslur með auknum aldri, tæknar og sérmenntað starfsfólk var með nærri tvöfalt hærri akstursgreiðslur en næsti starfaflokkur og starfsfólk á íþrótt- og tómstundasviði var með töluvert hærri akstursgreiðslur en starfsfólk annarra sviða.

Tafla 28 Akstursgreiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi sem fékk akstursgreiðslur

	Allir		Karlar		Konur		Hlutfallsmunur á greiðslum til karla og kvenna
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>							
<b>Heild</b>	30.770 kr.	367	32.172 kr.	99	30.252 kr.	268	94%
<b>Kyn</b>							
Karlar	32.172 kr.	99	-	-	-	-	
Konur	30.252 kr.	268	-	-	-	-	
<b>Aldur</b>							
18 til 29 ára	20.677 kr.	33	24.028 kr.	5	20.078 kr.	28	84%
30 til 39 ára	24.716 kr.	83	34.585 kr.	19	21.786 kr.	64	63%
40 til 49 ára	24.251 kr.	86	24.741 kr.	25	24.050 kr.	61	97%
50 til 59 ára	38.205 kr.	94	29.541 kr.	25	41.344 kr.	69	140%
60 til 75 ára	40.591 kr.	71	42.029 kr.	25	39.809 kr.	46	95%
<b>Starfshéiti</b>							
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og síjómendur	29.752 kr.	63	36.320 kr.	23	25.976 kr.	40	72%
Sérfræðingar	25.034 kr.	122	25.557 kr.	34	24.831 kr.	88	97%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	53.943 kr.	79	41.768 kr.	23	58.943 kr.	56	141%
Skrifstofufólk	-	<5	-	<5	-	<5	
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	20.871 kr.	94	33.226 kr.	12	19.063 kr.	82	57%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	21.958 kr.	5	21.958 kr.	5	-	<5	
Ósérhætt starfsfólk	-	<5	-	<5	-	<5	
<b>Svið</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	38.691 kr.	14	40.821 kr.	11	-	<5	
ÍTR - Íþrótt- og tómsundasvið	57.109 kr.	12	82.375 kr.	6	31.844 kr.	6	39%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	29.670 kr.	9	-	<5	18.792 kr.	6	
SFS - Skóla- og frístundasvið	19.147 kr.	65	21.042 kr.	18	18.421 kr.	47	88%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	26.820 kr.	50	29.949 kr.	39	15.723 kr.	11	52%
VEL - Velferðarsvið	33.240 kr.	217	24.578 kr.	22	34.217 kr.	195	139%
<b>Starfsaldur</b>							
Styttri en 2 ár	-	<5	-	<5	-	<5	
2 til 4,9 ár	23.229 kr.	61	28.916 kr.	16	21.207 kr.	45	73%
5 til 9,9 ár	33.828 kr.	106	31.192 kr.	22	34.518 kr.	84	111%
10 til 14,9 ár	36.346 kr.	56	23.796 kr.	14	40.530 kr.	42	170%
15 ár eða lengri	26.853 kr.	104	31.122 kr.	39	24.292 kr.	65	78%
<b>Starfshlutfall</b>							
Fullt starf	29.420 kr.	264	33.938 kr.	90	27.083 kr.	174	80%
Hlutastarfi 70-99%	37.476 kr.	67	14.800 kr.	6	39.706 kr.	61	268%
Hlutastarfi 1-69%	28.188 kr.	36	-	<5	29.482 kr.	33	

Meðaltal akstursgreiðslna er reiknað meðal þeirra sem fá á annað borð greiddar akstursgreiðslur.

0% 100% 200% 300%

## Aðrar greiðslur

Undir flokkinn aðrar greiðslur falla allar greiðslur sem ekki eru grunnlaun, yfirvinnulaun eða akstursgreiðslur. Þar má helst nefna bakvaktarálag, eingreiðslur, orlofsgreiðslur, persónuuppbot og fleira. Alls fékk um 77% starfsfólks slíkar greiðslur í október 2015 og hærra hlutfall karla (83%) en kvenna (75%) (sjá töflu 29). Í flestum bakgrunnshópum var hærra hlutfall karla en kvenna með greiðslur af þessu tagi, að undanskildum yngstu aldurs- og starfsaldurshópnum, skrifstofufólki, íþrótt- og tómsundasviði og menningar- og ferðamálasviði.

Tafla 29. Hlutfall starfsfólks með aðrar greiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Allir		Karlar	Konur	Munur á hlutfalli karla og kvenna
	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall	
<b>Október 2015</b>					
<b>Heild</b>	77,0%	7715	83,4%	75,0%	■ 8,4%
<b>Kyn</b>					
Karlar	83,4%	1852	-	-	
Konur	75,0%	5863	-	-	
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	83,9%	1640	80,9%	85,5%	-4,6%
30 til 39 ára	79,6%	1660	83,7%	78,3%	■ 5,4%
40 til 49 ára	75,2%	1582	86,9%	72,8%	■ 14,1%
50 til 59 ára	73,8%	1721	85,5%	70,9%	■ 14,6%
60 til 75 ára	70,8%	1112	82,3%	66,8%	■ 15,5%
<b>Starfsheiti</b>					
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	67,1%	507	76,2%	63,9%	■ 12,2%
Sérfræðingar	74,2%	2900	82,0%	72,6%	■ 9,4%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	63,6%	810	64,2%	63,3%	0,9%
Skrifstofufólk	78,7%	169	64,7%	80,3%	-15,6% ■
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	84,3%	2942	88,4%	82,8%	■ 5,5%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	95,3%	43	94,9%		
Ósérhæft starfsfólk	87,4%	325	95,1%	77,5%	■ 17,6%
<b>Svið</b>					
Skrifstofur Ráðhúss	85,9%	298	89,8%	82,9%	■ 6,9%
ÍTR - Íþrótt- og tólmundasvið	94,4%	213	90,9%	98,1%	-7,1%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	89,7%	175	87,8%	90,3%	-2,5%
SFS - Skóla- og frístundasvið	69,0%	4801	72,6%	68,2%	■ 4,4%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	94,8%	402	97,0%	88,7%	■ 8,3%
VEL - Velferðarsvið	89,6%	1826	93,3%	88,6%	■ 4,7%
<b>Starfsaldur</b>					
Styttri en 2 ár	86,5%	52	83,3%	89,3%	-6,0%
2 til 4,9 ár	79,7%	1560	81,6%	78,8%	2,8%
5 til 9,9 ár	84,3%	1535	89,0%	82,7%	■ 6,3%
10 til 14,9 ár	76,4%	1098	86,3%	74,2%	■ 12,1%
15 ár eða lengri	70,3%	2080	82,2%	67,8%	■ 14,4%
<b>Starfshlutfall</b>					
Fullt starf	79,5%	4331	86,5%	77,1%	■ 9,4%
Hlutastarfi 70-99%	77,7%	1575	83,8%	76,4%	■ 7,4%
Hlutastarfi 1-69%	70,7%	1809	76,4%	68,6%	■ 7,8%

Þegar kemur að upphæð greiðslna sést að karlar eru með töluvert hærri greiðslur en konur eða að meðaltali um 30 þúsund krónur á móti tæpum 19 þúsundum, sem er munur upp á 37% (sjá töflu 30). Í öllum bakgrunnshópum, fyrir utan hóp tækna og sérmenntaðs starfsfólks, voru karlar með hærri greiðslur en konur, eða 28-46% hærri greiðslur en konur. Þegar horft er til sviða Reykjavíkurborgar var minnstur munur á Íþrótt- og tólmundasviði, þar sem karlar voru með 9% hærri greiðslur en konur, en mestur á skrifstofum Ráðhússins, þar sem karlar voru með 43% hærri greiðslur. Þá er áberandi að meðal starfsfólks í 70% starfshlutfalli eða herra er mun meiri kynjamunur í öðrum greiðslum (karlar með 46-47% hærri greiðslur) en meðal starfsfólks í lægra starfshlutfalli (karlar með 7% hærri greiðslur).

Tafla 30. Aðrar greiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi sem var með aðrar greiðslur

	Allir		Karlar		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Október 2015</b>							
<b>Heild</b>	21.662 kr.	5944	29.877 kr.	1545	18.777 kr.	4399	63%
<b>Kyn</b>							
Karlar	29.877 kr.	1545	-	-	-	-	
Konur	18.777 kr.	4399	-	-	-	-	
<b>Aldur</b>							
18 til 29 ára	20.524 kr.	1376	23.477 kr.	452	19.079 kr.	924	81%
30 til 39 ára	18.074 kr.	1321	27.759 kr.	333	14.810 kr.	988	53%
40 til 49 ára	21.153 kr.	1190	36.247 kr.	238	17.380 kr.	952	48%
50 til 59 ára	23.270 kr.	1270	34.041 kr.	289	20.096 kr.	981	59%
60 til 75 ára	27.851 kr.	787	33.649 kr.	233	25.412 kr.	554	76%
<b>Starfshelti</b>							
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	37.437 kr.	340	51.539 kr.	99	31.644 kr.	241	61%
Sérfræðingar	13.597 kr.	2151	17.658 kr.	401	12.666 kr.	1750	72%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	31.739 kr.	515	28.351 kr.	140	33.004 kr.	375	116%
Skrifstofufólk	11.891 kr.	133	18.299 kr.	11	11.313 kr.	122	62%
Þjónusta-, sölu- og afgreiðslufólk	24.668 kr.	2480	34.966 kr.	683	20.753 kr.	1797	59%
Iðnaðarmenn, vélgaeslufólk, bændur og fiskimenn	30.370 kr.	41	30.629 kr.	37	-	<5	
Ósérhætt starfsfólk	22.664 kr.	284	27.540 kr.	174	14.952 kr.	110	54%
<b>Svið</b>							
Skrifstofur Ráðhúss	26.275 kr.	256	34.464 kr.	115	19.596 kr.	141	57%
ITR - Íþrótt- og tómstundasvið	46.041 kr.	201	48.336 kr.	100	43.769 kr.	101	91%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	23.035 kr.	157	27.939 kr.	36	21.576 kr.	121	77%
SFS - Skóla- og frístundasvið	7.866 kr.	3313	11.409 kr.	647	7.006 kr.	2666	61%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	24.346 kr.	381	25.841 kr.	287	19.783 kr.	94	77%
VEL - Væðingarsvið	45.126 kr.	1636	59.888 kr.	360	40.961 kr.	1276	68%
<b>Starfsaldur</b>							
Styttri en 2 ár	23.524 kr.	45	26.940 kr.	20	20.792 kr.	25	77%
2 til 4,9 ár	21.175 kr.	1243	25.666 kr.	407	18.989 kr.	836	74%
5 til 9,9 ár	28.294 kr.	1294	37.025 kr.	341	25.170 kr.	953	68%
10 til 14,9 ár	19.507 kr.	839	28.544 kr.	176	17.108 kr.	663	60%
15 ár eða lengri	19.449 kr.	1462	33.082 kr.	295	16.003 kr.	1167	48%
<b>Starfshlutfall</b>							
Fullt starf	17.808 kr.	3441	27.181 kr.	932	14.326 kr.	2509	53%
Hlutasarf 70-99%	35.493 kr.	1224	56.356 kr.	238	30.458 kr.	986	54%
Hlutasarf 1-69%	18.795 kr.	1279	19.773 kr.	375	18.390 kr.	904	93%

0% 50% 100% 150%

## Starfsmat

Í töflu 31 má sjá uppreiknuð laun karla og kvenna eftir stigum úr starfsmati. Eins og sjá má eru þeir sem eru ekki með starfsmat að jafnaði með hærri grunn- og heildarlaun en þeir sem eru með starfsmat. Það skýrist af því að það eru helst stjórnendur og sérfræðingar sem eru ekki með starfsmat. Þegar horft er til starfsmatsstiga sést að bæði grunn- og heildarlaun hækka í takt við stigafjölda. Í grunnlaunum er mikill jöfnuður með launum karla og kvenna þar sem einungis munar að hámarki 3% á meðallaunum, en í heildarlaunum eru konur að jafnaði með 8-13% lægri laun en karlar sem eru í sama starfsmatsstigaflokki og þær. Mynd 4 sýnir þetta örliðið betur, en þar liggur aðhvarfslína karla aðeins ofar en aðhvarfslína kvenna þegar skoðað er samband á milli starfsmatsstiga og uppreiknaðra heildarlauna. Launadreifing virðist hafa verið meiri hjá körlum en konum og aðhvarfslínan brattari eða því sem nemur um 6100 krónum á mánuði fyrir hver 100 stig.




Í tilfalli grunnlauna liggja línurnar hins vegar nánast samsíða, en þó er aðhvarfslína karla örlítið brattari, sem gefur til kynna að hvert starfsmatsstig gefi körlum aðeins meira en konum, en samkvæmt hallastuðlunum fá karlar um 2400 krónum meira á mánuði fyrir hver 100 starfsmatsstig.

**Tafla 31. Uppreiknuð laun karla og kvenna greind eftir starfsmati – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira**

	Karlar			Konur			Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	
<b>Grunnlaun</b>							
<i>Heild</i>	366.674 kr.	125.787 kr.	1361	376.283 kr.	110.773 kr.	4545	103%
<b>Starfsmat</b>							
Ekki með starfsmat	472.344 kr.	131.828 kr.	432	453.713 kr.	90.251 kr.	2033	96%
Með starfsmat	317.536 kr.	86.610 kr.	929	313.617 kr.	82.652 kr.	2512	99%
<b>Fjöldi starfsmatsstiga</b>							
Færri en 400	252.694 kr.	21.732 kr.	387	252.369 kr.	14.216 kr.	1173	100%
400 til 499	300.383 kr.	26.802 kr.	263	298.036 kr.	21.910 kr.	526	99%
500 til 599	362.902 kr.	32.143 kr.	121	353.588 kr.	30.880 kr.	366	97%
600 til 699	438.044 kr.	42.814 kr.	117	440.828 kr.	39.138 kr.	374	101%
700 og hærra	561.839 kr.	62.139 kr.	41	557.908 kr.	55.717 kr.	73	99%
<b>Heildarlaun</b>							
<i>Heild</i>	463.160 kr.	156.780 kr.	1361	429.072 kr.	128.828 kr.	4545	93%
<b>Starfsmat</b>							
Ekki með starfsmat	551.915 kr.	158.327 kr.	432	499.259 kr.	105.727 kr.	2033	90%
Með starfsmat	421.888 kr.	137.868 kr.	929	372.268 kr.	117.352 kr.	2512	88%
<b>Fjöldi starfsmatsstiga</b>							
Færri en 400	343.223 kr.	75.051 kr.	387	297.005 kr.	51.533 kr.	1173	87%
400 til 499	394.868 kr.	89.741 kr.	263	355.085 kr.	66.988 kr.	526	90%
500 til 599	472.734 kr.	104.316 kr.	121	413.949 kr.	68.304 kr.	366	88%
600 til 699	575.681 kr.	102.257 kr.	117	529.914 kr.	85.245 kr.	374	92%
700 og hærra	748.792 kr.	140.321 kr.	41	688.790 kr.	95.352 kr.	73	92%

0% 50% 100% 150%



**Mynd 4. Uppreiknuð laun karla og kvenna eftir stigum starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira**

Við nánari skoðun á starfsmatsstigum karla og kvenna kemur í ljós kynbundinn munur á starfsmatsstigum. Í töflu 32 má sjá niðurstöður aðhvarfsgreiningar á starfsmatsstigum, bæði fyrir alla starfsmenn í 70% starfshlutfalli eða hærra og svo fyrir karla og konur sérstaklega. Þegar búið er að stýra fyrir áhrifum starfs, aldurs, starfsaldurs og starfshlutfalls eru konur að jafnaði með tæplega 17 færri starfsmatsstig en karlar. Spönnin á starfsmatsstigakvarðanum er 520 stig (frá 266 upp í 786) og því er hlutfallslegur munur á leiðréttum kynbundnum mun á starfsmatsstigum 3,2%.

Eins og sjá má í töflu 32 bera konur meira úr býtum við að fara í sérfræðings- og stjórnendastörf en því er ófugt farið í tæknistörfum og þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum. Þá fá karlar að jafnaði meira en þrefalt fleiri stig fyrir þau störf sem þeir vinna í fullu starfi en konur.

Þar sem kynbundinn munur virðist vera bundinn inn í starfsmatsstig þarf að hafa það hugfast í launagreiningum þar sem stýrt er fyrir áhrifum starfsmatsstiga því þá er verið að draga úr þeim kynbundna launamun sem er til staðar.

Tafla 32. Leiðréttur kynbundinn munur á starfsmatsstigum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Allir			Karlar			Konur		
	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt
<b>Október 2015</b>									
Fasti	387,8	13,9	***	388,2	28,4	***	371,4	15,7	***
<b>Kyn <sup>1)</sup></b>									
Karl=0, kona=1	-16,5	2,6	***	-	-	-	-	-	-
<b>Starfsheiti <sup>2)</sup></b>									
Stjómendur	181,0	3,8	***	163,5	8,4	***	188,7	4,4	***
Sérfræðingar	112,2	2,5	***	93,4	6,6	***	116,3	2,8	***
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	-12,8	3,0	***	-1,5	7,5	e.m.	-14,7	3,3	***
Skrifstofufólk	-47,8	4,7	***	-39,6	20,5	e.m.	-47,9	4,6	***
Þjónustur-, sölu- og afgreiðslufólk	-107,2	2,0	***	-94,2	5,7	***	-111,2	2,2	***
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk og ósérhæfðir	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<b>Aldur</b>									
Aldur (í árum)	4,2	0,7	***	2,5	1,4	e.m.	4,9	0,8	***
Aldur <sup>2</sup>	0,0	0,0	***	0,0	0,0	e.m.	-0,1	0,0	***
<b>Starfsaldur</b>									
Starfsaldur (í árum)	0,1	0,0	**	0,2	0,1	*	0,1	0,1	e.m.
Starfsaldur <sup>2</sup>	0,0	0,0	*	0,0	0,0	*	0,0	0,0	e.m.
<b>Starfshlutfall</b>									
Fullt starf	14,7	2,4	***	30,9	5,9	***	9,8	2,6	***
R <sup>2</sup> (Adjusted R <sup>2</sup> )	0,775	(0,774)		0,723	(0,720)		0,804	(0,803)	
Fjöldi	2851			774			2077		

Marktækur munur er á höpum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt

<sup>1)</sup> Munur á starfsmatsstigum karla og kvenna er -16,5, þ.e. konur eru með tæplega 17 færri stig en karlar.

<sup>2)</sup> Svokölluð áhrifakóðun er notuð til að skoða áhrif starflokks á starfsmatsstig. Þ.e. fyrir starflokki eru búnar til fimm breytur, ein fyrir hvem flokk nema ósérhæft starfsfólk og aðra. Breyta fyrir stjómendur er kóðuð þannig að stjómendur fá gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir flokkar fá gildið 0. Í breytu fyrir sérfræðinga fá þeir sem gegna því starfi gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir fá 0. Hallastuðlana má túlka sem frávik frá óvegna meðaltali starflokka. Stuðullinn 181 gefur til kynna að stjómendur voru með 181 fleiri starfsmatsstig en óvegin meðalstig allra starflokka.

## Leiðréttur kynbundinn munur grunnlauna

Til að meta samspil áhrifaþátta á kynbundinn launamunur var gerð aðhvarfsgreining. Í töflu 33 má sjá leiðréttan kynbundinn launamunur grunnlauna meðal starfsfólks í 70% starfshlutfalli eða hærra. Þar er annars vegar aðhvarfsgreiningarlíkan fyrir starfsfólk óháð kyni, hins vegar aðhvarfsgreining fyrir hvort kyn um sig. Með þessu móti má kanna hvort t.d. laun karla hækki meira með aldri heldur en kvenna, þegar búið er að stýra fyrir öðrum breytum sem vitað er að hafa áhrif á framleiðni og laun.

Leiðréttur kynbundinn launamunur í október 2015 var 3,1%, það er konur voru með 3,1% lægri laun en karlar að teknu tillit til: starfsheitis, aldurs, starfsaldurs og starfshlutfalls. Þegar horft er til áhrifaþátta á laun karla annars vegar og kvenna hins vegar sést einnig að þeir hafa mjög svipuð áhrif, þ.e. laun karla og kvenna breytast álíka mikið eftir starfi, aldri, starfsaldri o.s.frv.

Aldur hefur sveiglnutengsl við laun. Laun hækka tiltölulega mikið fyrst í stað, en með hækkandi aldri dregur smámsaman úr fjárhagslegum ávinningi hans. Á síðari árum starfsævinnar lækka laun með hækkandi aldri. Í október 2015 hækkuðu grunnlaun að jafnaði um 17% hjá körlum og 16% hjá konum fyrir hver 10 aldursár að teknu tilliti til annarra þátta.

Hér var ekki tekið tillit til á hvaða sviði fólk vinnur þar sem svið ætti ekki að hafa áhrif á kynbundinn launamun. Þegar einnig var stýrt fyrir áhrifum sviðs lækkaði leiðréttur kynbundinn launamunur niður í 2,3%.

**Tafla 33. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira**

	Allir			Karlar			Konur		
	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt
<b>Október 2015</b>									
Fasti	12,269	0,03	***	12,240	0,06	***	12,255	0,03	***
<i>Kyn</i> <sup>1)</sup>									
Karl=0, kona=1	-0,031	0,00	***	-	-	-	-	-	-
<i>Starfsheiti</i> <sup>2)</sup>									
Stjómendur	0,437	0,01	***	0,433	0,02	***	0,437	0,01	***
Sérfræðingar	0,223	0,00	***	0,183	0,01	***	0,234	0,00	***
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	-0,029	0,01	***	0,007	0,01	e.m.	-0,039	0,01	***
Skrifstofufólk	-0,143	0,01	***	-0,132	0,05	**	-0,139	0,01	***
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	-0,224	0,00	***	-0,219	0,01	***	-0,224	0,00	***
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk og ósérhæfðir	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<i>Aldur</i>									
Aldur (í árum)	0,016	0,00	***	0,017	0,00	***	0,016	0,00	***
Aldur <sup>2</sup>	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***
<i>Starfsaldur</i>									
Starfsaldur (í árum)	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***
Starfsaldur <sup>2</sup>	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***
<i>Starfshlutfall</i>									
Fullt starf	0,049	0,00	***	0,059	0,01	***	0,047	0,00	***
R <sup>2</sup> (Adjusted R <sup>2</sup> )	0,818	(0,817)		0,784	(0,782)		0,831	(0,831)	
Fjöldi	5041			1149			3892		

Marktækur munur er á háþum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt

<sup>1)</sup> Munur á grunnlaunum karla og kvenna er  $e^{-0,031} - 1 = -0,031$ , þ.e. konur eru með 3,1% lægri grunnlaun en karlar.

<sup>2)</sup> Svokölluð áhrifakóðun er notuð til að skoða áhrif starflokks. Þ.e. fyrir starflokki eru búnar til fimm breytur, ein fyrir hvern flokk nema ósérhæft starfsfólk og aðra. Breyta fyrir stjómendur er kóðuð þannig að stjómendur fá gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir flokkar fá gildið 0. Í breytu fyrir sérfræðinga fá þeir sem gegna því starfi gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir fá 0. Hallastuðlana má túlka sem frávik frá óvegna meðaltali starflokka.

Stuðullinn 0,437 gefur til kynna að stjómendur voru með 54,8% hæri grunnlaun en óvegin meðalgrunnlaun allra starflokka ( $e^{0,437} - 1 = 0,548$ ).





## Leiðréttur kynbundinn munur heildarlauna

Aðhvarfsgreining á heildarlaunum starfsfólks í að minnsta kosti 70% starfi sýndi að leiðréttur kynbundinn munur á heildarlaunum var 3,5% í október 2015 ( $e^{-0,036}-1=0,035$ ). Konur höfðu því að jafnaði um 3,5% lægri uppreiknuð heildarlaun í október 2015 en karlar, þegar tekið er tillit til starfs, aldurs, starfsaldurs, starfshlutfalls, fjölda breytilegra og fastra yfirvinnustunda og fjölda vinnustunda umfram dagvinnu (sjá töflu 34).

Þegar horft er til áhrifaþátta á laun karla annars vegar og kvenna hins vegar sést einnig að þeir hafa áþekk áhrif, þ.e. laun karla og kvenna breytast álíka mikið eftir starfi og starfsaldri. Karlar hækkuðu þó að jafnaði aðeins meira en konur fyrir hver 10 aldursár, eða um 19%, á meðan konur hækkuðu um 16% á sama aldursbili. Þegar einnig var stýrt fyrir áhrifum sviðs minnkaði leiðréttur kynbundinn launamunur niður í 3,0%.

Tafla 34. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Allir			Karlar			Konur		
	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt
<b>Október 2015</b>									
Fasti	12,289	0,03	***	12,252	0,06	***	12,260	0,03	***
<b>Kyn<sup>1)</sup></b>									
Karl=0, kona=1	-0,036	0,01	***	-	-	-	-	-	-
<b>Starfsheiti<sup>2)</sup></b>									
Stjómendur	0,440	0,01	***	0,437	0,02	***	0,442	0,01	***
Sérfræðingar	0,214	0,00	***	0,166	0,01	***	0,229	0,00	***
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	-0,023	0,01	***	-0,004	0,02	e.m.	-0,028	0,01	***
Skrifstofufólk	-0,146	0,01	***	-0,133	0,05	**	-0,142	0,01	***
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	-0,229	0,00	***	-0,214	0,01	***	-0,228	0,01	***
Iónaðarmenn, vélgæslufólk og ósérhæfðir	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<b>Aldur</b>									
Aldur (í árum)	0,017	0,00	***	0,019	0,00	***	0,016	0,00	***
Aldur <sup>2</sup>	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***
<b>Starfsaldur</b>									
Starfsaldur (í árum)	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***
Starfsaldur <sup>2</sup>	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***
<b>Starfshlutfall</b>									
Fullt starf	0,050	0,01	***	0,046	0,01	***	0,051	0,01	***
<b>Áhrif vinnutíma<sup>3)</sup></b>									
Yfirvinnustundir	0,009	0,00	***	0,008	0,00	***	0,010	0,00	***
Vinnustundir utan venjulegs vinnutíma	0,002	0,00	***	0,002	0,00	***	0,003	0,00	***
R <sup>2</sup> (Adjusted R <sup>2</sup> )	0,808	(0,808)		0,780	(0,778)		0,822	(0,821)	
Fjöldi	5041			1149			3892		

Marktektur munur er á háþum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt

<sup>1)</sup> Munur á heildarlaunum karla og kvenna er  $e^{-0,036} - 1 = -0,035$ , þ.e. konur eru með 3,5% lægri laun en karlar.

<sup>2)</sup> Svokölluð áhrifakóðun er notuð til að skoða áhrif starflokks. Þ.e. fyrir starflokki eru búnar til fimm breytur, ein fyrir hvem flokk nema ósérhæft starfsfólk og aðra. Breyta fyrir stjómendur er kóðuð þannig að stjómendur fá gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir flokkar fá gildið 0. Í breytu fyrir sérfræðinga fá þeir sem gegna því í starfi gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir fá 0. Hallastuðlana má túlka sem frávik frá óvegna meðaltali starflokka.

Stuðullinn 0,440 gefur til kynna að stjómendur voru með 55,3% hærra heildarlaun en óvegin meðalheildarlaun allra starflokka ( $e^{0,44} - 1 = 0,553$ ).

<sup>3)</sup> Bæði fastar og breytilegar yfirvinnustundir eru teknar með. Vinnustundir utan venjulegs vinnutíma eru ætlaðar út frá álagsgreiðslum.

Í töflu 35 er sams konar greining, en eingöngu fyrir starfsfólk í fullu starfi. A lgengt er að leiðréttur kynbundinn launamunur sé lægri meðal starfsfólks í fullu starfi en þegar starfsfólk í 70-99% starfshlutfalli er einnig með í greiningunni. Hér gerist það þó ekki þar sem leiðréttur kynbundinn launamunur er mjög svipaður, eða 3,6%.

Tafla 35. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Allt starfsfólk í fullu starfi

	Allir			Karlar			Konur		
	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Staðalvilla	Marktekt
<b>Október 2015</b>									
Fasli	12,330	0,03	***	12,268	0,07	***	12,311	0,04	***
<b>Kyn<sup>1)</sup></b>									
Kari=0, kona=1	-0,037	0,01	***	-	-	-	-	-	-
<b>Starfsheiti<sup>2)</sup></b>									
Stjómendur	0,440	0,01	***	0,430	0,02	***	0,445	0,01	***
Sérfræðingar	0,210	0,00	***	0,162	0,01	***	0,226	0,01	***
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	0,004	0,01	e.m.	0,040	0,02	*	-0,012	0,01	e.m.
Skrifstofufólk	-0,160	0,01	***	-0,158	0,06	**	-0,155	0,01	***
Þjónustur-, sölu- og afgreiðslufólk	-0,244	0,01	***	-0,224	0,02	***	-0,246	0,01	***
Lónaðarmenn, vélgæslufólk og ósérhæfðir	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<b>Aldur</b>									
Aldur (í árum)	0,017	0,00	***	0,020	0,00	***	0,016	0,00	***
Aldur <sup>2</sup>	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***
<b>Starfsaldur</b>									
Starfsaldur (í árum)	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***
Starfsaldur <sup>2</sup>	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***
<b>Áhrif vinnutíma<sup>3)</sup></b>									
Yfirvinnustundir	0,009	0,00	***	0,008	0,00	***	0,010	0,00	***
Vinnustundir utan venjulegs vinnutíma	0,002	0,00	***	0,001	0,00	***	0,002	0,00	***
R <sup>2</sup> (Adjusted R <sup>2</sup> )	0,801	(0,800)		0,766	(0,764)		0,818	(0,817)	
Fjöldi	3740			926			2814		

Marktækur munur er á háþum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt

<sup>1)</sup> Munur á heildarlaunum karla og kvenna er  $e^{-0,064} - 1 = -0,036$ , þ.e. konur eru með 3,6% lægri laun en karlar.

<sup>2)</sup> Svokölluð áhrifakóðun er notuð til að skoða áhrif starflokks. Þ.e. fyrir starflokki eru búnar til fimm breytur, ein fyrir hvem flokk nema ósérhæft starfsfólk og aðra. Breyta fyrir stjómendur er kóðuð þannig að stjómendur fá gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir flokkar fá gildið 0. Í breytu fyrir sérfræðinga fá þeir sem gegna því starfi gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir fá 0. Hallastuðlana má túlka sem frávik frá óvegna meðaltali starflokka. Stuðullinn 0,440 gefur til kynna að stjómendur voru með 55,3% hæmi heildarlaun en óvegna meðalheildarlaun allra starflokka ( $e^{0,44} - 1 = 0,553$ ).

<sup>3)</sup> Bæði fastar og breytilegar yfirvinnustundir eru teknar með. Vinnustundir utan venjulegs vinnutíma eru áætlaðar út frá álagsgreiðslum.

Í töflu 36 má sjá hvernig launamunur kynjanna á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í 70-100% starfshlutfalli er skýrður niður. Í öllum líkönunum er eingöngu horft til þess starfsfólks sem er með gildi á öllum þeim þáttum sem eru í lokagreiningunni, til að tryggja að um samanburðarhæfar niðurstöður sé að ræða í líkönunum. Færa má rök fyrir því að allar breytur líkansins hafi áhrif á framleiðni og er því réttlætjanlegt að skýra niður launamun kynjanna með þeim, með þeirri undantekningu að í líkani 7 er svið haft með til að greina áhrif sviðs á leiðréttan kynbundinn launamun. Óleiðréttur kynbundinn launamunur uppreiknaðra heildarlauna mældist 6,7% í október 2015 ( $e^{-0,069} - 1 = 0,067$ ). Meðalheildarlaun karla í þessum hópi eru rösklega 463 þúsund krónur og rétt um 429 þúsund krónur hjá konum. Hlutfallsmunurinn í aðhvarfsgreiningunni er örliðið lægri en á laununum sjálfum, það stafar að því að hér er tekinn náttúrulegur lógaritmi af heildarlaunum til að leiðrétta skekka dreifingu.



Þegar breytum er bætt við líkanið breytist kynbundinn launamunur, en nokkuð ólíkt eftir því hvaða breytum er bætt við. Þegar starfi og aldri er bætt við líkanið eykst leiðréttur kynbundinn launamunur, en það skýrist af því að kynbundinn launamunur er ólíkur eftir starfaflokkum (sjá töflu 37) auk þess sem karlar fá að jafnaði meiri launahækkun fyrir hvert aldursár en konur. Hæstur mælist leiðréttur kynbundinn launamunur í líkani 4, eða 12,1% ( $e^{-0,129}-1=0,121$ ) konum í óhag. Leiðréttur kynbundinn launamunur lækkar örlítið þegar starfshlutfalli er bætt við líkanið en mesta lækkunin kemur þegar vinnutíma er bætt við líkanið, en þá eru konur að jafnaði með 3,5% ( $e^{-0,036}-1=0,035$ ) lægri laun en karlar. Þegar sviði er bætt við í líkani 7 minnkar munurinn enn frekar og er þá orðinn 3,0% ( $e^{-0,030}-1=0,030$ ) konum í óhag.

Í líkani 6, þegar vinnutíma var bætt við líkanið, hafa fastir yfirvinnutímar hafa hv að mest áhrif. Þegar fastir yfirvinnutímar voru ekki hafðir með í líkaninu (eingöngu breytilegir yfirvinnutímar og vinnustundir utan venjulegs vinnutíma) var leiðréttur kynbundinn launamunur 8,4%. Ef gert er ráð fyrir að helmingur fastra yfirvinnutíma sé unninn og helmingur þeirra sé launauppbót, er leiðréttur kynbundinn launamunur 5,4%.

Tafla 36. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Likani 1			Likani 2			Likani 3			Likani 4			Likani 5			Likani 6			Likani 7				
	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt		
<b>Október 2015</b>																							
Fest	13,023	0,01	***	13,028	0,01	***	12,475	0,04	***	12,514	0,04	***	12,498	0,04	***	12,289	0,03	***	12,306	0,03	***		
Kyn																							
Kar=0, kona=1	-0,089	0,01	***	-0,116	0,01	***	-0,126	0,01	***	-0,129	0,01	***	-0,125	0,01	***	-0,036	0,01	***	-0,030	0,01	***		
Starfsheiti <sup>1)</sup>																							
Stjórnendur				0,428	0,01	***	0,406	0,01	***	0,404	0,01	***	0,397	0,01	***	0,440	0,01	***	0,442	0,01	***		
Sérfræðingar				0,179	0,01	***	0,180	0,01	***	0,175	0,01	***	0,172	0,01	***	0,214	0,00	***	0,233	0,00	***		
Tækna- og sérmenntað starfsfólk				-0,042	0,01	***	-0,038	0,01	***	-0,038	0,01	***	-0,030	0,01	***	-0,023	0,01	***	-0,023	0,01	***		
Skrifstofufólk				-0,112	0,02	***	-0,118	0,02	***	-0,117	0,02	***	-0,119	0,02	***	-0,146	0,01	***	-0,146	0,01	***		
Þjónustur-, sölu- og afgreiðslufólk				-0,237	0,01	***	-0,212	0,01	***	-0,210	0,01	***	-0,205	0,01	***	-0,229	0,00	***	-0,209	0,00	***		
Iónaðarmenn, vélgæslufólk og ósérhæfir				-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-		
Aldur																							
Aldur (í árum)							0,021	0,00	***	0,018	0,00	***	0,018	0,00	***	0,017	0,00	***	0,016	0,00	***		
Aldur <sup>2</sup>							0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***		
Starfsaldur																							
Starfsaldur (í árum)										0,001	0,00	***	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***		
Starfsaldur <sup>2</sup>										0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***		
Starfshlutfall																							
Fullt starf													0,039	0,01	***	0,050	0,01	***	0,051	0,01	***		
Áhrif vinnutíma <sup>2)</sup>																							
Yfirvinnustundir																0,009	0,00	***	0,009	0,00	***		
Vinnustundir utan venjulegs vinnutíma																0,002	0,00	***	0,002	0,00	***		
Sýð <sup>1)</sup>																							
Skrifstofur Ráðhúss																							
ÍTR - Íþrótt- og tímstundasvið																						-0,015	0,01 e.m.
MOF - Menningar- og ferðamálasvið																						-0,071	0,01 ***
SFS - Skóla- og frístundasvið																						-0,035	0,01 ***
USK - Umhverfis- og skipulagssvið																						0,075	0,01 ***
VEL - Væðingarsvið																						0,029	0,01 ***
R <sup>2</sup> (Adjusted R <sup>2</sup> )	0,010 (0,009)			0,566 (0,565)			0,598 (0,599)			0,602 (0,601)			0,605 (0,604)			0,808 (0,808)			0,818 (0,817)				
Fjöldi	5041			5041			5041			5041			5041			5041			5041				

Marktækur munur er á háþöfum: \*p ≤ 0,05; \*\*p ≤ 0,01; \*\*\*p ≤ 0,001; e.m. ekki marktækt

<sup>1)</sup> Svokölluð áhrifaáætlun er notuð til að skoða áhrif starflokks og sviðs á laun. Þ.e. fyrir starflokki eru búnar til fimm breytur, ein fyrir hvern flokk nema ósérhæft starfsfólk og aðra. Breyta fyrir stjórnendur er kóðuð þannig að stjórnendur fá gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir flokkar fá gildið 0. Í breytu fyrir sérfræðinga fá þeir sem gegna því starfi gildið 1, ósérhæft starfsfólk fær gildið -1 og aðrir fá 0.

Hallastuðlana má túlka sem frávik frá óvegna meðaltali starflokka. Stuðullinn 0,428 gefur til kynna að stjórnendur voru með 53,1% hætti grunnlaun en óvegin meðalgrunnlaun allra starflokka ( $e^{0,428} - 1 =$

<sup>2)</sup> Basíð fastar og breytilegar yfirvinnustundir eru tæknar með. Vinnustundir utan venjulegs vinnutíma eru áætlaðar út frá álagsgreiðslum.

Í töflu 37 má sjá hvernig leiðréttur kynbundinn launamunur er ólíkur eftir starfaflokkum. Lítil sem enginn kynbundinn launamunur er á grunnlaunumsérfræðinga og ósérhæfðs starfsfólks en mestur munur er á launum stjórnenda annars vegar og tækna og sérmenntaðs starfsfólks hins vegar. Í heildarlaunum er um svipað mynstur að ræða þó tölurnar séu almennt ivið hærri. Enginn leiðréttur kynbundinn launamunur er meðal sérfræðinga en meðal stjórnenda er hann 10,1%, að teknu tilliti til aldurs, starfsaldurs, starfshlutfalls, breytilegra og fastra yfirvinnustunda auk vinnustunda utan venjulegs vinnutíma.

Tafla 37. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Greint eftir starfafflokkum

	Grunnlaun <sup>1)</sup>				Heildarlaun <sup>2)</sup>			
	Hallatala	Hlutfallsmunur	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Hlutfallsmunur	Staðalvilla	Marktekt
<b>Október 2015</b>								
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og sjómendur	-0,052	-5,1%	0,02	*	-0,106	-10,1%	0,02	***
Sérfræðingar	0,001	0,1%	0,01	e.m.	0,003	0,3%	0,01	e.m.
Tæknar og sémenntað starfsfólk	-0,068	-6,6%	0,02	***	-0,046	-4,5%	0,02	**
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	-0,040	-3,9%	0,01	***	-0,044	-4,3%	0,01	***
Ósérhæft starfsfólk	-0,011	-1,1%	0,02	e.m.	-0,036	-3,5%	0,02	*

Marktækur munur er á hópum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt.

<sup>1)</sup> Stýrt er fyrir aldur, starfsaldur, starfshlutféll, breytilegar og fastar yfirvinnustundir og vinnustundir utan venjulegs vinnutíma.

<sup>2)</sup> Stýrt er fyrir aldur, starfsaldur og starfshlutféll.

Í töflu 38 má sjá samanburð á leiðréttum launamuni kynja eftir því hvort horft er til alls hópsins, eingöngu hópsins sem er með starfsmatsstig eða eingöngu hópsins sem er ekki með starfsmatsstig. Þegar horft er til alls starfsfólks í a.m.k. 70% starfi er ekki hægt að stýra fyrir áhrifum starfsmatsstiga, því þá dettur það starfsfólk úr greiningunni sem er ekki með starfsmatsstig. Meðal starfsfólks sem er í starfsmati er leiðréttur kynbundinn launamunur grunnlauna 3,0% konum í óhag áður en tekið er tillit til starfsmatsstiga, en fyrir starfsfólk sem er ekki í starfsmati er munurinn 4,9%. Þegar svo stýrt er fyrir áhrifum starfsmatsstiga hverfur kynbundinn launamunur. Í tilfalli heildarlauna er leiðréttur kynbundinn launamunur meðal starfsfólks í starfsmati 2,9% en er 4,7%, konum í óhag, meðal starfsfólks sem er ekki í starfsmati. Þegar stýrt er fyrir áhrifum starfsmatsstiga í starfsmatshópnum er leiðréttur kynbundinn launamunur 1,0% konum í óhag. Það er því nokkuð ljóst að starfsmatsstig hafa töluverð áhrif á kynbundinn launamun.

**Tafla 38. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum eftir starfsmati – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira**

	Hallatala	Hlutfallsmunur	Staðalvilla	Marktekt	Fjöldi
<b>Grunnlaun <sup>1)</sup></b>					
Allur hópurinn - ekki tekið tillit til starfsmatsstiga	-0,031	-3,1%	0,00	***	5041
Starfsfólk ekki í starfsmati	-0,050	-4,9%	0,01	***	2190
Starfsfólk í starfsmati - ekki tekið tillit til starfsmatsstiga	-0,030	-3,0%	0,01	***	2851
Starfsfólk í starfsmati - tekið tillit til starfsmatsstiga	0,000	0,0%	0,00	e.m.	2851
<b>Heildarlaun <sup>2)</sup></b>					
Allur hópurinn - ekki tekið tillit til starfsmatsstiga	-0,036	-3,5%	0,01	***	5041
Starfsfólk ekki í starfsmati	-0,048	-4,7%	0,01	***	2190
Starfsfólk í starfsmati - ekki tekið tillit til starfsmatsstiga	-0,029	-2,9%	0,01	***	2851
Starfsfólk í starfsmati - tekið tillit til starfsmatsstiga	-0,010	-1,0%	0,00	***	2851

Marktækur munur er á hópum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt.

<sup>1)</sup> Stýrt er fyrir aldur, starfsaldur, starfshlutfall, breytilegar og fastar yfirvinnustundir og vinnustundir utan venjulegs vinnutíma.

<sup>2)</sup> Stýrt er fyrir aldur, starfsaldur og starfshlutfall.

## Leiðréttur kynbundinn munur eftir sviðum

Í flestum aðhvarfsgreiningunum hér að framan voru áhrif sviðs á leiðréttan kynbundinn launamun ekki tekin út. Það er vegna þess að þótt laun karla og kvenna geti verið ólík eftir sviðum þá telst svið ekki málefnaleg skýribreyta á kynbundnum launamun. Til dæmis eiga karlar í sérfræðistarfi á einu sviði ekki að vera með hærri laun en konur í sambærilegu starfi á öðru sviði, og öfugt. Þetta virðist þó vera raunin því þegar sviði er bætt við aðhvarfsgreiningarlíkan heildarlauna hjá starfsfólki í 70% starfi eða meira þá lækkar leiðréttur kynbundinn launamunur úr 3,5% í 3,0%. Í tilfelli starfsfólks í fullu starfi fer launamunurinn úr 3,6% í 3,0%.

Í töflu 39 má sjá aðhvarfsgreiningar á heildarlaunum starfsfólks í 70% starfi eða meira á hverju sviði fyrir sig þar sem tekið er tillit til starfs, aldurs, starfsaldurs, starfshlutfalls, yfirvinnutíma og vinnutíma utan venjulegs vinnutíma. Leiðréttur kynbundinn launamunur er konum í óhag á öllum sviðum og einna mestur á menningar- og ferðamálasviði, eða um 6,3%, en einna minnstur á umhverfis- og skipulagssviði (0,4%) og skrifstofum Ráðhúss (0,7%). Þarna á milli eru velferðarsvið (2,5%), íþrótt- og tómstundasvið (3,5%) og skóla- og fristundasvið (3,7%).

Tafla 39. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum eftir sviði – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Skrifstofur Ráðhúss			Íþrótta- og tómstundasvið			Menningar- og ferðamálasvið			Skóla- og frístundasvið			Umhverfis- og skipulagssvið			Velferðarsvið		
	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt	Halla- tala	Staðal- villa	Mark- tækt
<b>Allt starfsfólk</b>																		
Fastli	12,342	0,20	***	12,523	0,12	***	11,726	0,28	***	12,296	0,03	***	12,256	0,15	***	12,365	0,05	***
<b>Kyn</b>																		
Karl=0, kona=1	-0,007	0,03	e.m.	-0,036	0,02	e.m.	-0,065	0,03	e.m.	-0,038	0,01	***	-0,004	0,02	e.m.	-0,025	0,01	*
<b>Starfsheiti <sup>1)</sup></b>																		
Sjómendur	0,677	0,04	***	0,341	0,03	***	0,547	0,04	***	0,467	0,01	***	0,364	0,04	***	0,389	0,01	***
Sérfræðingar	0,149	0,03	***	0,108	0,03	***	0,160	0,03	***	0,246	0,01	***	0,169	0,04	***	0,265	0,01	***
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	-0,023	0,03	e.m.	-0,036	0,03	e.m.	-0,073	0,04	e.m.	-0,061	0,01	***	-0,040	0,04	e.m.	0,044	0,01	**
Skrifstofufólk	-0,157	0,03	***	-	-	-	-0,228	0,06	**	-0,153	0,02	***	-0,183	0,14	e.m.	-0,142	0,02	***
Þjónustu-, sölu- og atgreiðslufólk	-0,252	0,05	***	0,019	0,01	**	-0,073	0,07	e.m.	-0,204	0,01	***	-0,007	0,07	e.m.	-0,210	0,01	***
Iðnabarmenn, vélgæslufólk og ósérhæðir	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<b>Aldur</b>																		
Aldur (í árum)	0,015	0,01	e.m.	0,000	0,00	**	0,044	0,01	**	0,014	0,00	***	0,023	0,01	***	0,016	0,00	***
Aldur <sup>2</sup>	0,000	0,00	e.m.	-0,001	0,00	e.m.	0,000	0,00	**	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***
<b>Starfsaldur</b>																		
Starfsaldur (í árum)	0,001	0,00	e.m.	0,000	0,00	**	0,000	0,00	e.m.	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***	0,001	0,00	***
Starfsaldur <sup>2</sup>	0,000	0,00	e.m.	-0,028	0,03	e.m.	0,000	0,00	e.m.	0,000	0,00	***	0,000	0,00	***	0,000	0,00	**
<b>Starfshlutfall</b>																		
Fullt starf	0,053	0,05	e.m.	0,007	0,00	***	0,032	0,03	e.m.	0,050	0,01	***	0,106	0,04	**	0,035	0,01	***
<b>Áhrif vinnutíma <sup>2)</sup></b>																		
Yfirvinnustundir	0,009	0,00	***	0,001	0,00	***	0,008	0,00	***	0,010	0,00	***	0,007	0,00	***	0,008	0,00	***
Vinnustundir utan venjulegs vinnutíma	0,002	0,00	**	0,000	0,00	***	0,000	0,00	e.m.	0,001	0,00	**	0,003	0,00	***	0,002	0,00	***
R <sup>2</sup> (Adjusted R <sup>2</sup> )	0,724 (0,708)			0,855 (0,842)			0,783 (0,755)			0,859 (0,858)			0,718 (0,707)			0,823 (0,821)		
Fjöldi	239			148			115			3086			348			1105		

## Leiðréttur kynbundinn munur eftir stéttarfélögum

Í töflu 40 má sjá uppreiknuð heildarlaun starfsmanna í 70-100% starfshlutfalli eftir þeim stéttarfélögum sem fólk er skráð í. Þess skal getið að í sumum tilfellum greiðir fólk í fleiri en eitt stéttarfélag, en í þeim tilfellum er fólk skráð í það stéttarfélag þar sem það annað hvort er í hærra starfshlutfalli eða með hærri launagreiðslur. Eins og sjá má voru uppreiknuð meðalheildarlaun hæst hjá Kjaranefnd en lægst hjá meðlimum Eflingar.

Í töflu 41 má svo sjá mun á uppreiknuðum heildarlaunum karla og kvenna í að minnsta kosti 70% starfshlutfalli. Að jafnaði voru konur með 7% lægri heildarlaun en karlar og voru konur með lægri heildarlaun en karlar í 15 af þeim 18 félögum þar sem samanburður var mögulegur. Mestur munur var í Félagi iðn- og tæknigreina, þar sem konur voru með 23% lægri heildarlaun en karlar, og í Sálfræðingafélagi Íslands, þar sem konur voru með 16% lægri heildarlaun en karlar. Í þessum félögum voru konur með hærri heildarlaun en karlar og mestu munaði innan Félagsráðgjafafélags Íslands þar sem karlar voru með 10% lægri laun en konur.



Tafla 40. Uppreiknuð heildarlaun eftir stéttarfélagum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Meðaltal	Neðri fjórðungs- mörk			Efri fjórðungs- mörk		Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
		Staðalfrávik	Miðgildi	Miðgildi	Miðgildi			
<b>Óktóber 2015</b>								
<b>Heild</b>	436.927 kr.	136.523 kr.	325.573 kr.	428.605 kr.	510.072 kr.	5906	437	
<b>Stéttarfélag</b>								
Kjaranefnd	900.620 kr.	143.573 kr.	808.328 kr.	868.305 kr.	953.303 kr.	59	901	
Tæknifræðingafélag Íslands	689.197 kr.	80.364 kr.	658.657 kr.	703.815 kr.	742.528 kr.	23	689	
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga (KVH)	627.558 kr.	100.229 kr.	556.254 kr.	616.533 kr.	680.452 kr.	52	628	
Skólastjórnarfélag Íslands	627.456 kr.	119.983 kr.	529.152 kr.	596.021 kr.	727.223 kr.	117	627	
Stéttarfélag lögfræðinga (SL)	626.013 kr.	140.280 kr.	541.886 kr.	625.705 kr.	731.240 kr.	29	626	
Sálfræðingafélag Íslands (SÍ)	600.932 kr.	124.512 kr.	513.630 kr.	553.085 kr.	649.094 kr.	44	601	
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	594.688 kr.	143.077 kr.	481.844 kr.	568.625 kr.	670.262 kr.	53	595	
Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)	592.314 kr.	103.477 kr.	538.901 kr.	589.295 kr.	641.783 kr.	54	592	
Félagsráðgjafafélag Íslands (FI)	573.387 kr.	102.253 kr.	513.518 kr.	541.509 kr.	588.871 kr.	110	573	
Fræðagarður (FRG)	538.542 kr.	93.058 kr.	463.186 kr.	527.265 kr.	606.598 kr.	45	539	
Félag stjórnenda leikskóla	534.219 kr.	77.884 kr.	463.760 kr.	521.926 kr.	595.049 kr.	142	534	
Félag grunnskólakennara	504.172 kr.	62.891 kr.	466.424 kr.	494.217 kr.	527.545 kr.	1188	504	
Þroskajálfélag Íslands (ÞÍ)	495.663 kr.	95.240 kr.	417.048 kr.	475.797 kr.	571.767 kr.	183	496	
Sjúkraliðafélag Íslands	463.783 kr.	96.461 kr.	385.417 kr.	458.527 kr.	520.737 kr.	108	464	
Félag iðn- og tæknigreina (ISFS)	451.701 kr.	112.906 kr.	400.645 kr.	437.156 kr.	450.433 kr.	21	452	
SFR Stéttarfélag í almennþjónustu	431.141 kr.	84.843 kr.	365.797 kr.	423.447 kr.	483.543 kr.	100	431	
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU)	418.091 kr.	49.750 kr.	393.238 kr.	407.858 kr.	426.772 kr.	31	418	
Félag leikskólakennara	403.625 kr.	53.510 kr.	357.675 kr.	405.800 kr.	441.396 kr.	469	404	
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	400.185 kr.	126.465 kr.	301.591 kr.	377.759 kr.	465.050 kr.	1774	400	
Efning, stéttarfélag	312.617 kr.	58.852 kr.	269.935 kr.	297.625 kr.	338.583 kr.	1208	313	
Önnur félög	541.788 kr.	118.345 kr.	447.500 kr.	542.019 kr.	601.985 kr.	96	542	

Tafla 41. Uppreiknuð heildarlaun karla og kvenna eftir stéttarfélagum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Karlar		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
<b>Óktóber 2015</b>					
<b>Heild</b>	463.160 kr.	1361	429.072 kr.	4545	93%
<b>Stéttarfélag</b>					
Kjaranefnd	945.421 kr.	25	867.678 kr.	34	92%
Tæknifræðingafélag Íslands	687.462 kr.	22	<5	<5	
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga (KVH)	623.343 kr.	23	630.901 kr.	29	101%
Skólastjórnarfélag Íslands	661.191 kr.	31	615.296 kr.	86	93%
Stéttarfélag lögfræðinga (SL)	627.412 kr.	11	625.158 kr.	18	100%
Sálfræðingafélag Íslands (SÍ)	678.414 kr.	12	571.876 kr.	32	84%
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga		<5	599.731 kr.	51	
Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)	609.981 kr.	24	578.180 kr.	30	95%
Félagsráðgjafafélag Íslands (FI)	522.828 kr.	6	576.304 kr.	104	110%
Fræðagarður (FRG)	567.986 kr.	17	520.665 kr.	28	92%
Félag stjórnenda leikskóla		<5	535.519 kr.	138	
Félag grunnskólakennara	516.849 kr.	199	501.621 kr.	989	97%
Þroskajálfélag Íslands (ÞÍ)	533.847 kr.	12	492.983 kr.	171	92%
Sjúkraliðafélag Íslands	525.630 kr.	6	460.145 kr.	102	88%
Félag iðn- og tæknigreina (ISFS)	525.243 kr.	8	406.444 kr.	13	77%
SFR Stéttarfélag í almennþjónustu	445.297 kr.	26	426.167 kr.	74	96%
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU)	424.425 kr.	5	416.873 kr.	26	98%
Félag leikskólakennara	374.360 kr.	23	405.135 kr.	446	108%
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	429.305 kr.	584	385.894 kr.	1190	90%
Efning, stéttarfélag	339.322 kr.	259	305.329 kr.	949	90%
Önnur félög	546.441 kr.	62	533.304 kr.	34	98%

Í töflu 42 eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar á leiðréttum kynbundnum launamun hjá þeim stéttarfélögum sem í var nægjanlegur fjöldi starfsmanna, og nægjanlegur fjöldi af hvoru kyni, til að geta gert aðhvarfsgreiningu. Þau félög sem tengjast BHM voru sett saman í hóp til að fá niðurstöður fyrir þann starfsmannahóp, en þess skal getið að mjög ólíkar starfsstéttir eru í þeim félögum. Þá var mismunandi hvað hægt var að taka tillit til margra áhrifaþátta eftir félögum. Til að mynda var ekki tekið tillit til starfaflokka í tilfalli Félags grunnskólakennara og Eflingar þar sem stærstur hluti þeirra félagsmanna er í sama ÍSTARF starfaflokki.

Almennt séð var mjög lítil leiðréttur kynbundinn launamunur innan þessara fjögurra stéttarfélag. Í tilfalli grunnlauna var hann mestur hjá meðlimum BHM, eða 3,1% konum í óhag, en nær enginn munur var innan Eflingar og Félags grunnskólakennara. Þegar litið er til heildarlauna var mestur leiðréttur kynbundinn launamunur innan Eflingar, eða 1,5% konum í óhag, en nær enginn munur var innan Félags grunnskólakennara og BHM.

**Tafla 42. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum skipt eftir stéttarfélögum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira**

	Grunnlaun				Heildarlaun				Fjöldi
	Hallatala	Hlutfallsmunur	Staðalvilla	Marktekt	Hallatala	Hlutfallsmunur	Staðalvilla	Marktekt	
<b>Október 2015</b>									
Stéttarfélag Reykjavíkurborgar <sup>1)</sup>	-0,016	-1,6%	0,01	*	-0,013	-1,3%	0,01	e.m.	1485
Efling stéttarfélag <sup>2)</sup>	0,004	0,0%	0,01	e.m.	-0,015	-1,5%	0,01	*	932
Félag grunnskólakennara <sup>3)</sup>	0,004	0,4%	0,01	e.m.	0,003	0,3%	0,01	e.m.	1073
BHM <sup>4)</sup>	-0,031	-3,1%	0,01	*	-0,002	-0,2%	0,01	e.m.	487

Marktektur munur er á hópum: \* $p \leq 0,05$ ; \*\* $p \leq 0,01$ ; \*\*\* $p \leq 0,001$ ; e.m. ekki marktækt.

<sup>1)</sup> Stýrt er fyrir starf, aldur, starfsaldur, starfshlutfall, breytilegar og fastar yfirvinnustundir og vinnustundir utan venjulegs vinnutíma.

<sup>2)</sup> Stýrt er fyrir aldur, starfsaldur, starfshlutfall, breytilegar og fastar yfirvinnustundir og vinnustundir utan venjulegs vinnutíma.

<sup>3)</sup> Stýrt er fyrir aldur, starfsaldur, starfshlutfall og breytilegar og fastar yfirvinnustundir.


<sup>4)</sup> Stýrt er fyrir hvort starfsmenn séu í stjórnunarstarfi eða ekki, aldur, starfsaldur, starfshlutfall, breytilegar og fastar yfirvinnustundir og vinnustundir utan venjulegs vinnutíma.

## Fyrri rannsóknir

Í október 2015 var gert yfirlit yfir rannsóknir á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg frá 1995 til 2012<sup>2</sup>. Árið 1995 höfðu konur rúmlega 21% lægri heildarlaun en karlar hjá Reykjavíkurborg eftir að tekið hafði verið tillit til starfaflokks, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma. Mikill munur var þá á launum karla og kvenna eftir málaflokkum (sviðum) og minnkaði kynbundinn launamunur í 14,4% þegar tillit var tekið til þess í hvaða málaflokki starfsfólk vann. Jafnt og þétt hefur dregið úr kynbundnum launamun og mun á milli sviða (málaflokka) síðustu tuttugu árin og hefur mestur

<sup>2</sup> Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (2013). Kynbundinn launamunur: Samantekt um kannanir Reykjavíkurborgar 1995-2012.

árangur náðst á síðustu 8 árumeða svo<sup>3</sup>. Litlar breytingar urðu á leiðréttum kynbundnum launamun heildarlauna á milli árana 2014 og 2015, en hann er sá sami þegar ekki er stýrt fyrir áhrifum sviðs (3,5%) en eykst lítillega þegar búið er að stýra fyrir áhrifum sviðs (sjá mynd 5). Þá breyttist leiðréttur kynbundinn launamunur grunnlauna einnig sáralítið. Árið 2014 var greint frá launamuninum að teknu tilliti til sviðs og þá var hann 2,0%, en sambærileg greining fyrir grunnlaun árið 2015 sýndi að konur voru með 2,3% lægri grunnlaun en karlar.



\*Upplýsingar um kynbundinn launamun að teknu tilliti til málaflokks árið 2009 eru ekki fyrirbyggjandi.

**Mynd 5. Þróun leiðréttis kynbundins munar heildarlauna hjá Reykjavíkurborg frá 1995**

<sup>3</sup> Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (2015). Greining á kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg 2013 og 2014.



## SAMANTEKT

Að bera saman laun karla og kvenna hjá Reykjavíkurborg er nokkuð snúið. Það er vegna þess að karlar og konur sinna mismunandi störfum, t.d. eru konur frekar í sérfræðingsstörfum en karlar á meðan karlar eru frekar í ósérhæfðum störfum en konur, á mismunandi sviðum og í mismiklu starfshlutfalli. Þetta gerir það meðal annars að verkum að meðalgrunnlaun kvenna eru að jafnaði hærri en meðalgrunnlaun karla, á meðan meðalheildarlaun karla eru hærri en meðalheildarlaun kvenna. Til að einfalda þessa samantekt verður aðallega horft til þess starfsfólks sem var í að minnsta kosti 70% starfshlutfalli í október 2015, en óútskýrður launamunur uppfærðra heildarlauna karla og kvenna er rösklega 34 þúsund krónur í þessum hópi, konum í óhag.

Til þess að greina óútskýrðan launamun kynjanna (mismunun) má greina ólík einkenni karla og kvenna og vægi þessara einkenna í launum þeirra. Aðhvarfsgreining leiddi í ljós að leiðréttur launamunur heildarlauna var 3,5% í október 2015 og í tilfelli grunnlauna var munurinn 3,1%. Það er, að jafnaði voru heildarlaun kvenna 3,5% lægri en laun karla þegar tillit var tekið til starfaflokks, aldurs, starfsaldurs, starfshlutfalls, fjölda fastra og breytilegra yfirvinnutíma og fjölda tíma utan venjulegs vinnutíma. Grunnlaun kvenna voru 3,1% lægri en karla þegar tillit var tekið til starfaflokks, aldurs, starfsaldurs og starfshlutfalls.

Samkvæmt þessu hefur leiðréttur kynbundinn launamunur litið breyst frá árinu 2014, en þá var hann einnig 3,5%. Sömu sögu er að segja um grunnlaun, þar jókst hann lítillega og er nú 3,1%. Árið 2014 var hann 2,0% þegar einnig var stýrt fyrir áhrifum sviðs, en sambærileg tala fyrir árið 2015 er 2,3% (ekki voru tiltækar tölur frá árinu 2014 um leiðréttan kynbundinn launamun án þess að stýrt væri fyrir áhrifum sviðs).

Þegar horft er til starfaflokka voru karlar í flestum tilfellum með hærri heildargreiðslur en konur, til dæmis um 50 þúsund krónur hærri heildarlaun meðal ósérhæfðs starfsfólks og um 95 þúsund krónur hærri meðal stjórnenda. Þegar stýrt var fyrir áhrifum annarra þátta kom í ljós að nær enginn leiðréttur kynbundinn launamunur heildarlauna var meðal sérfræðinga en umtalsverður munur var á heildarlaunum stjórnenda, eða rösklega 10% konum í óhag.

Eitt af því sem leiðir til launamunar eru ólíkar yfirvinnugreiðslur kynjanna. Þegar um breytilegar yfirvinnugreiðslur var að ræða fékk aðeins hærri hlutfall kvenna en karla slíkar greiðslur. Þetta átti við um nær alla starfaflokka, að undanskildum þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum og ósérhæfðum störfum þar sem hærri hlutfall karla fékk slíkar greiðslur. Af þeim sem fengu breytilegar yfirvinnugreiðslur þá fengu karlar hins vegar umtalsvert fleiri tíma greidda og þar af leiðandi umtalsvert hærri greiðslur. Álíka mynstur má sjá í föstum yfirvinnugreiðslum, þó að því undanskildu að meðal stjórnenda, sérfræðinga og tækna og sérmenntaðs starfsfólks fær hærri



hlutfall karla en kvenna slíkar greiðslur á meðan því er ófugt farið í tilfelli þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks auk skrifstofufólks. Karlar eru samt sem áður með töluvert fleiri klukkustundir og greiðslur fyrir fasta yfirvinnu. Til að mynda fá karlar í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum meira en tvöfalt hærra fastar yfirvinnugreiðslur en konur og meðal stjórnenda fá karlar að jafnaði um 142 þúsund krónur á meðan konur fá 97 þúsund krónur. Þar sem óvíst er um vinnuframlag í tilfelli fastra yfirvinnutíma var athugað hvað myndi gerast ef ekki væri stýrt fyrir áhrifum þeirra, en þá jókst hann upp í 8,4%. Ef gert er ráð fyrir að helmingur fastra yfirvinnutíma sé unninn er leiðréttur kynbundinn launamunur 5,4%. Til að geta greint betur hvort um mismunandi vinnuframlag eða hreina launauppbót er að ræða í tilfelli fastra yfirvinnugreiðslna þyrfti að hafa gögn um unnar vinnustundir, til dæmis úr stimpilklukkukerfi, en þær upplýsingar voru ekki tiltækar í þessum gögnum.

Töluvert hefur dregið úr akstursgreiðslum hjá Reykjavíkurborg og fengu um 4,8% starfsfólks annað hvort fastar akstursgreiðslur eða samkvæmt dagbók. Aðeins hærra hlutfall karla (5,3%) en kvenna (4,6%) fékk slíkar greiðslur og fengu karlar einnig örlítið hærra greiðslur.

Undir aðrar greiðslur féllu til dæmis álagsgreiðslur, eingreiðslur, uppbætur og fleira slíkt. Hærra hlutfall karla (83,4%) en kvenna (75%) fékk slíkar greiðslur og voru greiðslur karlanna umtalsvert hærra, eða um 37%. Þetta átti við um alla starfaflokk, að undanskildum tæknum og sérmenntuðu starfsfólki, og öll svið.

Að lokum má nefna áhrif starfsmatsstiga á kynbundinn launamun, en einungis hluti starfsmanna er kominn með starfsmatsstig. Í þeim hópi sem er með starfsmat er minni kynbundinn launamunur, bæði á grunn- og heildarlaunum (grunnlaun = 3,0%, heildarlaun = 2,9%), en í þeim hópi sem er ekki með starfsmatsstig (grunnlaun = 4,9%, heildarlaun = 4,7%), þótt ekki sé stýrt fyrir áhrifum starfsmatsstiga. Þegar stýrt er fyrir áhrifum starfsmatsstiga nær hverfur leiðréttur kynbundinn launamunur í þeim hópi. Það er því greinilegt að starfsmatsstig hafa töluverð áhrif til minnkunar á kynbundnum launamun. Þess skal þó getið að enn er kynbundinn munur í starfsmatsstigunum, það er konur eru að jafnaði með nærri 17 færri stigum en karlar að teknu tilliti til starfs, aldurs, starfsaldurs og starfshlutfalls. Þegar svo er háttað er hætta á að kynbundinn launamunur sé skýrður burt á ómálefnalegan hátt, eða að hann sé festur í sessi í gegnum kynbundinn mun í starfsmatskerfinu sjálfu.

Litlar breytingar hafa orðið á kynbundnum launamun frá árinu 2014. Það eru nokkuð góðar niðurstöður því oft eykst kynbundinn launamunur á penslutímum. Þær aðgerðir sem farið var í milli ára 2014 og 2015 hafa skilað því að nær enginn kynbundinn launamunur greinist meðal sérfræðinga. Það sem helst þyrfti að skoða í áframhaldinu er sá kynbundni munur sem er á starfsmatsstigum og að greina betur hvaða vinnuframlag er á bak við þær ólíku greiðslur sem karlar og konur fá í formi fastrar yfirvinnu.